



Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg

Þróunarverkefni skólaárið 2016–2017

Lokaskýrsla

Rúnar Sigþórsson
ásamt þróunarstjórnnum

Leikskólans Álfheima
Leikskólans Árbæjar
Leikskólans Brimvers-Æskukots
Leikskólans Hulduheima
Leikskólans Jötunheima
Barnaskólans á Eyrarbakka og
Stokkseyri
Sunnulækjarskóla
Vallaskóla
Fjölbrautaskóla Suðurlands

Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg

Þróunarverkefni skólaárið 2016–2017

Lokaskýrsla

Rúnar Sigþórsson ásamt þróunarstjórnnum

Leikskólans Álfheima

Leikskólans Árbæjar

Leikskólans Brimvers-Æskukots

Leikskólans Hulduheima

Leikskólans Jötunheima

Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Sunnulækjarskóla

Vallaskóla

Fjölbrautaskóla Suðurlands

Sveitarfélagið Árborg

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Ágúst 2017

Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg - Þróunarverkefni skólaárið 2016–2017: Lokaskýrsla

© Rúnar Sigþórsson og þróunarstjórnir þáttökuskóla

Ljósmynd á forsíðu © Rúnar Sigþórsson

Efnisyfirlit

Töflur	5
Inngangur og yfirlit um stöðu verkþátta	6
1. Forsendur, markmið, stjórnun og skipulag.....	8
2.1 Markmið og áætlaður afrakstur verkefnisins	8
2.2 Fræðilegt sjónarhorn	9
2.3 Skipulag og stjórnun verkefnisins	11
2.4. Starfsþróunardagar og framvinda verkefnis	12
2. Greinargerðir þáttökuskóla	14
2.1 Leikskólinn Álfheimar	14
Skipulag og framvinda	14
Markmið og forgangsverkefni	15
Mat á forgangsverkefnum	16
Samantekt og lokaorð	16
2.2 Leikskólinn Árbær.....	17
Skipulag og framvinda	17
Markmið og forgangsverkefni	17
Mat á verkefninu	18
Samantekt og lokaorð	19
2.3 Leikskólinn Brimver-Æskukot	19
Skipulag og framvinda	19
Markmið og forgangsverkefni	20
Framtíðarsýn	21
Samantekt og lokaorð	22
2.4 Leikskólinn Hulduheimar	22
Skipulag og framvinda	22
Markmið og forgangsverkefni	22
Mat á árangri	23
Lokaorð.....	24
2.5 Leikskólinn Jötunheimar.....	24
Skipulag og framvinda	25
Markmið og forgangsverkefni	25
Mat á árangri	26
Samantekt og lokaorð	26

2.6 Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	27
Skipulag og framvinda	27
Samantekt og lokaorð þróunarstjórnar.....	28
2.7 Sunnulækjarskóli	28
Skipulag og framvinda	28
Markmið og forgangsverkefni	29
Mat á árangri og stöðu forgangsverkefna	30
Samantekt og lokaorð	31
2.8 Vallaskóli.....	31
Skipulag og framvinda	32
Lokaorð.....	32
2.9 Fjölbrautaskóli Suðurlands	33
3. Samantekt og mat verkefnisstjóra	35
3.1 Leikskólar	35
Þróunarstjórnir og skipulag vinnunnar	35
Forgangsverkefni og framvinda	35
Mat þróunarstjórna	36
3.2 Grunnskólar	37
Þróunarstjórnir og skipulag vinnunnar.....	37
Forgangsverkefni, framvinda og mat þróunarstjórna	37
3.3 Fjölbrautaskóli Suðurlands	38
4. Lokaorð verkefnisstjóra	39
Heimildaskrá.....	41
Fylgiskjöl	43

Töflur

Tafla 1. Verkþættir og staða þeirra

Tafla 2. Yfirlit um starfsþróunarfundi

Tafla 3. Forgangsverkefni Sunnulækjarskóla

Tafla 4. Mat á stöðu forgangsverkefna Sunnulækjarskóla 5. apríl 2017

Tafla 5. Helstu forgangsverkefni leikskólanna

Inngangur og yfirlit um stöðu verkþátta

Í þessari lokaskýrslu er gerð grein fyrir mati á þróunarverkefninu *Mat á mörkum skólastiga í Árborg*, en verkefnið var styrkt af Sprotasjóði skólaárið 2016–2017. Þátttakendur í verkefninu voru leikskólar¹ og grunnskólar² í Sveitarfélaginu Árborg, ásamt Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi (FSu). Að loknum inngangi og samantekt um stöðu helstu verkþátta skiptist skýrslan í þrjú kafla: Í fyrsta kafla eru rifjuð upp markmið verkefnisins eins og þau voru sett fram í umsókninni; því næst er greint frá kennslufræðilegum forsendum verkefnisins; þá fjallað um stjórnun og skipulag verkefnisins og loks er yfirlit um efni fræðslufunda sem haldnir voru með þátttakendum. Í öðrum kafla skýrslunnar eru skýrslur þátttökuskóla. Þar er gerð fyrir forgangsverkefnum hvers skóla og mati þróunarstjórna á stöðu og árangri þeirra. Í þriðja og síðasta kafla skýrslunnar er samantekt og heildarmat verkefnisstjóra.

Í umsókn til Sprotasjóðs um styrk til verkefnisins var því skipti í níu verkþætti. Verkþættirnir og staða þeirra við lok skólaársins 2016–2017 er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Verkþættir og staða þeirra

Verkþættir	Staða
Skipulag og stjórnun verkefnisins	<p>Í október hafði stýrihópur verið myndaður, þróunarstjórnir tekið til starfa í öllum skólunum og þeim verið sett erindisbréf (fylgiskjal 1). Segja má að þessi hópur hafi verið birtingarmynd mikilvægrar forystu fræðsluviðs Árborgar um verkefnið. Í umsókn var gert ráð fyrir að þessu yrði lokið í maí 2016 og þessi dráttur tók tíma frá mótun verkefnisins sjálfs á upphafsdögum þess. Miðað við þessa stöðu var þriggja tíma fræðslufundur í ágúst allt of stuttur tími til að koma verkefninu af stað og skapa sameiginlegan skilning skólanna á því.</p> <p>Verkefnisstjóri hélt tíu fundi með stýrihópi verkefnisins. Hann hélt Skype-fundi með öllum þróunarstjórnnum í nóvember 2016 og heimsótti alla skólana í febrúar 2017.</p> <p>Starf þróunarstjórna og teymisvinna kennara um einstök forgangsverkefni reyndist vel, einkum er mat leikskólanna á því skipulagi jákvætt.</p>
Staða námsmats í þátttökuskólunum; markmið þróunarstarfsins og forgangsverkefni skóla.	<p>Á haustdögum unnu allir skólar að því að greina stöðu námsmats í upphafi verkefnisins og fengu til þess leiðbeiningar á fræðslufundi með þróunarstjórnnum 8. september 2016 (fylgiskjöl 2 og 3). Allir skólarnir mótuðu forgangsverkefni af einhverju tagi sem fólu í sér markmið þróunarstarfsins. Þau voru skýr í öllum leikskólunum og einum grunnskólanna en afmörkun þeirra óljósari í tveimur grunnskólanna og FSu.</p>
Starfsþróunardagar	<p>Starfsþróunardagar voru haldnir samkvæmt áætlun með kennurum og þróunarstjórn leikskóla. Fræðslufundur fyrir kennara og þróunarstjórnir grunnskóla sem halda átti 17. nóvember 2016, samhliða fræðslufundi fyrir leikskóla, féll niður vegna kjaraaðgerða grunnskólakennara (sjá kafla 2.4 og töflu 2). Þar sem verkefnisstjóri var mættur á staðinn var haldinn óformlegur spjallfundur með nokkrum kennurum, þroskaþjálfum og skólastjórnendum. Fundur með kennurum og þróunarstjórnnum grunnskóla, sem var á dagskrá 2. janúar 2017 samhliða fundi með starfsfólki leikskóla, var einnig felldur niður. Dagurinn var starfsdagur í grunnskólum og þeir ákváðu að nota tímann til funda hver fyrir sig. Kennarar og þróunarstjórnir grunnskóla fengu því einungis hluta þeirrar starfsþróunardagskrár sem lagt var upp með í verkefninu.</p>

¹ Skólarnir voru: Álftheimar, Árbær, Brimver-Æskukot, Hulduheimar og Jötunheimar.

² Skólarnir voru: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli.

Áfangaskýrsla	Áfangaskýrsla var skrifuð um miðjan febrúar sem greinandi minnisblað verkefnisstjóra og stýrihóps.
Námsmat á mörkum leikskóla og grunnskóla og grunnskóla og framhaldsskóla	<p>Verkefnishópur um samfellu leikskóla og grunnskóla hefur verið starfandi í Árborg um tíma. Fyrirliggjandi verklag var rætt í samtölum verkefnisstjóra við þróunarstjórnir leikskólanna og fram kom að endurskoða mætti eitt og annað í vinnuferlinu eins og það er. Ekki var þó sett af stað vinna við þetta í verkefninu. Viðfangsefnið (einkum samfellan í starfi grunnskóla og framhaldsskóla) var sett formlega á dagskrá fræðslufundar 10. febrúar (tafla 2) og þar var rætt um mögulegt vinnuferli til að vinna áfram að þessu viðfangsefni. Afrakstur af þessu markmiði verkefnisins er því ekki áþreifanlegur en ljóst að málið er með skýrari hætti á dagskrá en það var áður.</p> <p>Óhætt er að fullyrða að sameiginlegir fundir stjórnenda og kennara af skólastigunum þremur, til dæmis sameiginleg vinna þróunarstjórnanna á fræðslufundum, eflði tengslanet skólanna og stuðlaði þannig að eflingu lærdómssamfélags skólanna í sveitarfélaginu.</p>
Námsmatsstefna skóla og Sveitarfélagsins Árborgar	Skráð stefna liggur ekki fyrir, umfram það sem er í skólastefnu Árborgar, en þess má vænta að forgangsverkefni skólanna verði hluti af verklagi þeirra við námsmat. Vinna grunnskólanna við skráningu hæfniviðmiða í Mentor er sömuleiðis hluti af skráðum afrakstri af forgangsverkefnum þeirra. Verkefnið hefur ekki, að svo komnu máli, leitt til breytinga á því sem segir um námsmat í skólastefnu Sveitarfélagsins Árborgar.
Mat á árangri	Skýrslur frá öllum þátttökuskólum liggja fyrir og efni þeirra er dregið saman í 3. kafla skýrslunnar. Í öllum leikskólunum var sjónum beint, með einum eða öðrum hætti, að þeim námsmatstækjum sem þegar eru notuð í skólunum og sett það markmið að ná ná utan um það námsmat sem þegar er til staðar og gera það – og ekki síst hagnýtingu þess í leiðsagnarskyni – markvissari. Önnur forgangsverkefni leikskólanna voru margvísleg. Mat þróunarstjórna leikskólanna á árangri þessara verkefna er jákvætt og stutt ýmiss konar gögnum sem vísað er til í fylgiskjölum. Einn grunnskólanna setti sér forgangsverkefni sem svöruðu vel til markmiða heildarverkefnisins um samfléttun námsmats og kennslu. Í hinum tveimur var vinnunni beint að gerð námsmatskvarða til að skrá í Mentor en fá gögn eru frá þróunarstjórnunum þeirra um skipulega þróun leiðsagnarmats sem hluta af kennslu.
Sýning og ráðstefna um afrakstur verkefnis	Þar sem styrkur til verkefnisins var lægri en sótt var um var þessi verkþáttur felldur niður. Umfjöllun um verkefnið verður hins vegar á dagskrá á skóladegi Árborgar 2018.
Lokaskýrsla	Skilað í ágúst 2017

1. Forsendur, markmið, stjórnun og skipulag

Í þessum hluta skýrslunnar er greint frá markmiðum, áætluðum afrakstri verkefnisins og fræðilegu sjónarhorni eins og þessum þáttum er lýst í umsókn til Sprotasjóðs. Því næst er lýst því stjórnskipulagi sem mótað var til að reka verkefnið og loks gerð grein fyrir fræðslufundum og viðfangsefnum þeirra.

2.1 Markmið og áætlaður afrakstur verkefnisins

Í þessum kafla er greint frá markmiðum og áætlunum afrakstri verkefnisins *Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg* eins og hvoru tveggja er lýst í umsókn fræðslusviðs Árborgar til Sprotasjóðs. Yfirmarkmið verkefnisins var að styrkja námsmat í þátttökuskólunum og á mörkum skólastiga með það að meginmarkmiði að bæta námsaðstæður, nám og árangur nemenda í víðasta skilningi og auðvelda færslu þeirra (e. transition) milli skólastiga. Sem leið að þessu markmiði var stefnt að því að efla þekkingu og hæfni kennara á sviði námsmats og samspils kennslu, náms og námsmats og stuðla að hæfni skólanna til varanlegra breytinga á þessu sviði; nánar tiltekið að

1. samræma skilning og útfærslu skólastiganna þriggja á ákvæðum Aðalnámskrár um mat á hæfni og um framsetningu námsmats,
2. auka samfellu og samkvæmni í námsmati milli skólastiga með það fyrir augum að auðvelda nemendum að flytjast milli skólastiga,
3. þróa leiðir sem farnar eru í þátttökuskólunum til að komast að þeim niðurstöðum um kunnáttu, leikni og hæfni nemenda sem miðlað er til nemenda, foreldra og næsta skólastigs þannig að þær séu allaf eins réttmætar, áreiðanlegar og sanngjarnar og kostur er,
4. þróa leiðir til þess að námsmat í skólunum sem hlut eiga að máli gegni leiðsagnarhlutverki sínu sem best, þannig að það sé raunverulega nemendum til leiðsagnar í náminu og hjálpi hverjum og einum að ná árangri á sínum forsendum,
5. vinna með samhengi námsmats og tilhögunar kennslu og náms og nýta leiðsagnarmat til að auka gæði náms nemenda,
6. efla starfsþróun kennara á sviði námsmats og efla starfshætti lærdómssamfélags innan skóla til að styðja við starfsþróun kennara.

Áætluðum afrakstri verkefnisins var lýst með hliðsjón af þeim þremur meginþáttunum:

1. Námsmati og tilhögun kennslu.
2. Starfsþróun kennara og þróun skólamenningar í átt til lærdómssamfélaga.
3. Samfeldri leið nemenda í gegnum skólastigin þrjú: leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Á sviði námsmats og tilhögunar kennslu var áætlaður árangur að nemendur búi við fjölbreytt leiðsagnarmiðað námsmat sem tekur til allrar hæfni sem skilgreind er í *Aðalnámskrá leikskóla (2011)*, *Aðalnámskrá grunnskóla (2013)* og *Aðalnámskrá framhaldsskóla (2012)* styður nám nemenda og miðar að því að skapa námsaðstæður þar sem leiðsagnarmat þrífst. Að sama skapi að gera lokamat réttmætt, áreiðanlegt og gegnsætt þannig að hvorki nemendur, foreldrar né viðtökuskólar séu í vafa um merkingu vitnisburða og hvernig upplýsinga er aflað. Námsmat með ofangreind einkenni er til þess fallið að auka meðvitund nemenda um eigið nám og markmið þess. Einnig að auka þátttöku nemenda í námsmati (sjálfsmat) og þar með aðild þeirra að ákvörðunum um eigið nám og auka möguleika kennara til að laga nám að misjöfnum þörfum nemenda. Þróun námsmats í þessa veru mun einnig styrkja samstarf heimila og skóla og gera upplýsingagjöf til foreldra / forráðamanna nákvæmari og gegnsærri. Samstilling skólastiganna mun koma fram í:

- sameiginlegri útfærslu skólanna á því hæfnimiðaða námsmati sem aðalnámskrá mælir fyrir um og birtingu niðurstaðna þess,
- sameiginlegum skilningi á því sem felst í þeim einkunnum (hvort heldur er í tölum eða bókstöfum) sem gefnar eru,
- sameiginlegum skilningi og samræmi varðandi þá starfshætti sem þurfa að liggja að baki niðurstöðum námsmats og sameiginlegum skilningi á tilgangi námsmats.

Með slíkri samstillingu verður leitast við að draga úr skilum í námi á mörkum skólastiganna og auka öryggi nemenda. Einnig að draga úr kvíða sem getur fylgt tilfærslu milli skólastiga, auka þar með gæði náms og vinna gegn brottfalli úr framhaldsskóla.

Á sviði starfsþróunar kennara og þróunar skólamenningar í átt til lærdómssamfélaga var áætlaður afrakstur verkefnisins starfsþróun sem myndi leiða til aukinnar þekkingar

- á námsmati, bæði lokamati og leiðsagnarmati,
- á skilvirkum aðferðum við hvort tveggja þar sem litið er á kennslutilhögun kennara, nám nemenda og námsmat (bæði mat kennara og sjálfsmat nemenda) sem eina órjúfanlega heild,
- fyrir skólana sem menntastofnanir og skólastarf í sveitarfélaginu er áætlaður afrakstur verkefnisins þróun skólamenningar lærdómssamfélaga þar sem verkefnið mun meðal annars leitast við að laða fram sameiginlega sýn og gildismat þátttakenda í hverjum skóla, efla forystu sem afl í skólasamfélagi hvers skóla og byggjast á samvinnu, teymisvinnu og samábyrgð þátttakenda,
- verkefnið mun enn fremur efla tengslanet og samvinnu skólanna, styrkja forystuhlutverk fræðsluviðs Árborgar og efla samstarf um áframhaldandi umbótastarf og þekkingarsköpun. Fyrir skóla utan Sveitarfélagsins Árborgar, ekki síst á upptökusvæði Fjölbrautarskóla Suðurlands, getur verkefnið og afrakstur þess nýst sem fyrirmynd.

Á sviði samfelldrar leiðar nemenda í gegnum skólastigin felst árangur að mestu leyti í því sem þegar segir í lið 1. Að auki mun verkefnið efla almennt samstarf milli skólastiganna og þetta tengslanet þeirra. Það mun auðvelda miðlun upplýsinga og auka skilning nemenda, foreldra, kennara og stjórnenda á námsmati. Svo og á námi og námsmati á öllum skólastigum, auka þekkingu þeirra á matstækjum, viðmiðum, námskrám og auka öryggi við móttöku nemenda. Sú mótun sameiginlegrar sýnar og samfellu í starfi skólastiganna á sviði námsmats og kennslu sem felst í verkefninu mun auðvelda sveitarfélaginu að endurskoða gildandi skólastefnu Sveitarfélagsins Árborgar.

2.2 Fræðilegt sjónarhorn

Námsmat er eitt af brýnustu viðfangsefnum í skólastarfi. Í nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013) er mælt fyrir um umtalsverðar breytingar á því hvernig staðið er að námsmati og hvernig það er sett fram. Meðal annars er lögð þung áhersla á leiðsagnarmat og áhersla námskrárinnar á hæfni kallar á breytta hugsun um námsmat. Námskráin mælir skýrt fyrir um leiðsagnarmat, eins og fyrri námskrár hafa reyndar gert, en leggur þyngrri áherslu á sjálfsmat nemenda en fyrri námskrár. Í námskránni er enn fremur mælt fyrir um róttæka breytingu á framsetningu námsmats í grunnskólum, í bókstöfum í stað talnakvarða. Þetta hefur ekki síst áhrif á framsetningu námsmats við lok grunnskóla og inntöku framhaldsskóla. Mikilvægt er að efla samtal skólastiganna um þetta, gagnkvæman skilning og samræmda túlkun á hvað stendur á bak við nýjan einkunnakvarða. Breytingin er einnig fólgin í breyttri áherslu á mat á hæfni í víðum skilningi í stað þekkingar í þröngum skilningi. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) og framhaldsskóla (2012) eru einnig ákvæði um námsmat. Þar er ekki mælt fyrir um jafn stórtækar breytingar og *Aðalnámskrá grunnskóla* en eins og þar, er lögð áhersla á leiðsagnarmat, að námsmat taki til allra þátta náms, sé fjölbreytt, réttmætt, áreiðanlegt og sanngjarnt og framsetning

niðurstaðna skýr. *Aðalnámskrá leikskóla* var enn fremur fylgt eftir með *Þemahefti um námsmat í leikskólum* sem Mennta og menningarmálaráðuneytið gaf út (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013).

Nám og námsmat eru tvær hliðar á sama peningi og verða ekki aðskilin (Shepard, 2000). Shepard (2000) og Clarke (2003, 2005) lýsa þessu samspili náms og námsmats sem námsmenningu (e. learning culture) sem einkennist af 1) námskenningum félagslegrar hugsmíðahyggju, 2) námi án aðgreiningar og 3) leiðsagnarmiðuðu námsmati. Félagssleg hugsmíðahyggja vísar til þeirra hugmynda að félagsleg samskipti hafi áhrif á vitsmunaproska einstaklinga, að nám sé félagsleg athöfn og samvinna og samstarf gegnir þar lykilhlutverki og hugmyndir um djúpnám einkennast af því að kafa undir yfirborðið til að öðlast skilning og komast að merkingu hlutanna. Það kallar á virkni, úrvinnslu og hugsmíðar þar sem spurt er spurninga, leitað skilnings og fjallað um efni á gagnrýninn hátt (McGregor, 2007). Í öðru lagi eru þær byggðar á nýrri sýn á námskrá sem byggð er á námi án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga að geta menntast á árangursríkan hátt svo framarlega sem þeim eru búin skilyrði sem hæfa þörfum þeirra. Námi án aðgreiningar má lýsa sem

ferli sem fléttar saman endurbótum á almennri kennslu og sérkennslu til að þróa opinbert menntakerfi fyrir öll börn og unglinga þar sem þau geta tekið virkan þátt í skólasamfélaginu; kerfi sem lítur á fjölbreytileika sem norm og sem heldur uppi gæðamenntun fyrir hvern nemanda með því að tryggja merkingarbæra námskrá, skilvirka kennslu og nauðsynlegan stuðning (Ferguson, 1995).

Þriðji meginþátturinn í líkani Shepard er leiðsagnarmiðað námsmat sem er órjúfanlega tengt öðrum þáttum náms og kennslu með stöðugri viðleitni til að meta alla þætti náms og gera nemendur að virkum þátttakendum í matinu. Wiliam (2011, 2016) lýsir leiðsagnarmati sem hluta af heildarsýn á kennslu og nám og telur það samofið því að gera slíka sýn að raunveruleika. Það felur í sér að gera námsmarkmið sýnileg og skiljanleg nemendum. Það miðar að því að hjálpa nemendum að átta sig á hæfni sem þeir eiga að ná og felur þannig í sér sjálfsmat nemenda – og virka þátttöku nemenda í eigin námi og ákvörðunum um það – og hjálpar þeim þannig að skilja hvernig þeir geta bætt sig. Leiðsagnarmat er byggt á þeirri sannfæringu að allir nemendur geti lært og tekið framförum og einn af burðarásum þess er greinandi og uppbyggileg endurgjöf sem hjálpar þeim að átta sig hvaða skref þeir þurfa að stíga næst í náminu og hvernig. Leiðsagnarmat hefur þannig tengsl námsmats við ýmiss konar námshæfni nemenda, sem meðal annars kemur fram í námsáhuga, trú á eigin getu, námsvitund (e. metacognition) og hæfni til djúpnáms (Harlen, og Deakin Crick, 2003; Rúnar Sigbórsson, 2012). Rannsóknir hafa sýnt að leiðsagnarmat hefur jákvæð áhrif á námsárangur, ekki síst þeirra sem standa höllum fæti (Black og Wiliam, 1998; Wiliam, 2011, 2016). Þróun leiðsagnarmats ætti þess vegna auðvelda námsaðlögun og nám án aðgreiningar sem er einn af hornsteinum íslenskrar skólustefnu.

Loks má nefna að sjálfsmat nemenda er ein af færum leiðum til að auka þátttöku nemenda og ákvörðunum um eigið nám en nýjar íslenskar rannsóknir benda til að nemendapátttaka og sjálfræði nemenda sé lítið í íslenskum skólum og fari jafnvel minnkandi eftir því sem ofar dregur í skólastigin (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Þóra Björk Jónsdóttir og Rúnar Sigbórsson, 2013). Nemendapátttaka hefur einnig verið tengd við skuldbindingu (e. engagement) nemenda sem lykilhugtak í umræðunni um brotthvarf úr framhaldsskólum (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2015).

Skilgreining Shepard og Clarke á námsmenningu ber með sér að þættir hennar séu samofnir og ekki er hægt að þróa einn þátt án samhengis við aðra. Það er því er útilokað að hægt sé að líta á námsmat sem einangrað fyrirbæri í skólastarfi og breyta framkvæmd þess og framsetningu án þess að endur-

skoða um leið starfshætti skólans á hinum sviðunum tveimur. Á sama hátt er óhugsandi að endurskoða starf skóla, til dæmis á sviði námsaðlögunar eða náms án aðgreiningar, án þess að um leið sé hugað að því hvernig námið er metið.

Starfsþróun kennara á sviði leiðsagnarmats ætti þess vegna að ná yfir allt skipulag kennslu, á kennslu-tilhögun og verða kennurum til hjálpar við starf í anda *Aðalnámskrár*. Starfsþróun og faglegt nám kennara verður ekki skilin frá öðrum innviðum lærdómssamfélaga (Fullan og Hargreaves, 2016). Breytingar á skólastarfi taka langan tíma og engar breytingar verða varanlegar nema þær séu teknar í fóstur af lærdómssamfélagi þar sem þeim er tryggt brautargengi í nægilega langan tíma til að verða hluti af starfsmenningu skóla. Þess vegna er sú áhersla sem lögð er á lærdómssamfélög í þróunarstarfi nauðsynleg til þess að tryggja framgang þess.

Námshæfni nemenda er hluti af þeirri lykilhæfni sem að er stefnt á öllum skólastigum og meðal þess sem talið er að stuðli að áreynslulausri tilfærslu nemenda milli skólastiga (Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigbórsson, 2012a; Þuríður Hallgrímsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2012). Þegar börn og ungmenni fara yfir mörk skólastiga verða þáttaskil í skólagöngunni sem fela í sér breytingaferli sem þau þurfa að fara í gegnum. Breytingin getur verið mismikil, allt frá því að vera óveruleg þar sem samfella er mjög mikil, til þess að vera mjög mikil þannig að rof verður á skólagöngunni (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Rannsóknir hafa sýnt (sjá t.d. Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigbórsson, 2012a,b) að þessi þáttaskil reynist nemendum oft erfið og það hefur meðal annars verið tengt við brotthvarf úr framhaldsskólum. Áhersla á námsmat á skilum skólastiga og þar með kennsluhætti getur auðveldað nemendum að flytjast milli skólastiga og hvað framhaldsskólann varðar, auðveldað þeim að ná tókum á starfsháttum á nýju skólastigi og dregið úr hættu á brotthvarfi.

Hér er þess þó að gæta að brotthvarf úr framhaldsskóla á sér alla jafna langan aðdraganda. Þeir nemendur sem falla brott eiga það flestir sammerkt að skólinn höfðar ekki til þeirra, þeir taka lítinn þátt í námi og félagslífi, skortir metnað og framtíðarsýn, sjá ekki tilgang með náminu og samsama sig ekki skólanum og verða smám saman afhuga námi og skóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2015). Brotthvarfið er endir á löngu ferli sem hefst oftast nær í grunnskólanum enda hefur námsárangur á samræmdum prófum í 10. bekk grunnskóla sterkt forspárgildi um hvort nemendur ljúka framhaldsskólanámi fyrir 24 ára aldur (sama heimild). Það er því ósanngjarnt, og í rauninni fráleitt, að framhaldsskólinn sitji einn uppi með brotthvarfsumræðuna og vandann sem fylgir brotthvarfi nemenda.

Verkefnið *Námsmat á mörkum skólastiga* er skýrt dæmi um samstarf fræðslufyrivalda og skóla um skólaumbætur. Rannsóknir á skólaþróun benda til mikilvægis svæðisbundinnar forystu um umbóta- starf og stuðnings fræðslufyrivalda í héraði við umbótastarf (Fullan og Quinn, 2016). Fyrirhuguð umgjörð þessa verkefnis er dæmi um öfluga forystu fræðsluviðs/skólaþjónustu sveitarfélags og stuðning þess við þróunarstarf. Þessi umgjörð er líkleg til að stuðla að brautargengi verkefnisins.

2.3 Skipulag og stjórnun verkefnisins

Í samræmi við verkþáttinn *Skipulag og stjórnun verkefnisins* (sjá umsókn) var stofnaður fjögurra manna stýrihópur sem vann með verkefnisstjóra. Í honum áttu sæti ásamt verkefnisstjóra: Birgir Edwald, skólastjóri Sunnulækjarskóla, Kristín Eiríksdóttir, skólastjóri leikskólans Árbæjar, Olga Lísu Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautarskóla Suðurlands og Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri. Enda þótt þessi hópur gegndi ekki miklu formlegu hlutverki var hann engu að síður nokkurs konar

samnefni fyrir verkefnið og mikilvæg birtingarmynd forystu fræðsluviðs Árborgar um það. Stýrihópurinn hélt tíu fundi, ýmist á Skype eða í tengslum við heimsóknir verkefnisstjóra til Árborgar.

Í hverjum skóla var sett á laggirnar þróunarstjórn í samræmi við tillögu verkefnisstjóra þar um. Í hverri þróunarstjórn sátu þrjú til átta fulltrúar og var lögð áhersla á að skólastjóri eða staðgengill hans sætu þar en að öðru leyti dreifðust forystuhlutverk fulltrúa í þróunarstjórninni á starfseiningar (t.d. deildir eða stig) skólanna. Hver þróunarstjórn skipaði tengilið við verkefnisstjóra og stýrihóp. Þróunarstjórnnum var sett erindisbréf. Tillaga um það lá fyrir fyrsta fundi verkefnisstjóra með þróunarstjórnnum 8. september og var rædd þar og samþykkt (fylgiskjal 1).

Verkefnisstjóri lagði frá upphafi áherslu á að í hverjum skóla þyrfti að setja markmið um útfærslu skólans á meginmarkmiðum verkefnisins (sjá kafla 2.1) sem starfsmannahópurinn væri sammála um að vinna að, afmarka raunhæf forgangsverkefni sem miðuðu að þessum markmiðum og gera framkvæmdaráætlanir fyrir hvert forgangsverkefni. Hann lagði enn fremur áherslu á teymisvinnu kennara í hverjum skóla sem grunnskipulag við að vinna að forgangsverkefnum skólans. Mikilvægasta viðfangsefni þróunarstjórna í upphafi vetrar var að leiða þessa vinnu og koma henni á rekspöl sem fyrst þannig að skólaárið nýttist sem best (sjá töflu 2 (efni fræðslufunda 8. og 13. október) og fylgiskjöl 1 og 2).

Á upphafsdögum verkefnisins var settur upp sameiginlegur póstlisti fyrir þróunarstjórnir skólanna og búið til gagnasvæði fyrir verkefnið á *Google Drive* sem er opið öllum kennurum og stjórnendum skólanna. Á gagnasvæðinu var meðal annars mappa fyrir hvern skóla þar sem skólarnir settu inn ýmiss konar gögn, svo sem fundargerðir þróunarstjórna og gögn um viðfangsefni þróunarstarfsins. Enn fremur voru fundargerðir stýrihópsins settar á svæðið, og gögn sem verkefnisstjóri lagði til svo sem lesefni, afrit af glærum með fyrirlesturum á fræðslufundum og umræðuverkefni sem notuð voru á fundunum.

2.4. Starfsþróunardagar og framvinda verkefnis

Starfsþróunarfundir sem haldnir voru með þátttakendum voru ýmist verið ætlaðir öllum kennurum og stjórnendum í þátttökuskólunum, kennurum og stjórnendum á ákveðnu skólastigi eða þróunarstjórnnum sérstaklega. Í töflu 2 er yfirlit um þá fundi sem haldnir voru.

Hér verður að geta þess að eftirfarandi fundir sem fyrirhugaðir voru með grunnskólum féllu niður:

1. Sautjándi nóvember (samhliða fundi með leikskólum) var fyrirhugaður þriggja tíma fundur með kennurum, stjórnendum og þróunarstjórnnum grunnskólanna. Á dagskrá var áframhaldandi fræðsla um grunnþætti leiðsagnarmats og leiðir við útfærslu þess. Fundurinn féll niður vegna kjaraaðgerða grunnskólakennara. Hins vegar var haldinn óformlegur spjallfundur með nokkrum kennurum, þroskaþjálfum og skólastjórnendum.
2. Annan janúar var fundur um sama efni áformaður með kennurum og þróunarstjórnnum grunnskóla, samhliða fundi með starfsfólki leikskóla. Dagurinn var starfsdagur í grunnskólum og ákveðið að þeir nýttu hann hver fyrir sig í stað sameiginlegs fundar.
3. Á fund með þróunarstjórnnum 2. desember (sjá töflu 2) mættu einungis þróunarstjórnir leikskóla og FSU og stjórnendur grunnskóla af sömu ástæðu og greinir í lið 1.

Engin bein fræðsla til grunnskólanna (umfram samskipti verkefnisstjóra við þróunarstjórnir þeirra) átti sér því stað frá 13. október.

Tafla 2. Yfirlit um starfsþróunarfundi

Dags.	Tími	Þátttakendur	Viðfangsefni og umsjón
11. ágúst 2016	3 klst.	Allir	Inntak og skipulag verkefnisins, markmið þess og væntingar og hlutverk aðila. Rætt um hvernig hægt er að meta upphafstöðuna í skólunum meðal annars til að fá samanburð við stöðuna næsta vor. Innlegg og umræður um þrjú viðfangsefni: 1) Hæfnihugtakið í <i>Aðalnámskrá</i> , 2) Námsmat og námsmatshugtök og samhengi námsmats og kennslu, 3) Náms- og kennsluáætlanir sem byggjast á samhengi hæfni, kennslu og viðfangsefna nemenda og námsmats. Umsjón: Rúnar Sigþórsson.
8. sept. 2016	2,5 klst.	Þróunarstjórnir	Markmið fundarins var að komast að niðurstöðu um hlutverk þróunarstjórna og fullgera erindisbréf þeirra og sjá fyrir sér helstu þætti í verkefninu og hlutverk þróunarstjórnanna í þeim; einkum mat á upphafsstöðu, forgangsverkefni og framkvæmdaráætlanir um þau. Umsjón: Rúnar Sigþórsson.
13. okt. 2016	3 klst.	Þróunarstjórnir	1) Greinandi úttekt á stöðu verkefnisins, 2) fyrirlestur um breytingar og lærdómssamfélög, 3) áætlanir um næstu skref, forgangsverkefni og framkvæmdaráætlanir. Umsjón: Rúnar Sigþórsson.
	2,5 klst.	Allir	Markmið fundarins var annars vegar að gera greinandi mat á því sem gert hefur verið í verkefninu fram að þessu og stöðu þess nú og hins vegar að rifja upp og dýpka umræður um leiðsagnarmat og þróun námsmats frá 11. ágúst. Umsjón: Rúnar Sigþórsson.
17. nóv. 2016	3 klst.	Kennarar og stjórnendur leikskóla	Leikskólar: Námsmat í leikskóla. Umsjón: Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor við kennaradeild HA.
2. des. 2016	1,5 klst.	Þróunarstjórnir leikskóla, stjórnendur grunnskóla og þróunarstjórn FSu	Skype-fundur. Forystu- og stuðningshlutverk þróunarstjórna. Umsjón: Rúnar Sigþórsson.
2. jan. 2017	3 klst.	Leikskólar	1) Samtal milli skóla og ígrundun um viðfangsefni stöðu og framtíð verkefnisins, 2) Fyrirlestur um starfsþróun í lærdómssamfélagi, 3) umræðuverkefni í framhaldi af fræðslufundi 17. nóvember. Umsjón: Rúnar Sigþórsson.
10. febr. 2017	2 klst.	Þróunarstjórnir	Fyrirlestur og vinna þátttakenda um samfellu á mörkum skólastiga. Umsjón: Rúnar Sigþórsson.
21. febr. 2017	3 klst.	Leikskólar	Uppeldisfræðileg skráning og lýðræði í leikskólastarfi í tengslum við námsmat. Umsjón: Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor við kennaradeild HA.

Verkefnisstjóri hélt Skype-fund með þróunarstjórnnum allra skólanna í nóvember þar sem viðfangsefni skólanna og staðan í verkefninu voru rædd. Dagana 8.–10. febrúar 2017 heimsótti verkefnisstjóri þróunarstjórnir allra skólanna og átti um það bil klukkutíma fundi með hverri fyrir sig. Á fundunum var farið yfir forgangsverkefni skólanna og stöðu þeirra og hvað væri framundan í starfinu. Verkefnisstjóri skráði minnisblað eftir hvern fund sem sent var viðkomandi þróunarstjórn til yfirlestrar og því næst vistað í möppu skólans á gagnasvæði verkefnisins.

2. Greinargerðir þáttökuskóla

Í lok skólaársins 2016–2017 óskaðu verkefnisstjóri og stýrihópur eftir stuttri greinargerð frá þróunarstjórn hvers skóla um verkefnið. Þróunarstjórnir voru beðnar um að fjalla í greinargerðunum um eftirtalin atriði:

- Hverjir skipuðu þróunarstjórn og hvernig vinna hennar var skipulögð.
- Framvindu verkefnisins í skólanum: Markmið, helstu forgagnsverkefni og framkvæmdaráætlanir um þau og helstu nýbreytni á sviði námsmats og kennslu sem unnið var að.
- Mat þróunarstjórnar á framvindu og árangri forgagnsverkefna.
- Samantekt og lokaorð þróunarstjórnar ásamt framtíðasýn á áframhaldandi þróun námsmats og samfellu milli skólastiga.

Í þessum kafla eru greinargerðir þróunarstjórnanna. Fyrst eru greinargerðir leikskóla, þá grunnskóla og að lokum greinargerð FSu. Fylgiskjöl við greinargerðirnar eru aftast í skýrslunni.

2.1 Leikskólinn Álfheimar

Þróunarstjórn Álfheima skipuðu Anna Gína Aagestad verkefnastjóri útikennslu, Eva Hrönn Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Hanna Rut Samúelsdóttir deildarstjóri og Jóhanna Þórhallsdóttir leikskólastjóri. Tengiliður við verkefnisstjóra og stýrihóp var Eva Hrönn Jónsdóttir.

Skipulag og framvinda

Gert var ráð fyrir því að þróunarstjórn gæti fundað vikulega yfir veturinn ef á þyrfti að halda. Framan af vetri voru þessir fundir nánast undantekningalaust í hverri viku en það var nauðsynlegt til að koma verkefninu vel af stað. Seinni hluta vetrar leið lengra á milli funda, bæði þar sem ekki tókst allaf að koma við vikulegum fundum en einnig vegna þess að það vantaði ákveðinn kraft í verkefnið, bæði innan húss og eins í heild sinni.

Ákveðið var að kennarateymi væru þau teymi sem starfa saman á hverri deild. Var það meðal annars gert til að auðveldara væri fyrir teymi að starfa saman. Einnig hafði það áhrif að í Álfheimum eru deildirnar aldurskiptar, starfsfólk fylgir börnunum frá aðlögun til útskriftar og því eru verkefni ólík milli deilda.

Til að tengja saman vinnu þróunarstjórna og kennarateyma var ákveðið að fulltrúar úr þróunarstjórn færu inn á deildarfundi sem um leið voru fundir kennarateyma. Þá væri bæði tækifæri til að miðla upplýsingum og vinna að verkefninu. Ekki var þó ákveðið hversu oft þessir fundir ættu að vera og því voru þeir ef til vill ekki eins oft og þurft hefði. Í heildina var þetta gert tvisvar sinnum. Í fyrra skiptið til að koma kennarateyminum af stað við að setja niður framkvæmdaáætlun og í síðara skiptið þegar verkefni voru nokkuð vel komin af stað og markmiðið var að setja niður á blað hvað hafði verið gert. Gott hefði verið að þetta hefði verið gert reglulega til dæmis einu sinni í mánuði.

Starfsdagar í vetur voru að mestu tileinkaðir verkefninu. Hér verða taldir upp þeir þættir þar sem allt starfsfólk leikskólans tók þátt í (bæði kennarateymi og þróunarstjórn).

- Átjándi ágúst var stutt kynning á verkefninu og því sem framundan væri svo og kynnt hverjir væru í þróunarstjórn.
- Þrettándi október fór hluti af einu kennarateymi hjá okkur á fræðslu-/umræðufund með þróunarstjórnnum og kennarateyminum úr öllum skólunum.

- Annan nóvember var starfsmannafundur þar sem markmið verkefnisins voru rifjuð upp og það námsmat sem notað er var kynnt fyrir öllu starfsfólki. Kennarateymin fóru yfir sterkar og veikar hliðar okkar í námsmati.
- Á starfsdegi 17. nóvember sótti allt starfsfólk fyrirlestur hjá Önnu Elísu Hreiðarsdóttir um námsmat í leikskólum. Fundurinn var í Sunnulækjarskóla frá 13:00–16:00.
- Tuttugasta og níunda nóvember var starfsmannahópnum skipt í fjóra hópa og hver hópur tók fyrir eitt námssvið aðalnámskrár og námsmat innan þess sviðs.
- Annan janúar kl. 13:00–16:00 var fyrirlestur og hópavinna í umsjón Rúnars Sigbórssonar á Hótel Selfossi. Viðfangsefnið var leiðsagnarmat, starfsþróun í lærdómssamfélagi og námssvið leikskóla.
- Tuttugasta og fyrsta febrúar, eftir hádegi, fór allt starfsfólk á fyrirlestur í BES hjá Önnu Elísu Hreiðarsdóttur um lýðræði í leikskóla og uppeldisfræðilega skráningu.
- Tíunda og tólfta apríl hittust námssviðshóparnir aftur til að ræða námsmat eftir námssviðum og 7. júní 2017 er áætlað að þessir sömu hópar hittist í þriðja og síðasta skipti til að forgangsræða hvaða þáttum innan hvers námssviðs þarf að meta.

Markmið og forgangsverkefni

Heildarmarkmið vinnunnar í skólanum var fyrst og fremst að ná utan um það námsmat sem verið er að nota í leikskólanum, gera vinnulag markvissara þannig að niðurstöður nýtist sem best fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Einnig vonuðum við að allt starfsfólk leikskólans yrði meðvitaðra um hvað námsmat er og hvernig hægt er að nýta niðurstöður þess til góða fyrir nám barna og starfsþróun kennara/starfsfólks. Kennarateymin í skólanum voru fjögur og hvert með eitt forgangsverkefni sem miðuðu að því markmiði að ná betur utan um núverandi námsmat í skólanum. Markmiðið var að í lok vetrar væri komin námsmatshandbók fyrir leikskólann þar sem fram kæmu verkferlar og annað sem nauðsynlegt er að sé skýrt er varðar námsmat í leikskólanum. Kennarateymin eftir deildum og forgangsverkefnin voru eftirfarandi:

Óskasteinn: Á Óskasteini eru elstu börn leikskólans, þar var fimm manna kennarateymi og þeirra forgangsverkefni var HLJÓM-2. Ferlið í kringum HLJÓM-2 hefur hingað til verið í nokkuð föstum skorðum og verklagið skilað árangri hingað til. Markmið þessa kennarateymis var því aðallega að skila af sér skriflegum verkferlum og betrubæta ef þyrfti eitthvað í ferlinu. Í framkvæmdaáætlun má sjá að HLJÓM-2 er tekið af öllum börnum og niðurstöður prófsins bæði notaðar sem grundvöllur í foreldraviðtöl að hausti og eins til að raða börnum niður í málörvunarhópa (fylgiskjal 5).

Völusteinn: Á Völusteini eru næst elstu börn leikskólans og kennarateymi samanstóð af fimm starfsmönnum. Þeirra forgangsverkefni var TRAS. Markmiðið var að TRAS væri skráð hjá öllum börnum og niðurstöður nýttar til að sjá hvaða börn þyrftu á aukinni þjálfun/málörvun að halda og hvernig. Einnig var TRAS skráningin útgangspunktur í foreldraviðtölum (fylgiskjal 6).

Dvergasteinn: Á Dvergasteini eru næstyngstu börnin. Þar er sex manna kennarateymi og þeirra forgangsverkefni var Orðaskil. Árið 2016 var ákveðið að Orðaskil væri lagt fyrir öll 2,9–3,0 ára börn í sveitarfélaginu. Ekki hafði verið mótað hvernig ætti að standa að þessari vinnu og hvernig niðurstöður ættu að gagnast börnum og starfsfólki (Fylgiskjal 7).

Samkvæmt framkvæmdaáætlun svara allir foreldrar Orðaskilum, móta átti verklag um afhendingu og skil á listanum til og frá foreldrum, reikna á úr listunum og meta út frá niðurstöðum og gera áætlun fyrir hvert barn.

Álfasteinn: Á Álfasteini eru yngstu börn leikskólans, þar er fimm manna teymi og þeirra forgangsverkefni var ferilmappa. Í mörg ár hafa útskriftarbörnin fengið útskriftarmöppu með myndverkum

sem svo síðustu ár hefur þróast í að hvert barn í leikskólanum á möppu þar sem safnað er myndverkum frá upphafi leikskólagöngu. Þessi söfnun er þó ómarkviss og ólík milli ára og lengi hefur verið á stefnuskránni að setja eiginlega ferilmöppu af stað. Verkefni vetrarins var að kynna sér ólíkar tegundir ferilmappa og setja niður það sem væri æskilegt að hafa í okkar ferilmöppu (fylgiskjal 8).

Námssviðshópar: Þegar fyrstu forgangsverkefni voru komin ágætlega af stað, fundum við (með hjálp verkefnisstjóra) að við þyrftum að fara yfir námssviðin og hvernig þau tengjast námsmati. Í lok nóvember voru því búin til ný kennarateymi þvert á deildir. Þessi kennarateymi hafa hist tvisvar sinnum í vetur og eiga eftir að hittast einu sinni þar sem farið er yfir hvern þátt innan hvers námssviðs og farið yfir hvort og þá hvernig verið er að meta viðkomandi þátt.

Mat á forgangsverkefnum

Heildarmarkmið skólans var að ná utan um það námsmat sem notað er í leikskólanum, að starfsfólk yrði meðvitaðra um hvað námsmat er, að gera vinnulag við námsmat og nýtingu niðurstaðna þess markvissari í þágu barna, foreldra og starfsfólks og að gera námsmatshandbók sem ætti að gagnast kennurum og starfsfólki við námsmat í framtíðinni. Þróunarstjórnin telur að þetta hafi tekist vel og að námsmatshandbókin eigi að gagnast kennurum og starfsfólki við námsmat í framtíðinni. Mat þróunarstjórnar á einstökum forgangsverkefnum er eftirfarandi:

- *HLJÓM-2:* Þar var markmiðið í raun að halda áfram með svipuðu sniði og síðastliðinn ár en setja niður á blað skýra verkferla. Það tókst að mestu leyti mjög vel. Það sem helst hefði mátt bæta var að allt starfsfólk á deildinni tæki þátt í þeirri málörvun sem ákveðin var út frá niðurstöðum.
- *TRAS:* Verkefnið fór mjög vel af stað og TRAS-skráningin var notuð til að raða börnum í málörvunarhópa. Það sem ef til vill hefði þurft að gera betur þarna var að endurskoða TRAS-skráninguna og niðurröðun í hópa á miðjum vetri. Einnig að setja nánar niður hvaða þætti á að vinna með í framhaldi af skráningu.
- *Orðaskil:* Þarna var ef til vill mesta vinnan því um algjörlega nýtt matstæki er að ræða. Ákveðið verlag hefur þó verið mótað í vetur en sú vinna þarf að halda áfram næsta vetur, og þá helst hvað varðar afhendingu og skil á listanum til foreldra og hvernig niðurstöður nýtast okkur í starfinu.
- *Ferilmappa:* Þar hefur teyminu gengið vel að kynna sér ýmsar gerðir ferilmöppu og það hefur sett niður hvað á að vera í ferilmöppunni eftir fyrsta ár barnsins í leikskólanum. Þá hafa verið miklar þælingar um uppeldisfræðilega skráningu en þær þælingar, ásamt þróun ferilmöppu, eru langtímaverkefni sem haldið verður áfram næsta vetur.
- *Námssviðshópar:* Sjöunda júní er lokaumferðin þar sem áætlað er að hóparnir fari yfir hvað sé mikilvægt innan hvers námsþáttar að meta. Þessi vinna hefur verið mjög gagnleg fyrir starfið í heild, bæði þar sem um önnur teymi var að ræða en þau sem vinna saman dags daglega og eins er nauðsynlegt að ræða innviði leikskólastarfsins reglulega með þessum hætti. Þessi vinna snérist því ekki bara um námsmat þó vissulega væri það rauði þráðurinn.

Samantekt og lokaorð

Í heildina erum við ánægð með verkefnið. Í leikskólanum Álfheimum hefur heilmikið verk unnist í því að ná utan um það námsmat sem fyrir var, kynna það fyrir öllu starfsfólki og gera verkferla skýrari bæði fyrir starfsfólki og foreldrum. Mikill tími hefur farið í að kynna námsmatshugtakið fyrir starfsfólki og nauðsynlegt að halda því áfram á lofti. Námsmatshandbók leikskólans er í vinnslu og verður vonandi tilbúin fyrir haustið.

Verkefnið er þó langt frá því að vera búíð því að vinnunni við ferilmöppuna er hvergi nærri lokið. Auk þess stefnum við á að vinna frekar með uppeldisfræðilega skráningu næsta vetur og er sú vinna í undirbúningi. Einnig höfum við áhuga á að skoða betur hvort og þá hvernig við metum hreyfiproska.

Við hefðum gjarnan viljað hafa meiri samvinnu við hina skólana, meðal annars í því að endurmeta hvernig skólaskilin fara fram bæði hvað varðar eyðublaðið sjálfst svo og hvernig börnin flytjast milli skólastiganna. Einnig að móta það hvernig við fáum skil til baka frá grunnskólanum. Þá myndum við vilja sjá meiri áherslu á gagnkvæmar kennaraheimsóknir milli skólanna sem hafa lengi verið á dagskrá en lítið verið gert af.

Aukið samstarf við skólana hefði ef til vill gefið okkur meiri kraft í verkefnið og einnig hefði þróunarstjórn leikskólans (og með öðrum þróunarstjórnunum) þurft að funda oftár á vorönn til að halda verkefninu á lofti allan veturinn.

Eins og áður sagði þá erum við í langtímaverkefni þegar kemur að þróun námsmats og mikil þörf á að halda áfram næsta vetur.

2.2 Leikskólinn Árbær

Leikskólinn Árbær er heilsuleikskóli sem starfar eftir stefnu Unnar Stefánsdóttur frá 1996.

Þróunarstjórn leikskólans var skipuð stjórnunarteymi leikskólans en í því sitja: Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri, Sigríður Ásdís Jónsdóttir sérkennslustjóri og deildarstjórnarnir Brynja Hjörleifsdóttir, Helga Þórey Rúnarsdóttir, Anna Hrund Helgadóttir, Díana Lind Guðbjargardóttir, Ester Jónsdóttir, Tinna Berg Rúnarsdóttir. Kristín var tengiliður þróunarstjórnarinnar við verkefnisstjóra og stýrihóp.

Skipulag og framvinna

Stjórnunarteymið fundaði einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Á dagskrá fundanna voru m.a. verkefni tengd þróunarverkefninu, ásamt öðrum verkefnum tengdum stjórnun leikskólans. Fundagerðir eru ritaðar á deildarstjórafundum og fara inn á hverja deild. Hver deildarstjóri heldur deildarfund með deildinni sinni einu sinni í viku og þar upplýsir deildarstjóri deildina m.a. um þau mál sem fjallað er um á deildarstjórafundum og skapar umræður um málefni og verkefni.

Útfærsla verkefnisins *Námsmat á mörkum skólastiga* í Heilsuleikskólanum Árbæ var byggð á Skólanámskrá Árbæjar og þróunarverkefnum sem hafa verið unnin í Árbæ undanfarin ár. Þau eru:

- Læsi í fjölmennningarlegu umhverfi, unnið skólaárið 2015–2016.
- Árangursríkt læsi í leikskólum Árborgar, unnið 2014–2015.
- Lýðræðislegt augnablik unnið skólaárið 2012–2013.
- Skapar skólabragur velferð barna, unnið 2010–2011.

Markmið og forgangsverkefni

Markmið þróunarstjórnarinnar var að skerpa á þekkingu og umræðum um þessi þróunarverkefni og nýta reynslu þeirra sem þau unnu til þess að kveikja áhuga á þeim og starfinu í Árbæ og fá starfsfólk þannig í lið með hópnum og festa verkefnið enn frekar í sessi og það sem þau gáfu leikskólanum og þannig festa ný viðhorf og vinnubrögð í sessi, í menningu leikskólans. Þeir starfsmenn sem höfðu tekið þátt í verkefnunum nutu þess að veita þeim handleiðslu sem ekki höfðu þessa reynslu og sköpuðu þannig eigin ánægju um verkefnið og verkferlana og smituðu áhuga sinn yfir á nýliða, sköpuðu umræður í jafningjahópi og stuðluðu þannig að breyttum viðhorfum og áhuga á verkefninu.

Í verkefninu *Námsmat á mörkum skólastiga* var meginmarkmið starfsfólks að skerpa á stefnu leikskólans, Heilsustefnunni, innihaldi náms, kennsluaðferðum og námsmati, þar sem námsmat leikskólans er rammi um starfið.

Við upphaf skólaársins 2016–2017 fékk starfsfólk upprifjun, kynningu og fræðslu um það námsmat sem notað er í Árbæ. Allir starfsmenn upplifðu sig meiri þátttakendur í starfinu eftir þessa kynningu. Helstu þættir í námsmati skólans eru:

- Heilsubók barnsins sem metur félagsfærni, sjálfshjálp, hreyfingu og myndsköpun.
- TRAS sem metur málþroska barnsins.
- Orðaskil sem foreldrar fylla út.
- Hljóm-2 sem metur hljóðkerfisvitund barna og hefur forspárgildi um það hvernig börnum muni ganga að læra að lesa.

Í umræðuhópum innan starfsmannahópsins um námsmat leikskólans taldi starfsmannahópurinn að það vantaði mat þar sem börnin sjálf meta leikskólastarfið og var ákveðið að það yrði helsta forgangsverkefni þróunarverkefnisins *Námsmat á mörkum skólastiga* að þróa slíkt mat. Börnin í Árbæ tóku þátt í að þróa aðferðir við þetta mat ásamt starfsfólki skólans. Mat barnanna var byggt á því sem áður hafði verið gert í Árbæ. Börnin svara spurningum um líðan sína og væntingar til leikskólans. Við vinnu á mati barna á leikskólastarfinu vaknaði áhugi hjá starfsfólki að rifja upp Lýðræðisverkefnið sem var unnið á skólaárinu 2012–2013 í og byggja starfið enn frekar upp á því verkefni. Starfsfólk vill vinna að því að börnin í Árbæ fái einhverju ráðið um líf sitt og nám. Niðurstaðan úr þessari vinnu var sú að ákveðið var að áherslur í leikskólastarfinu næsta skólaár, 2017–2018, verði á lýðræði í lærdóms- samfélagi í Árbæ; að lýðræði í leikskólastarfinu og samráð og samvinna starfsmanna, foreldra og barna í anda lærdómsfélags verði helsta framþróunin innan leikskólans. Þar sem komið er endurskoðun skólanámskrár Árbæjar var það talið fléttast inn í þetta þróunarstarf að endurskoða skólanámskrá leikskólans.

Í verkefnavinnunni í tengslum við *Námsmat á mörkum skólastiga* var unnið að því að þjappa starfsmannahópnum saman um stefnu Heilsuleikskólans Árbæjar um það sem skólinn stendur fyrir, skoða og kynna það námsmat sem eru notað í leikskólanum og skerpa á einkunnarorðum Árbæjar sem eru: Virðing, velferð og vinátta. Samráðsfundir voru haldnir innan leikskólans þar sem þróunarstjórnin kynnti efnið og þau verkefni sem leikskólinn hefur unnið að, hvatti til umræðna í starfsmannahópnum og fékk starfsfólk þannig til að skoða og hugleiða starfið út frá ýmsum sjónarhornum.

Mat á verkefninu

Þróunarstjórnin í Árbæ er sammála því að verkefnið hafi stuðlað að því að efla meðvitund starfsmannahópsins um það fyrir hvað Árbær stendur. Starfsfólk er meðvitaðra um þau matstæki sem notuð eru í Árbæ; það er upplýstara um námsmat leikskólans, þekkir Heilsubókina, TRAS, Hljóm-2 og Orðaskil. Starfsfólki finnst það vera hluti af faglegu samfélagi.

Þróunarstjórnin veltir því fyrir sér hvað hefur breyst í Heilsuleikskólanum Árbæ við vinnuna við verkefnið og er sammála um það að það er meiri samstaða innan starfshópsins og að það sé meiri skilningur á því hve mikill tími fer í vinnu við matstækin, svo sem Heilsubók og TRAS. Jafnframt hafa umræður með börnunum um lýðræði í starfinu aukist. Umræður um það hvað börnin geta haft áhrif á og hverju þau fái ráðið um nám sitt og líf í Árbæ.

Þróunarstjórnin er sammála um að verkefnið var yfirgripsmikið og þarfnast lengri tíma en eins skólaárs. Helstu hindranir í verkefninu voru skortur á tíma fyrir handleiðslu nýrra starfsmanna þar

sem starfsmannaveltan er töluverð. Einnig skorti tíma fyrir samráð og samráðsfundi en hugmyndafræði lærdómssamfélagsins kallar eftir umræðum, samráði og samstarfi. Það sem studdi vinnuna við verkefnið og stuðlaði að árangri var verkvilji þeirra sem vanir eru verkefna- og þróunarvinnu og sterk fagmennska í starfsmannahópnum. Jafnframt setur Heilsubókin sem er einstaklingsnámskrá hvers barns ákveðnar skorður um starfið og kallar á fagleg vinnubrögð og foreldraviðtöl tvisvar á ári í kjölfar skráningar í Heilsubók. Í foreldraviðtölunum er einnig stuðst við skráningu í TRAS og Hljóm-2 hjá elstu börnunum en stuðst er við TRAS og Orðaskil hjá yngri börnum.

Fyrirlestrar voru faglegir og nýttust vel. Fræðilegt efni hitti á starfið og var nýtilegt en kallaði á úrvinnslu starfsfólks, eftir fyrirlestrana þar sem það horfði innávið, meðal annars til þeirra verkefna sem hafa áður verið unnin hér í Árbæ, til dæmis að skerpa á lýðræðisverkefninu og vinna það enn betur. Verkefnið skapaði þær aðstæður innan skólans að starfsfólk fylltist meiri metnaði fyrir starfinu, svo sem innihaldi náms og kennsluaðferðum. Með barnið í brennidepli.

Samantekt og lokaorð

Markmið verkefnisins *Námsmat á mörkum skólastiga* í Árbæ voru að efla starfshætti í anda lýðræðis og mannréttinda og skoða hvernig þeir geta vísað veginn í leiðsagnarmati, til dæmis með því að gera börn að virkari þátttakendum í námsmati og í samtölum milli skóla og foreldra. Í upphafi verkefnisins setti þróunarstjórnin sér það markmið að 30. maí 2017 hefði lýðræði barna, starfsfólks og foreldra í Árbæ aukist; að öll stífni í samskiptum væri horfin og sveigjanleiki í starfinu hefði aukist. Starfsfólk, foreldrar og börn hefðu meiri áhuga á starfsemi leikskólans og að öll samskipti einkenndust af sveigjanleika. Að þessu markmiði unnum við ötullega í verkefninu og munum gera það áfram.

Ef horft er til framtíðar má segja að verkefnið hefði þurft að lágmarki tvö ár og ætla þróunarstjórn að halda áfram með verkefnið næsta skólaár 2018–2019. Markmiðið er að ljúka vinnu við mat barnanna og nota það á öllum deildum næsta haust og svo aftur vorið 2018. Á næsta skólaári verður einnig haldið áfram að líta inn á við og endurskoða skólanámskrá Árbæjar með áherslu á Heilsustefnuna, lýðræði og lífsleikni í leikskólastarfinu. Við vinnuna verður aðferðafræði lærdómssamfélagsins notuð og stuðlað þannig að þátttöku allra starfsmanna. Viljinn til verka er til staðar, markmið geta staðið áfram þó eitthvað hafi þokast í rétta átt. Heilsuleikskólinn Árbær heldur áfram að stefna að markmiðum sínum á næstu skólaárum.

2.3 Leikskólinn Brimver-Æskukot

Í þróunarstjórn skólans sátu: Sigríður Birna Birgisdóttir leikskólastjóri, Sædis Sif Harðardóttir sérkennslustjóri og deildarstjórnarnir Auður Elín Hjálmarsdóttir, Drífa V. Erhardsdóttir, Elín María Karlsdóttir (en hún tók við af Öldu Rose Cartwright í janúar 2017), Júlíana María Nílsen og Vigdís Jónsdóttir. Sigríður Birna var tengiliður við verkefnisstjóra og stýrihóp. Innan þróunarstjórnarinnar var þriggja manna framkvæmdastjórn.

Skipulag og framvinna

Fundir sem haldnir voru vegna verkefnis innan skólans voru starfsmannafundir með þátttöku alla starfsmanna, fundir þróunarstjórnar og fundir framkvæmdastjórnar. Vikulegir deildarstjórafundir voru einnig nýttir og verkefnið var tekið fyrir á deildarfundum. Einnig voru fundir með verkefnastjóra. Vel gekk að koma verkefninu af stað. Haldnir voru tveir starfsmannafundir snemma í ferlinu (18. ágúst og 7. september) sem nýttust vel til að hefja verkefnið með þátttöku allra starfsmanna. Á

Þessum fundum var meðal annars farið yfir matsverkefni um stöðu námsmats (fylgiskjal 3) sem lagt var fram á fundi verkefnisstjóra með þróunarstjórnnum 8. september og gerðar áætlanir um það sem þyrfti að styrkja.

Unnið var úr niðurstöðum frá starfsmannafundum sem haldnir voru 18. ágúst og 7. september og gerðar þrjú framkvæmdaráætlanir með markmiðum og útlínum að skipulagi vetrarins fyrir þrjú forgangsverkefni: 1) Lýðræði – þátttaka nemenda í námsmati, 2) starfsþróun kennara v/matstækja sem nýtt eru í leikskólanum og 3) starfsþróun kennara v/snemmtækrar íhlutunar (sjá fylgiskjal 6a, 6b, 6c). Verkefnin voru sett í starfsáætlun fyrir skólaárið 2016–2017 sem er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Markmið og forgangsverkefni

1) Lýðræði – þátttaka nemenda í námsmati: Markmið þess verkefnis var að börnin yrðu þátttakendur í námsmati sínu (Heilsubók barnsins) undir kaflanum *Lífsleikni* (leikur, samskipti og líðan) og að niðurstöður úr skráningum verði nýttar við innra mat vorið 2017 (fylgiskjal 6a).

Staða mála: Elstu börnin komu með foreldrum sínum í viðtal á haustönn 2016. Reynslan af því var metin og þótti nokkuð góð. Nemendur mættu aftur með í viðtölum á vorönn 2017. Gert var skráningarblað með umræðupunktum sem foreldrar fóru yfir með nemendum fyrir viðtalið. Blaðið var yfirfarið og það bætt fyrir viðtöl sem tekin voru á vorönn.

Verkefnið var unnið í teymisvinnu. Deildarstjórar eldri deilda stýrðu þátttöku nemenda í námsmati og unnu saman í teymi með starfsfólki deilda. Gerðar voru skráningar í Heilsubók barnsins fyrir alla nemendur tvisvar á ári og foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar.

Á skólaárinu var einkum horft til elstu nemendanna. Börnin voru upplýst betur en áður og meðvitaðri um það sem skráð er í Heilsubókina. Búið er gera upp reynsluna frá foreldraviðtölum og laga í ljósi reynslunnar. Viðbrögð foreldra voru almennt jákvæð. Viðbrögð barnanna einnig. Sumum þótti þetta þó ögn skrýtið – sem eru skiljanleg viðbrögð.

Fram eru komnar hugmyndir um hvernig hægt er að vinna blað fyrir yngri árganga og rætt um lýðræði og þátttöku barna á fleiri sviðum námsins. Framtíðaráformin eru að

- móta verklagið nánar og festa í sessi (hafa aðgengilegt í Handbók leikskólans),
- halda áfram að móta viðtalsblaðið,
- færa neðar í aldri.

2) Starfsþróun kennara v/snemmtækrar íhlutunar: Markmið þessa verkefnis var að auka þekkingu kennara til að nýta matsskráningar og vinna í anda snemmtækrar íhlutunar og flokka námsgögn eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar (fylgiskjal 6b)

Staða mála: Allt starfsfólk leikskólans fékk fræðslu um snemmtæka íhlutun. Hafin var vinna við handbók með verkferlum er varða snemmtæka íhlutun í skólastarfinu, skimanir, ferli og bjargir. Flokkun námsgagna er enn í vinnslu en stefnt var að því að henni yrði lokið á skólaárinu. Hafin var endurskipulagning á nýtingu húsnæðis og uppröðun út frá hugsun um snemmtæka íhlutun þannig að það sé pláss fyrir námsögn og vinnu kennara, talmeinafræðinga og annarra sérfræðinga með börnum og foreldrum. Lögð hefur verið áhersla á að vinna markvisst út frá niðurstöðum skimana og bregðast strax við ef áhyggjur vakna. Ásthildur B. Snorradóttir talmeinafræðingur er ráðgjafi skólans um snemmtæka íhlutun. Hún hélt fræðslufund með öllum starfsmönnum 18. ágúst og mætti á fund þróunarstjórnar 16. desember til að fara yfir stöðu mála. Hún ætlaði einnig að vera með fræðslu á

starfsdegi 21. janúar með öllu starfsfólki en hann féll niður vegna ófærðar. Ásthildur hélt erindið á starfsdegi 7. júní með öllu starfsfólki og fundaði með þróunarstjórninni á eftir.

Verkefnið var unnið í teymisvinnu. Sérkennslustjóri hélt utan um verkefnið með deildarstjórum og starfsfólki deilda. Áhersla var á að bregðast við, upplýsa og samræma vinnubrögð með nemendum, foreldrum og á deildum, bæta aðgengi að kennslugögnum og nýta með nemendum eins og best á við hverju sinni og safna gögnum/verkferlum í Handbók leikskólans.

3) Starfsþróun kennara v/matstækja sem nýtt eru í leikskólanum í tengslum við framangreind

verkefni: Markmiðin voru að auka þekkingu kennara við skráningar í Heilsubók barnsins, fjölga kennurum sem hafa TRAS réttindi, efla þekkingu kennara á einhverfu og snemmtækri íhlutun, efla þekkingu kennara á skipulagðri kennslu, auka þekkingu/réttindi kennara á AEPS skráningarlista (fylgiskjal 6c).

Staða mála: Hér náðust ákveðnir áfangar eins og kynning á matstækjum sem nýtt eru í leikskólanum með öllum starfsmönnum. Það gekk samkvæmt áætlun að skrá og senda kennara á námskeið til að auka þekkingu og réttindi á þau matstæki sem eru notuð og það hefur haft áhrif á starfsþróun. Í janúar 2017 voru tekin starfsmannasamtöl þar sem farið var yfir óskir og þarfir allra starfsmanna vegna eigin starfsþróunar og fyrir heildina. Niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar þegar skólaárið 2017-2018 er skipulagt.

Verkefnið var unnið í teymisvinnu. Leikskólastjóri hélt utan um skráningar á námskeið ásamt deildarstjórum og starfsmönnum.

Framtíðaráformin varða

- húsnaði, að koma skipulagi á hvernig best er að nýta það til að styðja við nám og kennslu,
- námsgögn verði flokkuð og gott aðgengi að þeim,
- að verkferlar verði aðgengilegir í Handbók leikskólans.

Stefnt var að því að handbók leikskólans yrði langt komin á skólaárinu. Við erum komin vel af stað en eftir stöðumat 7. júní með Ásthildi B. Snorradóttur máttum við það svo að sú vinna haldi áfram næsta skólaár og verði lokið í júní 2018.

Framtíðarsýn

Okkar framtíðarsýn er að unnið sé í þeim anda að gert sé ráð fyrir þátttöku nemenda í öllu skóla-starfinu og þar með í eigin námsmati, hvort sem það er innan skólans eða á milli skólastiga og að efla lífsleikni nemenda þar sem þeir geta haft áhrif á líðan, samskipti og leik og raddir þeirra fái að hljóma. Til þess að það gangi sem best þarf starfsfólk að vera vel upplýst um þroska, námsmat og mikilvægi snemmtæktrar íhlutunar – hvað á að gera, hvernig á að vinna – og hafa gott aðgengi að björgum. Einnig þarf góða samvinnu og samræmd vinnubrögð innan skólans, við foreldra, á milli skólastiga og við skólalþjónustu Árborgar. Enn fremur þarf starfsfólk að hafa tækifæri til reglulegs samráðs og starfsþróunar, til dæmis með því að koma á reglulegum heimsóknum milli kennara í Brimveri og Æskukoti til að kynnast betur og læra hver af öðrum. Nýta þarf niðurstöður sem fást við til dæmis við skráningar í Heilsubók barnsins við innra mat á skólastarfi. Við munum halda áfram að starfa í þessum anda næsta skólaár og vonumst til að ljúka við handbók leikskólans þar sem ákveðnir ferlar, bjargir og leiðir verða aðgengilegar á einum stað. Vinna við gerð handbókarinnar er námsferli og ætti að hafa áhrif á starfsþróun og lærdómssamfélag skólans.

Samantekt og lokaorð

Almenn ánægja var með framgang þróunarverkefnisins innan skólans. Mikilvægt er að upplýsa alla og nýta vel þann tíma sem við höfum fyrir samráð. Á skólaárinu hafa starfsdagar verið vel nýttir. Hindrandi þættir voru skortur á tíma fyrir samráð kennara og deilda (deildarfundi og reglulega starfsmannafundi þar sem oft er langt á milli starfsdaga). Regluleg ígrundun og umræða á milli kennara er mjög mikilvæg til að lærdómssamfélag þróist sem best innan skólans.

Verkefnið hafði meðbyr og naut áhuga starfsmanna á mikilvægi þess fyrir skólastarfið. Það studdi við starfsþróun og samstarf á milli kennara og skóla. Þátttaka í verkefninu styrkti lærdómssamfélag skólans; það kallaði á endurtekið ferli sjálfsskoðunar, ígrundunar, mats og áætlana um framkvæmd. Við erum rétt lögð af stað en höfum notið ferðarinnar á svo margan hátt en markmiðið er að nemendum líði vel, þeir njóti sín og læri. Að okkar mati er verkefnið ekki viðbót við skólastarfið heldur frekar innrömmun og ígrundun á því sem felst í starfi okkar.

2.4 Leikskólinn Hulduheimar

Þróunarstjórn Hulduheima skipuðu Birna Guðrún Jónsdóttir leikskólakennari, Jensína Kristín Gísladóttir sérkennslustjóri og Sólveig Dögg Larsen aðstoðarleikskólastjóri en hún var jafnframt tengiliður þróunarstjórnar við verkefnisstjóra og stýrihóp.

Skipulag og framvinda

Til að byrja með fundaði þróunarstjórn einu sinni í viku á þriðjudögum hálf tíma í senn. Umfjöllunar-efni þróunarstjórnar voru svo kynnt reglulega á deildarstjórafundum og engar ákvarðanir teknar nema stjórnendateymi leikskólans gæfi samþykki sitt. Fundargerðir deildarstjórafunda eru prentaðar út og allir starfsmenn kvitta eftir lestur þannig að allir starfsmenn voru reglulega upplýstir um framvindu verkefnisins. Auk þess voru fundargerðir þróunarstjórnar vistaðar á sameiginlegu tölvusvæði sem allir starfsmenn hafa aðgang að.

Markmið og forgangsverkefni

Eftir að starfsmenn höfðu kynnt sér þemahefti Mennta- og menningarmálaráðuneytis um námsmat í leikskóla auk kafla í *Aðalnámskrá leikskóla* um námsmat og metið í framhaldi af því stöðu Hulduheima í námsmati (sjá fylgiskjal 3) setti hópurinn sér forgangsverkefni sem unnið yrði að á næstu misserum.

Forgangsverkefnin voru:

1. Að styrkja könnunaraðferðina og námsmat innan hennar.
2. Að skerpa á ferilmöppu nemenda og skoða hana með hliðsjón af þemahefti um námsmat í leikskóla.
3. Að samræma verklagsreglur um nýtingu niðurstaðna úr TRAS, HLJÓM-2 og Orðaskilum. Verkerlar ættu að vera sýnilegir innan deilda.
4. Að útbúa skýra stefnu Hulduheima um námsmat. Stefnan verður sett á heimasíðu leikskólans og send foreldrum nýrra barna.
5. Að útbúa viðmið fyrir hreyfiþroskamát þannig að starfsmenn átti sig á því hvenær er rétt að vísa barni til sérfræðinga vegna seinkunar í hreyfiþroska.

Ákveðið var að búa til skráningarlista þar sem fólk skráði óskir sínar um hvaða efni það vildi vinna með. Niðurröðun í teymi ákvarðaðist svo af því að fulltrúar væru frá öllum sem hefðu um málið að

segja, þ.e. yngri/eldri deildir og að blanda væri í hópum af faglærðum og ófaglærðum kennurum. Sums staðar var þörf á sérþekkingu á málefnum t.a.m. í teymi um TRAS, HLJÓM-2 og Orðaskil þar sem þörf er á réttindum til að nota þessi matstæki. Ekki var sett skilyrði um að þurfa að fara í teymi en lögð áhersla á að allir sem hefðu áhuga á að vinna í einhverju teymi fengju til þess tækifæri.

Fyrst fór af stað teymi til að skerpa á könnunaraðferð og námsmati innan hennar. Fundað var á miðvikudögum eins oft og hægt var vegna mönnunar í húsi. Teymið vann að mati barna (fylgiskjal 7), foreldramati (fylgiskjal 8), skráningarblaði fyrir hvert barn (fylgiskjal 9) og matsblaði hóps (fylgiskjal 10). Einnig var útbúinn verkferill (gátlisti) fyrir hópstjóra sem hann getur haft til hliðsjónar við skipulagningu könnunar (fylgiskjal 11).

Könnunaraðferðarteymið kynnti niðurstöður sínar á starfsdegi í febrúar eftir að þróunarstjórn og stjórnendateymi hafði lagt blessun sína yfir efnið. Deildir sem vinna með könnunaraðferðina fóru strax að vinna eftir vinnuaðferðunum. Hið nýja fyrirkomulag verður metið í desember 2017 (sjá fylgiskjöl 8, 9, 10 og 11).

Teymi um ferilmöppu fór af stað í mars og fundaði nokkra miðvikudaga. Þar var listi yfir það sem á að vera í ferilmöppu samræmdur milli deilda enda var í teyminu fulltrúi frá öllum deildum. Ferilmappan á að sýna þroskaferil barnsins og þróun í myndsköpun þess allt frá því að það hefur leikskólagöngu sína og þar til það útskrifast úr leikskóla. Ferilmappan sýnir líka ljósmyndir og aðrar skráningar úr leik og starfi sem gefa góða mynd af því hvað barnið er að efla og nema hverju sinni. Breytingar á ferilmöppu verða metnar eftir eitt skólaár eða vorið 2018. Eðlilegt er að ferilmappan taki breytingum eftir því sem námsmat og skólastarf þróast.

Seinni hluta máí tók til starfa teymi til að samræma verklagsreglur um ferli þegar niðurstöður úr TRAS, HLJÓM og Orðaskilum benda til að bregðast þurfi við. Teymið skipa eingöngu leikskólakennarar /leikskólasérkennarar þar sem eru tveir fulltrúar frá yngri deildum og tveir frá eldri deildum auk sérkennslustjóra.

Haustið 2017 mun verða myndað teymi til að útbúa viðmið fyrir það hvenær þörf er á að grípa inn í vegna seinkunar í hreyfiþroska barna. Þá verður haft í huga að börn eru ólík og þroskast á ólíkum hraða.

Næsta haust verður einnig útfærð skýr stefna Hulduheima um námsmat þar sem tilgreindar eru þær námsmatsleiðir sem farnar eru í leikskólanum. Þær upplýsingar verða aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Einnig verður haldið áfram að skoða hvernig við getum bætt námsmat í Hulduheimum enn meira. Stuðst verður við niðurstöður úr matslista sem við lögðum fyrir starfsfólk í febrúar síðastliðnum eftir lestur kaflanna „námsumhverfi“ og „leikur og nám“ í *Aðalnámskrá leikskóla*. Matslistinn metur skipulag náms og námsaðstæður og er byggður á handbókinni *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs*. Matið tekur til námsumhverfis, efniviðar, aðstöðu og skipulags á innra starfi (fylgiskjal 12).

Mat á árangri

Þróunarstjórnin telur að verkefnið í heild hafi verið skólanum til góðs. Í upphafi upplifðum við neikvæðni og þreytu í garð verkefnisins en þegar farið var af stað við að skoða okkar starfshætti út frá námsmati og að ákveða forgangsverkefni þá upplifðum við meiri metnað og aukinn áhuga á verkefninu. Þróunarstjórnin telur að með því að skipa teymin þannig að blöndun væri af faglærðum og ófaglærðum sem og af yngri og eldri deildum höfum við eflt samtalið milli starfsmanna og styrkt

lærdómssamfélag innan skólans. Varðandi þau forgangsverkefni sem hafa farið í vinnslu þá gekk vinnan með eflingu námsmats í könnunaraðferðinni vel og fór eins og vænst var. Úr varð heildstætt matskerfi sem notað er til að fylgjast með námi og þroska barnanna. Mikilvægi þessa forgangsverkefnis er mjög mikið í ljósi þess að þessi námsaðferð er meginnámsaðferð leikskólans.

Ferilmöpputeyminu var ætlað að samræma milli deilda þá þætti sem eiga að tilheyra möppunni og ræða tilgang hennar m.t.t. þemaheftis um námsmat leikskóla, það stóðst. Ferilmappan verður aftur metin eftir eitt skólaár og þá ætti að vera komin reynsla á hvernig er að vinna með hana. Þá verður útbúinn matslisti þar sem viðmið þemaheftis um námsmat í leikskóla varðandi ferilmöppur verða höfð til hliðsjónar. Gerir það starfsfólki kleift að geta metið hvort verkefnin sem fylla ferilmöppuna séu samkvæmt þeim viðmiðum.

Í endurmati starfsfólks kemur fram að skilningur á mikilvægi og þörf þess að efla námsmat í leikskólanum er til staðar. Allir telja að námsmat hafi aukist í leikskólanum á þessu skólaári. Skráningar hafa aukist og orðið markvissari. Meðvitund starfsfólks og þekking á námsmati hefur aukist og eins er mikil ánægja með lýðræðisleg vinnubrögð og samtali milli allra sem að starfinu koma. Starfsfólk gagnrýnir þó að nánast allir starfsdagar skólaársins hafi farið í sameiginlega vinnu við þróunarverkefnið og því hafi ekki gefist mikill tími til að sökkva sér niður í verkefnið innan veggja okkar skóla sem og önnur verkefni sem þarfnast líka tíma og athygli.

Þegar starfsfólkið var spurt hverju þróunarverkefnið hefur skilað til okkar skóla var ekki skortur á svörum. Það hefur skilað meiri meðvitund um mat á skólastarfi almennt, markvissu mati til að læra af og nota til þróunar í starfinu. Það hefur skilað betri vinnu með könnunaraðferðina, könnunarleikinn og ferilmöppu. Lýðræðisleg vinnubrögð hafa aukist, það hefur stuðlað að sjálfsskoðun og samræmingu á vinnulagi innan skólans, aukið teymisvinnu þvert á deildir og aðhald við að allir séu að vinna að sama markmiði. Það er að myndast lærdómssamfélag í Hulduheimum.

Lokaorð

Niðurstaðan er sú að starfsfólk hefur eflst faglega og verkefnið hefur haft jákvæð áhrif. Hið nýja verklag mun nýtast skólanum í framtíðinni en leikskólastarf er alltaf í stöðugri þróun og munum við halda áfram að vinna að góðu og skýru námsmati nemendum okkar til heilla og framfara. Með eflingu námsmats höfum við einnig í höndum betri upplýsingar til foreldra sem og kennara á næsta skólastigi. Skólaskilablaðið mætti skoða betur þannig að þar komi fram hvaða leiðir leikskólinn hefur farið í námsmati og á hverju við byggjum þær niðurstöður sem koma fram varðandi hvern einstakling.

Þróunarstjórn hefur komið með þá tillögu að búa til árgangaviðmið þannig að samfella sé í námi barnanna. Þá er stuðst við þemahefti um námsmat í leikskóla og *Aðalnámskrá leikskóla* þar sem tilgreind eru viðmið um þá hæfni sem börn eiga að hafa tileinkað sér við lok leikskólagöngu, leiðin að þeim markmiðum er þannig vörðuð alla leikskólagönguna.

2.5 Leikskólinn Jötunheimar

Í Jötunheimum var skipuð átta manna þróunarstjórn. Okkur fannst mikilvægt að einn fulltrúi hverrar deildar sæti í þróunarstjórninni ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Ástæðan var sú að

við töldum að þannig yrði tengingin milli stjórnarinnar og kennaranna³ sem best. Stjórnina skipuðu: Júlíana Tyrfingsdóttir, Rannveig Bjarnfinnsdóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Dagný Björk Ólafsdóttir, Valgerður Rún Heiðarsdóttir, Málfríður Erna Samúelsdóttir, Bára Kristbjörg Gísladóttir og Eyrún Björk Einarsdóttir.

Skipulag og framvinda

Í upphafi voru settir niður fastir fundir fyrir þróunarstjórn einu sinni í mánuði á skólatíma. Það gekk ekki alltaf sem skyldi vegna mannekle og anna. Innan leikskólans voru skipuð teymi, sem í sátu allir kennarar leikskólans, um hvern áhersluþátt sem ákveðið var að vinna með. Í upphafi lögðum við af stað með sex áhersluþætti sem við ætluðum að vinna að. Þeir voru: Skráningarblað fyrir heilbrigði barnsins, TRAS/Orðaskil-íhlutun, foreldraviðtalsblöð, skil milli deilda innan leikskólans, aðlögun barna/kynningarfundur og skil milli skólastiga/Hljóm-2-íhlutun. Eftir Skype-fund með verkefnastjóra var ákveðið að fækka áhersluþáttum í þrjá og þeir voru: foreldraviðtalsblöð, TRAS íhlutun og skil milli deilda. Ástæðan fyrir því að við völdum þessa þrjá áhersluþætti var sú að við máttum svo að þeir skiptu mestu máli fyrir framhaldið. Ákveðið var að tveir aðilar úr þróunarstjórninni myndu leiða vinnu hvers teymis. Í endurmatinu sáum við að það reyndist gott því það styrkti teymið. Teymin hittust nokkrum sinnum yfir skólaárið og unnu að sínum áhersluþáttum.

Markmið og forgangsverkefni

Við erum sannfærð um að heildarárangur á þessu verkefni muni nýtast okkur í Jötunheimum. Við lærðum mikið á okkur sem hóp og hversu öflug við erum. Við sáum að teymisvinna er form sem hentar okkur mjög vel og við óhrædd að segja okkar skoðun og koma með hugmyndir. Áhersluþættirnir sem við lögðum upp með eru að okkar mati allir mjög mikilvægir og vildum við gjarnan taka þá alla fyrir því við teljum að þeir skipti okkur miklu máli í því að efla fagmennsku okkar. Við lærðum á þessu þróunarverkefni að ætla okkur ekki of mikið og vera ekki með of mikið í gangi í einu. Þegar leið á haustið fundum við „breytingarferlis lægðina“ koma yfir og upplifðum við þessa eðlilegu tilfinningu að „við séum að kafna“, „skiljum ekki verkefnið til fulls“ og að „þetta væri erfitt“. Þá kom styrkur hópsins í ljós og við vorum óhrædd við að segja okkar upplifun og tilfinningu. Við ákváðum að gera verkefnið á okkar hátt og á okkar forsendum. Þá tókum við fyrst flugið og fengum góðan meðbyr hjá verkefnisstjóranum. Lykillinn að árangri okkar er sá að vera ekki með of mikið í einu í gangi. Við sáum að teymin mættu ekki vera of stór og þau þyrftu að geta fundað reglulega. Við fundum fyrir tímaleysi og það gerðist nokkuð oft að við urðum að fella niður fundi vegna álags í húsinu. Að finna tíma fyrir teymin til að funda á dagvinnutíma er erfitt þegar allt starf er í gangi. Nemendur eru í leikskólanum frá 7:45 til 16:30 og því erfitt fyrir kennara að finna tíma til að funda þar sem þeir eiga að vera í starfi með börnunum. Það voru allir kennarar í húsinu sammála um að tilfinnanlega hafi vantað starfsmannafundi. Klárlega þarf að finna einhverja lausn á þessu máli því starf leikskólanna er gríðarlega mikilvægt.

Eins og hefur komið fram þá skiptum við áhersluþáttum niður og völdum að vinna að þremur. Við lögðum mikla áherslu á að vinna foreldraviðtalsblöðin (sjá fylgiskjal 13a, 13b) því við vildum strax byrja að nota þau. Það fyrsta sem teymið gerði var þó að ákveða hvernig form við vildum hafa á foreldraviðtölunum. Ákveðið var að þetta væru samtöl sem færu fram milli kennara og foreldra og því

³ Þegar talað er um kennara í skýrslu þróunarstjórnar Jötunheima er átt við allt starfsfólk leikskólans sem vinnur með börnunum.

þyrftum við að aðlaga viðtalsblöðin og verkferlana okkar að því. Jafnframt þyrftum við að breyta orðræðunni og temja okkur að nota orðið foreldrasamtöl. Nokkrir kennarar hafa nú þegar notað blöðin og hafa komið með endurmat á þeim. Þau eru að nýttast okkur vel og það sem við erum mest ánægð með er að allir kennarar í húsinu eru að nota sama formið í samtölunum þannig að upplifun foreldra í foreldrasamtölunum ætti að vera sú sama.

Teymið sem vann að TRAS íhlutunarblaðinu (fylgiskjöl 14a, 14b, 14c) hefur einnig skilað sínu og var lögð vinna í að skoða hvernig unnið væri með TRAS í skólanum eftir að það hafi verið útfyllt. Við leggjum mikla áherslu á, eins og leiðbeiningarnar segja til um, að það séu alltaf tveir kennarar sem fylli út í TRAS-ið. Það er kynnt á deildarfundi ásamt íhlutuninni. Þannig eiga allir kennarar á deildinni að vera meðvitaðir um þá vinnu sem á að fara fram með hverju barni og allir beri ábyrgð á því að farið sé eftir því. Við leggjum áherslu á að þegar TRAS-ið er fyllt út að hausti þá sé foreldrum boðið að koma og skoða niðurstöðurnar en að sex mánuðum liðnum er TRAS-ið útfyllt aftur og þá séu foreldrar boðaðir í samtal við kennara. Foreldrasamtalsblöðin eru notuð í því samtali þannig að þessir tveir liðir eru óhjákvæmilega samtvinnaðir.

Þriðja teymið fjallaði um skil milli deilda innan leikskólans (fylgiskjal 15, fylgiskjal 16). Hlutverk þessa teymis var að endurskoða þá verkferla, sem voru notaðir hér í Jötunheimum, um hvernig flutningur barna var milli deilda. Við sáum strax að þarna væri hægt að gera betur. Teymið leitaði sér upplýsinga hjá öllum deildarstjórum og bjó til blað þar sem nýjum verkferlum eru gerð góð skil. Nú þegar höfum við getað reynt á þá og erum mjög ánægðar. Það sem okkur finnst mikilvægt er að það sé samhljómur og samræming á verkferlum innan skólans. Með því móti verða allir kennarar öruggari í starfi og nýir kennarar geta með einföldum hætti komist inn í starfshætti skólans.

Mat á árangri

Þegar við gerðum endurmat á þróunarverkefninu sáum við að við hefðum gjarnan viljað fá meira samtal milli skólastiganna. Við í sjálfu sér áttum mjög gott samtal milli eldri og yngri deilda innan húss hjá okkur sem var þarft því áherslurnar eru ólíkar milli eldri og yngri deilda. Við upphaf verkefnisins gerðum við okkur væntingar um ákveðið samtal á milli leik- og grunnskóla og sáum þar helst fyrir okkur að hvort skólastig um sig myndi kynna sér starfið á hinu stiginu. Það voru því ákveðin vonbrigði innan kennarahópsins í Jötunheimum hvað þetta varðar. Ýmsar ástæður urðu þess valdandi að þetta var ekki möguleiki og því ákváðum við að gera eins vel og við gátum í að nýta okkur þekkingu og hæfni verkefnisstjóra í að gera starfið okkar enn betra. Mikill metnaður og góður andi einkennir kennarahóp Jötunheima og ætlum við að halda ótrauð áfram.

Samantekt og lokaorð

Hér í Jötunheimum erum við þess fullviss að þetta þróunarverkefni hafi gagnast okkur vel að mörgu leyti. Það hefur opnað á umræður um innviði skólans, breytingar á þeim og aukið samvinnu kennara þvert á deildir sem styrkir okkur í starfi og eykur fagmennsku kennara. Við sjáum nú þegar að vinnubrögð kennara eru skilvirkari sem leiðir af sér öruggari kennara og við upplifum okkur sem eina heild. Við höfum lært að við getum tekist á við breytingar og reynslan í gegnum þetta verkefni hefur sýnt að við þurfum ekki að vera hrædd við það. Við lögðum áherslu á að allir kennarar gætu á starfsdögum verið þátttakendur í þróunarverkefninu og hluti af teyminum þannig að kennarar hafa upplifað sig sem þátttakendur í þróunarverkefninu en þó mismikið. Það sem skiptir samt mestu máli er að allir kennarar hafa haft tækifæri til að hafa áhrif. Allir kennarar í Jötunheimum skipta máli og samvinna í teyminum gerir það að verkum að það verður meiri samhljómur og samræming sem ætti að skila sér í

öruggari og faglegri kennurum. Það er mikill kraftur í kennarahópnum og við ætlum ótrauð að halda áfram að gera enn betur. Við sóttum um styrk til Sprotasjóðs fyrir næsta skólaár og fengum. Í því þróunarverkefni ætlum við enn frekar að auka fagmennsku kennara, efla skólamenningu Jötunheima og styrkja starfsaðferðir kennara enn frekar. Við viljum meina að þetta þróunarverkefni hafi verið lærdómsríkt og gott veganesti fyrir framtíð okkar.

2.6 Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Þróunarstjórn skólans skipuðu: Páll Sveinsson aðstoðarskólalastjóri, Sigríður Pálsdóttir sérkennari, Karen Heimisdóttir kennari, Guðný Ósk Vilmundardóttir kennari og Inga Berglind Einars Jónsdóttir kennari (hún var í veikindaleyfi frá desember til maí).

Skipulag og framvinda

Þróunarstjórnin fundaði nokkrum sinnum um skipulagningu starfsins og nokkrir fundir voru með kennurum. Í nóvember voru tveir fundir þar sem farið var yfir stöðuna og voru kennarar sammála um að þörf væri á meiri teymisvinnu og að vinna þyrfti með nýju námsviðmiðin. Gera þyrfti símatíð virkt og efla leiðsagnarmat. Þetta allt leiddi af sér umræðu um Mentor, námsviðmið og námsmat inni á Mentor. Í ljós kom að kennarar á elsta stigi og örfáir á yngri stigum voru komnir þó nokkuð langt á veg með vinnu í Mentor.

Næst var ákveðið að hafa fund 2. janúar þar sem skipt var í hópa og skilaði hver hópur niðurstöðum úr umræðum (fylgiskjal 17). Niðurstöðurnar voru þær að kennarar vildu fá þjálfun í notkun á Mentor og einnig umræður um leiðsagnarmat og símat.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum voru þrjár vinnufundir í janúar þar sem kennarar unnu að samræmingu námsmarkmiða í Mentor og þeir sem voru lengra komnir leiðbeindu hinum. Þessi vinna skilaði miklu í námsmatsferli BES. Voru allir ánægðir með þessa vinnu og nú geta flestir í BES nýtt sér Mentor að fullu í námsmati og áætlunum. Þessi vinna gerir það að verkum að samræmd skráning á námsframvindu verður í Mentor frá 1. bekk og upp í 10. bekk. Þetta gerir okkur kleift að skrá inn í Mentor þær upplýsingar sem koma með nemendum frá leikskólanum og vinna með þær upplýsingar og skráningar sem þar hafa verið gerðar. Einnig verður auðveldara en áður að fylgjast með námsferli nemenda og útbúa námslotur sem byggja á námsframvindu til þessa. Þetta gerir einstaklingsmiðað nám mögulegt og einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur verða að veruleika. Það sem mest er um vert í þessari vinnu er að kennarar eru að vinna þessa vinnu sjálfir sem gerir það auðveldara fyrir þá að fylgjast með því sem er að gerast.

Sá hluti þróunarverkefnisins sem snýr að námsmati innan BES og þar af leiðandi skilum í framhaldsskóla gekk mjög vel og eru flest allir kennarar nú öruggari í vinnu sinni í Mentor og eru miklar líkur á að framhald verði á þeirri vinnu og að símat og leiðsagnarmat verði unnið í gegnum Mentor að því leyti sem það er mögulegt. Einnig er komin á samvinna og samtal við Fsu sem vonandi gerir það að verkum að skil inn í aðra framhaldsskóla verði auðveldari og markvissari.

Skil frá leikskóla upp í grunnskóla hafa verið í þróun undanfarin ár og er það samstarf á góðu róli. Þó þurfum við að bæta okkur í eftirfylgni með þeim niðurstöðum sem leikskólinn skilar af sér til okkar. Við erum samt markvissar að nýta niðurstöður úr HLJÓM-2 og TRAS og á hverju ári bætist eitthvað við.

Samantekt og lokaorð þróunarstjórnar.

Vinnan við þróunarverkefnið námsmat á mörkum skólastiga var áhugaverð og erum við margs fróðari eftir en áður. Hún skilaði líka heilmiklum árangri þar sem allir starfandi kennarar í BES náðu að til- einka sér að gera námsmat í gegnum Mentor og að nýta sér námslotugerð þar. Einnig skilaði samtalið við leikskóla og framhaldsskóla árangri og vonandi verður framhald á þeirri vinnu þannig að þegar upp er staðið verði þetta þróunarverkefni aðeins þrep í farsælu og löngu samstarfi milli skólastiga. Við í þróunarstjórn BES teljum að þetta þróunarverkefni sé aðeins byrjunin á verkefni sem felur í sér endurskoðun á öllu námsmati innan BES og jafnframt á mörkum skólastiga. Ljóst er að það verður seint sem þetta verkefni klárast þar sem námsmat er í sífelldri þróun og samtalið á milli skólastiga er því nauðsynlegt og einnig í sífelldri þróun.

2.7 Sunnulækjarskóli

Þróunarstjórn Sunnulækjarskóla var skipuð í september 2016. Í henni sátu: Ásdís Helga Hallgrímsdóttir, umsjónarkennari í 7. bekk, Hermann Örn Kristjánsson, deildarstjóri eldri deildar, Kristín Björk Jóhannsdóttir, deildarstjóri sérdeildar Suðurlands, Setrið Sunnulækjarskóla, María Maronsdóttir, heimilisfræðikennari, Sigrún Sighvatsdóttir, deildarstjóri yngri deildar, Sóley Jónsdóttir, umsjónarkennari í 3. bekk og Þuríður Magnúsína Björnsdóttir, íslenskukennari á unglingastigi. Kristín Björk var tengiliður við verkefnisstjóra og stýrihóp.

Skipulag og framvinda

Þróunarstjórn Sunnulækjarskóla fundaði reglulega á þriðjudögum kl. 15. Hún skipulagði einnig verkefni á þremur kennarafundum á skólaárinu, 28. september, 2. nóvember og 5. apríl: Efni og fyrirkomulag funda var sem hér segir:

- 28. september 2016: Greina forgangsverkefni í blönduðum hópum þvert á teymi.
- 2. nóvember 2016: Kynning á forgangsverkefnum og ígrundun fag- og árgangateyma:
 - Glærुकynning: Áherslan sett á að beina athygli teyma að því sem gerist frá því að markmið eru sett, þar til þau eru metin og gefinn út vitnisburður til nemenda og foreldra.
 - Hópvinnuuppröðun á kennslusvæði: Veitingar í boði og spurningar frá þróunarstjórn á hverju hópvinnumsvæði.
- 5. apríl 2017: Kynning á niðurstöðum funda með teymlum og næstu skref.
 - Kaffihúsauppröðun á kennslusvæði: Veitingar í boði og fróðleikur frá teymlum á borðum, sýnishorn af leiðsagnarmati.
 - Glærुकynning: Ferðalag vetrarins dregið saman og vegið og metið.

Þróunarstjórn tók saman efni og fróðleik og kynnti fyrir starfsmönnum skólans:

- Á sameign: Þróunarstjórn kynnti á fyrsta fundi möppu á sameign þar sem fræðsluefni var vistað. Einnig voru teymin hvött til að vista sýnishorn af leiðsagnarmati inni á þessu svæði.
- Tölvupóstur: Þróunarstjórn sendi út tölvupósta til allra kennara/þroskaþjálfara og einnig til fag- og árgangateyma. Tölvupóstur var nýttur til að senda út fræðslugögn, minna á fundi og námskeið.
- Facebooksíða starfsmanna: Fróðleikur um grósku- og festuhugarfar var vistað á þessa síðu í tengslum við fræðsluefni í tölvupósti.

Þróunarstjórn fundaði með öllum 14 teymlum skólans á tímabilinu 23. jan. til 23. mars. Fundarefni voru tvö: 1) að fara yfir áhersluatriði í þróunarverkefninu námsmat á mörkum skólastiga og 2) samtal um hlutverk teymis og kortleggja næstu skref. Verklag við fundina var eftirfarandi: Póstur var sendur

á hvert teymi fyrir sig og teymið beðið að skrá fundartíma sinn á tímatöflu sem fylgdi með póstinum. Hvert teymi fékk formlegt fundarboð með fylgigögnum um leið og fundartími var staðfestur. Fylgigögnin voru:

- Bæklingur um forgangsatriðin.
- Spurningar um lykilþætti leiðsagnarmats.
- Leiðsagnarmat - Hugmyndir og sýnishorn.

Fundargerð var send til teymis eftir fundinn þar sem staða og næstu skref voru tilgreind.

Markmið og forgangsverkefni

Sett voru niður þrjú forgangsverkefni sem öll fléttast saman og eru forsenda þess að námsmat sé samofið kennslu. Megináhersla þróunarstjórnar beindist að forgangsverkefni 2 og að skerpa skilning skólasamfélagsins á leiðsagnarmati; kynna fjölbreyttar matsaðferðir í anda leiðsagnarmats með því að draga fram í dagsljósið þær aðferðir sem notaðar eru í skólanum í anda hugmynda lærdóms-samfélagsins. Forgangsverkefni og helstu upplýsingar um þau eru sýnd hér á töflu 3 hér eftir.

Tafla 3. Forgangsverkefni Sunnlækjarskóla

Forgangsverkefni 1	Stuðla að samfellu í námi og námsmati á milli árganga og stiga
Hvert stefnum við?	Að skólanámskrá Sunnlækjarskóla og námsvísar árganga innihaldi Skýr metanleg hæfniviðmið í hverri námsgrein.
Hvaða bjargir?	Námsvísar í 1.–10. bekk. K3 í Mentor: Hæfniviðmiðum raðað niður á 1.–10. þrep.
Hverjir koma að verki?	Fagteymi á unglingsstigi. Stýrihópar í íslensku, stærðfræði, tungumálum, list- og verkgreinum, samfélagsgreinum, náttúrugreinum.
Verklýsing	Markmið námsframvindu í Mentor borin saman við hæfniviðmið í aðalnámskrá. Orðalag aðlagð og hæfniviðmið valin og flokkuð niður.
Forgangsverkefni 2	Þróa matsaðferðir og matstæki sem styðja við námsferðalagið í anda leiðsagnarmats
Hvert stefnum við?	Að námsmat í Sunnlækjarskóla: ✓ Taki mið af lykilþáttum leiðsagnarmats. ✓ Sé byggt á upplýsingum sem safnað er með matstækjum í anda leiðsagnarmats. ✓ Sé innbyggt í kennsluáætlanir og móti þannig kennsluna og nám nemenda.
Hvaða bjargir?	Námsvísar, kennsluáætlanir, lotur, einstaklingsnámskrár. Sýnishorn og upplýsingar um matsaðferðir: ✓ Sjálfs- og jafningjamat. Safn matsgagna sem til er í skólanum: ✓ Á kennaradrifi, í möppum, hjá umsjónarteymum.
Hverjir koma að verki?	Árgangateymi Fagteymi
Verklýsing	Gera tilraunir með hönnun og fyrirlögn matsgagna í anda leiðsagnarmats. Safna saman sýnishornum af matsgögnum. Flokka skipulega út frá hæfniviðmiðum.
Forgangsverkefni 3	Móta skýran ramma um matsviðmið og endurgjöf til nemenda
Hvert stefnum við?	Að skólanámskrá Sunnlækjarskóla og námsvísar árganga innihaldi upplýsingar um: ✓ Skilgreiningu á matsviðmiðum. ✓ Form á endurgjöf á námstímabilinu. ✓ Form á vitnisburði við annaskil. Skipulag á endurgjöf í foreldra-/nemendaviðtali.

Hvaða bjargir?	Námsvísar í 1.–10. bekk. Nemendaviðtalseyðublöð. Vitnisburður í K3: Hæfnikort/vitnisburðarskírteini.
Hverjir koma að verki?	Fagteymi á unglíngastigi. Stýrihópar í íslensku, stærðfræði, tungumálum, list- og verkgreinum, samfélagsgreinum, náttúrugreinum.
Verklýsing	Skilgreina matsviðmið í hverri námsgrein í 1. – 10. bekk. Skilgreina ták og bókstafi skýrt og greinilega.

Mat á árangri og stöðu forgangsverkefna

Á kennarafundi þann 5. apríl var framvindu þróunarverkefnisins kynnt. Niðurstöðurnar eru byggðar á fundum með teyllum skólans, 14 talsins (sjá kafla frammar um skipulag og framvindu). Fundirnir gáfu góða mynd af stöðu leiðsagnarmats í skólastarfinu og hversu mikilvægt er að hlúa að undirstöðunni, sjálfum námsmarkmiðunum og gera þau sýnileg nemendum. Yfirlit um árangur og stöðu forgangsverkefna er eftirfarandi.

Tafla 4. Mat á stöðu forgangsverkefna Sunnulækjarskóla 5. apríl 2017

Forgangsverkefni 1	Stuðla að samfellu í námi og námsmati á milli árganga og stiga.
Framvinda	Fagteymi á unglíngastigi komin vel af stað í að móta metanleg hæfniviðmið sem skráð eru í K3 í Mentor. Stýrihópar að hefja verkið með stuðningi deildarstjóra.
Staða	Hvaða markmið? ✓ Þörf á að ljúka vinnu við endurskoðun á markmiðum út frá hæfniviðmiðum. Nemendamiðuð markmið. ✓ Þörf á að auka aðgengi og skilning nemenda á markmiðum. ✓ Tengja inn í áætlanir, verkefnalýsingar, skilaboð í rými. Hvað á að meta? ✓ Þörf á að flétta leiðsagnarmat inn í kennsluskipulagið. ✓ Námsmat enn aðskilin eining í stað þess að vera samofið kennslu. Hvaða leiðir? ✓ Þörf á að kortleggja námsleiðir og námsgögn við hæfniviðmið í hverjum árgangi.
Næstu skref	Forgangsatríði að vinna áfram að formlegri skólanámskrá skólans til að festa í sessi verklag og áherslur: <i>Starfsáætlun:</i> Verklag í námsmati tilgreint. <i>Almenn stefnumörkun:</i> Faglegar áherslur tilgreindar. <i>Greinasvið:</i> Námskrá fyrir hverja námsgrein frá 1.–10. bekk þar sem tilgreind eru hæfniviðmið, leiðir í kennslu og námsmatsaðferðir.
Forgangsverkefni 2	Þróá matsaðferðir og matstæki sem styðja við námsferðalagið í anda leiðsagnarmats
Framvinda	Fag- og árgangateymi sýndu fram á fjölbreytt matsgögn sem búið er að þróa og nota á skólaárinu.
Staða	Hvers konar matsgögn? ✓ Þörf á að útbúa fjölbreytt matsgögn með vísun í hæfniviðmið. Gagnasafn. ✓ Þörf á skýrari skjalastjórnun. ✓ Tryggja aðgengi teyma að fyrri matsgögnum. Sjálfsmat og jafningjamat. ✓ Þörf á að leggja meiri áherslu á þátttöku nemenda í mati á eigin námi. Samvinnunám og ígrundun. ✓ Þörf á að formgera þessar leiðir betur í áætlunum og tengja við leiðsagnarmat.
Næstu skref	Skipuleggja gagnavistun til að miðla þekkingu í skólasamfélaginu. Kennsluáætlun feli í sér samofið nám frá markmiðum til námsmats.

	Setja saman skemmtilega útgáfu af minnisþingum um matsaðferðir í anda leiðsagnarmats. Kynna vel á starfsdögum í skólabyrjun.
Forgangsverkefni 3	Móta skýran ramma um matsviðmið og endurgjöf til nemenda
Framvinda	Sameiginleg sýn að mótast og verklag í Mentor að verða ljóst.
Staða	Samræma matsviðmið. ✓ Hvað þýða tákni? ✓ Tenging við bókstafi. ✓ Hvaða færni þarf til að fá hvert tákn/bókstaf? Námsmat samofið kennslu. ✓ Kortleggja áherslur yfir skólaárið. ✓ Vörður á skóladagatali. Endurgjöf. ✓ Skilgreina og kortleggja út frá skóladagatali. Vitnisburður ✓ Hæfnikort. ✓ Umsagnir. ✓ Samtal. ✓ Vitnisburðarskírteini/bók.
Næstu skref	Þróunarstjórn/stjórnendur setja niður vörður fyrir næsta skólaár. Kynning á því hvernig Mentor er notaður til að skrá niðurstöður og halda utan um kennsluskipulagið frá markmiðum til námsmats. Kynning á starfsdögum í skólabyrjun.

Samantekt og lokaorð

Sunnulækjarskóli hefur frá upphafi byggt sitt skólastarf á þrepaskiptum námsmarkmiðum en vinna við endurskoðun yfir í hæfniviðmið hefur dregist. Þátttaka í þróun verkfæra í Mentor sem henta best til að vinna með upplýsingarnar hefur tekið orku frá innleiðingu á leiðsagnarmati byggðu á hæfniviðmiðum. Þátttaka í þróunarverkefninu *Námsmat á mörkum skólastiga* hefur stuðlað að skýrari sýn á verklag við námsmat en ekki síður á heildarmyndina, endurskoðun og uppbyggingu á skólanámskrá Sunnulækjarskóla í samræmi við *Aðalnámskrá grunnskóla 2011*. Næstu forgangsverkefni eru að styðja við

- verkefni stýrihópa í samræmingu á hæfniviðmiðum og matsviðmiðum,
- vinnu teyma við að gera tilraunir með að útfæra leiðsagnarmatið og finna fyrir öryggi í að beita slíkum aðferðum í námsmati,
- tækniútfærslur á K3 – Kynning á starfsdögum í skólabyrjun á samræmdri notkun á því verkfæri 3.9 (K3).

2.8 Vallaskóli

Eftirtaldir starfsmenn Vallaskóla skipuðu þróunarstjórn skólans sem hafði yfirumsjón með framgangi verkefnisins innan skólans ásamt stjórnunarteymi hans: Guðbjartur Ólason skólastjóri, Heiðís Þorsteinsdóttir fulltrúi yngsta stigs, Hildur Bjargmundsdóttir fulltrúi miðstigs, Sigríður Anna Guðjónsdóttir fulltrúi efsta stigs og Hildigunnur Kristinsdóttir fulltrúi list- og verkgreina. Guðbjartur var tengiliður við verkefnisstjóra og stýrihóp. Þróunarstjórnin var kosin á almennum kennarafundi. Hún kom saman í byrjun október og kynnti sér erindisbréf sitt frá verkefnisstjórn verkefnisins.

Skipulag og framvinda

Í upphafi var ákveðið að skipta kennurum í hópa þvert á stig og ræða verkefnið *Staða námsmats* (sjá fylgiskjal 3) á almennum kennarafundi og yrði það verkefni á tveimur samverum þ.e. tvisvar sinnum tvo klukkutíma. Á fyrri samverunni kynnti skólastjóri verkefnið fyrir kennurum með glærum (fylgiskjal 20). Á þessari fyrri samverunni var einvörðungu þessi kveikja skólastjóra og í kjölfarið samræður milli kennarateyma um viðfangsefnið þar sem þeir yfirveguðu hvert væri markmiðið með verkefninu *Námsmat á mörkum skólastiga* og að hverju við vildum stefna í þessum efnunum.

Á seinni samverunni drógu kennarar saman helstu niðurstöður úr hópavinnunni og skráðu niðurstöður teymanna inn á Google svæði sem þróunarstjórnin hafði aðgang að og gæti nýst sem efniviður í framkvæmdaáætlun. Einnig sköpuðust þarna líflegar umræður um stöðu verkefnisins og tilgang. Í framhaldi af þessari vinnulotu fór þróunarstjórnin yfir niðurstöður af teymisvinnu kennara á undan-gengum samverum undir heitinu *Staða námsmats* og drög voru lögð að framkvæmdaáætlun. Skóla-stjórar ræddu síðan við alla kennara skólans um form næstu annaskila, námsmat og námsmatskvarða (fylgiskjal 21).

Því næst fékk skólastjóri Ívar Jónsson, kennara í Fjölbrautaskólanum Mosfellsbæ, til að ræða um leiðsagnarnám og leiðsagnarmat á samveru 2. nóvember. Þá tók þróunarstjórnin þátt í sameiginlegum fræðslufundi allra þróunarstjórna í Ráðhúsi Árborgar þann 13. október. Þann sama dag var sameiginlegur fundur allra kennara í Árborg um verkefnið en hann fór fram í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Á fundi þróunarstjórnar Vallaskóla 3. nóvember var gengið frá *Framkvæmdaáætlun fyrir Námsmat á mörkum skólastiga í Vallaskóla*. Þá fóru einnig fram umræður um fyrirlestur um leiðsagnarnám, sem haldinn hafði verið daginn áður. Almenn ánægja var meðal kennara með framtakið. Efni erindisins féll vel að þróunarverkefninu *Námsmat á mörkum skólastiga*. Þá var einnig rætt og farið yfir niðurstöður af fundum skólastjóra með öllum kennurum. Loks var ákveðið að búa til gátlista samkvæmt framkvæmdaáætlun (fylgiskjal 22).

Á fundi um miðjan desember greindi skólastjóri þróunarstjórn frá efni Skype-fundar sem haldinn hafði verið í Fjölbrautaskóla Suðurlands nokkru áður. Líflegar umræður urðu um efni fundarins og ákveðið í framhaldinu að taka fyrir á starfsdegi eftir áramót „að rýna í skólastarfið“ af þessu tilefni. Því næst staðfærði og þýddi þróunarstjórnin eyðublaðið *Teacher Innovation Exploration Plan* í þessum tilgangi. Mikil eindrægni var meðal hópsins með þessa útfærslu (fylgiskjal 23).

Þá var rætt um verkefnið „*lesson study*“ og eyðublað sett inn á drifið (fylgiskjal 24).

Skólastjóri kynnti á fundi í janúar fyrir þróunarstjórn hugmyndir stjórnunarteymis um næstu skref í samræmingu námsmats og innleiðingu skólanámskrár (fylgiskjal 25). Stjórnunarteymið og þó sérstaklega aðstoðarskólastjóri höfðu tekið virkan þátt í þessari vinnu og þakkaði þróunarstjórn þeim þeirra framlag. Því næst var farið yfir umræðupunkta frá starfsdegi 2. janúar og þeir ræddir.

Að þessu loknu var meginþunginn í vinnu kennara við skólanámskrá og námsmatskvarða. Einnig sat þróunarstjórnin tvo fundi með verkefnisstjóra í nóvember og febrúar. Hvorttveggja fundirnir gáfu skýrar leiðbeiningar og æskilegt aðhald um verkefnið og framvindu þess.

Lokaorð

Niðurstaðan eftir þessa vinnu í vetur er einkum sú að án efa hefur kennarahópurinn allur eflst í þessari samvinnu. Meginviðfangsefnin tvö, *skólanámskrá* og *endurnýjun námsmatskvarða* eru bæði í

eðli sínu þannig að þeim lýkur aldrei. Þau eru eins og skólastarfið sjálft, sífelld viðfangsefni með stöðugt nýjum áskorunum.

2.9 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Þróunarstjórn Fjölbrautaskólans á Suðurlandi var skipuð af Guðbjörgu Helgu Guðmundsdóttur, sviðsstjóra stærðfræði, raungreina, starfsmennta, lista og íþróttaskólans, Guðbjörgu Dóru Sverrisdóttur kennslustjóra íslensku, og Sigursveini Má Sigurðssyni, sviðsstjóra tungumála, samfélagsgreina og lífsleikni. Hann var jafnframt tengiliður milli þróunarstjórnarinnar og verkefnisstjóra og stýrihóps. Þess ber þó að geta að þrátt fyrir að þessir þrír einstaklingar hafi skipað þróunarstjórnina, var skipulag starfsins innan skólans nokkuð opið og ákvarðanir voru teknar í sameiningu innan kennarateymisins.

2.

Strax í byrjun var ákveðið að hafa þátttöku í verkefninu frjálsta þ.e. að þeir sem væru áhugasamir um leiðsagnarmat gætu tekið þátt en enginn yrði krafinn um að taka þátt í því.

Eins og áður er getið var skipulag hópsins nokkuð flatt, og í rauninni var enginn með stjórnina heldur voru allir aðilar í teyminu jafnir. Fundir voru nokkuð reglulega framanaf en fækkaði þó á álagstímum á skólaárinu. Ákveðið var að nýta lausan tíma í töflu kennara sem ætlaður er fyrir fundi. Um það bil tíu fundir voru haldnir á skólaárinu. Samskipti við aðra kennara en þá sem voru í hópnum fóru aðallega fram á kennarafundum þar sem sagt var frá verkefninu og fjallað um leiðsagnarmat með ýmsum hætti.

3.

Áherslan hjá okkur var sett á að kynna sér leiðsagnarmat og vinna að innleiðingu þess innan teymisins. Við lásum bækur um leiðsagnarmat og fundum ýmislegt efni á vefnum. Við stefndum á að vinna að sameiginlegri aðferð fyrir miðannarmat, en af ýmsum ástæðum tókst ekki að klára það.

4.

Eins og áður segir var áherslan sett á innleiðingu leiðsagnarmats innan kennarateymisins. Að mörgu leyti má segja að það hafi tekist, a.m.k. að hluta. Kennarar í hópnum eru öruggari nú en áður um kosti og galla leiðsagnarmats og sjá nú betur en áður hvernig nýta má það í sinni kennslu.

Ekki reyndist mögulegt að klára innleiðinguna hjá öllum í hópnum, en þó teljum við næsta öruggt að leiðsagnarmat sé komið til að vera hjá kennurum í teyminu. Það er okkur einnig ljóst að svona vinna er nokkuð flókin og að mörgu sem þarf að huga í því sambandi. Setja þarf ýmsa hluti í skipulaginu hjá okkur í fastari ferla til að tryggja betur að hlutir séu kláraðir svo dæmi sé tekið. Tímaskortur var klárlega sá þáttur sem réð því að ekki náðist að klára verkefnið hjá okkur. Við teljum þó ekki að þetta hafi mistekist því segja má að þátttakan í þessu verkefni hafi í raun orðið til þess að kveikja áhuga margra kennara á því að innleiða hjá sér leiðsagnarmat og er það í rauninni ekki svo lítið þegar horft er til þess að áhugi kennara er ef til vill eitt af því sem helst skilar mestum árangri í innleiðingu nýrra þátta í skólastarfi.

Sem dæmi hefur einn aðili í kennarateyminu tekið að sér að halda utan um áframhaldandi þróunarstarf í innleiðingu leiðsagnarmats hér innan skólans næsta vetur. Hópurinn, sem hefur stækkað frá sl. vetri, hefur nú þegar fundað einu sinni og hefur byrjað að skipuleggja starfið næsta vetur.

Því má segja að þátttaka skólans í þessu þróunarverkefni hafi skilað töluverðum árangri, og verður vonandi einungis fyrsta skrefið af mörgum í áframhaldandi vinnu kennara skólans í innleiðingu leiðsagnarmats í áföngum sínum. Stefnan hefur verið sett á að bæta nokkrum nýjum kennurum við hópinn strax um áramót og byrja þannig að breiða út enn frekar þessa hugmyndafræði.

3. Samantekt og mat verkefnisstjóra

Í þessum kafla er samantekt, mat og ályktanir verkefnisstjóra. Í kaflanum eru fyrst dregnir saman helstu þættir úr skýrslum leikskóla, þá úr skýrslum grunnskólanna og loks úr skýrslu FSu. Því næst er gerð grein fyrir niðurstöðu einstakra verkþátta samkvæmt umsókn til Sprotasjóðs og að lokum er nokkrar ályktanir verkefnisstjóra.

3.1 Leikskólar

Í þessum kafla er samantekt í þremur þáttum úr skýrslum þróunarstjórna leikskólanna í Árborg: þættirnir eru: 1) Þróunarstjórn og skipulag vinnunnar, 2) Forgangsverkefni, 3) Mat þróunarstjórna.

Þróunarstjórnir og skipulag vinnunnar

Í öllum leikskólunum var skipuð þróunarstjórn í samræmi við það sem lýst er í kafla 2.3. Þróunarstjórnirnar voru misjafnlega fjölmennar, í þeim sátu frá fjórum og upp í átta fulltrúar. Í sumum skólanna tók stjórnendateymi skólans að sér verkefni þróunarstjórnar en annars staðar unnu þróunarstjórnir í nánu sambandi við stjórnendateymið. Þar sem þróunarstjórnir voru fjölmennastar (t.d. í Jötunheimum) var það með þeim rökum að mikilvægt væri að allar deildir ættu fulltrúa í stjórninni. Í öðrum skólum (t.d. Hulduheimum) var passað upp á slík tengsl með því að kynna fundargerðir þróunarstjórnar fyrir deildarstjórum (á deildarstjórafundi) sem aftur kynntu fundargerðirnar fyrir þeim sem störfuðu með þeim á deildinni. Allar þróunarstjórnirnar settu sér fasta fundartíma, funduðu reglulega og héldu fundargerðir. Allir skólarnir virðast hafa komið sér upp skilvirkum vinnulagi hvað þetta varðaði.

Í öllum leikskólunum var teymisvinna grundvöllur að skipulagi á vinnu kennara. Teymin voru með ýmsu móti; voru bæði innan deilda, þannig að þeir sem voru saman á deild mynduðu teymi, og einnig voru mynduð teymi þvert á deildir utan um einstök forgagnsverkefni. Það var til dæmis gert í Leikskólunum Brimveri-Æskukoti, Hulduheimum og Jötunheimum. Í nokkrum skólum voru tilraunir með hvort tveggja, til dæmis í Leikskólanum Álfheimum sem byrjaði með teymi innan deilda en myndaði síðar ný teymi þvert á deildir um ný verkefni. Í öllum skólunum virtust þróunarstjórnin og starfsmannahópurinn hafa góð tök á þessu vinnulagi, hvort sem var innan deilda eða þvert á deildir. Í samantektum flestra þróunarstjórnanna kemur einnig fram að þeim fannst það vinnulag að fela teyimum ábyrgð á forgagnsverkefnum í þróunarstarfinu þróunarstarfsins farsælt og skila árangri. Þróunarstjórn Jötunheima sagði til dæmis í sinni samantekt að verkefnið hafi „opnað á umræður um innviði skólans, ... aukið samvinnu kennara þvert á deildir ... og samvinna í teyimum [og gert] ... að verkum að það [varð] meiri samhljómur og samræming“. Þróunarstjórn Hulduheima taldi einnig að „með því að skipa teymin þannig að blöndun væri af faglærðum og ófaglærðum sem og af yngri og eldri deildum höfum við eflt samtalið milli starfsmanna og styrkt lærdómssamfélag innan skólans“.

Forgangsverkefni og framvinda

Í öllum leikskólunum voru skipulögð forgangsverkefni í þróunarstarfinu og gerðar framkvæmdar-áætlanir um þau. Hvort tveggja var í samræmi við það vinnulag sem verkefnisstjóri lagði til í upphafi þróunarstarfsins. Framkvæmdaráætlanir um einstök verkefni voru þó mis ítarlegar. Allir leikskólarnir beindu sjónum sínum, á einn eða annan hátt, að þeim námsmatstækjum sem þegar eru notuð í skólunum, einkum skráningum og skimunum. Þróunarstjórn Álheima orðaði þetta þannig að

heildarmarkmið verkefnisins hafi verið „fyrst og fremst að ná utan um það námsmat sem verið er að nota í leikskólanum, gera vinnulag markvissara þannig að niðurstöður nýtist sem best fyrir börn, foreldra og starfsfólk“. Þetta markmið má telja dæmigert fyrir þau markmið sem leikskólarnir settu sér um þessi viðfangsefni. Matstækin Hljóm-2, TRAS og Orðaskil voru áberandi í markmiðum skólanna að þessu leyti. Markmiðin beindust fyrst og fremst að því að gera úrvinnslu þeirra gagna sem þessi matstæki gefa af sér skilvirkari og þá einkum notagildi þeirra fyrir leiðsögn í áframhaldandi námi nemenda. Sem dæmi um þetta má nefna ítarlegt skráningarform fyrir íhlutun í kjölfar TRAS-skráninga sem Leikskólinn Jötunheimar vann (fylgiskjöl 16a, 16b, 16c). Vinna með Heilsubók barnsins er af sama tagi og áhersla var einnig á hana í Leikskólanum Árbær, sem er heilsuleikskóli. Helstu forgangsverkefni leikskólanna eru sýnd í töflu 4.

Tafla 5. Helstu forgangsverkefni leikskólanna

Verkefni	Leikskólar
Hljóm-2: Nýting og skriflegur verkferlar	Álfheimar / Árbær / Hulduheimar
TRAS: Skráning og nýting niðurstaðna	Álfheimar / Árbær / Brimver-Æskukot / Jötunheimar
Orðaskil: Skráning og nýting niðurstaðna	Álfheimar / Árbær
Heilsubók barnsins	Árbær / Brimver-Æskukot
Námsmatshandbók með verkferlum fyrir námsmat í skólanum / Skráð stefna um námsmat	Álfheimar / Hulduheimar
Ferilmöppur	Álfheimar / Hulduheimar
Námsmat á námssviðum leikskóla	Álfheimar
Lýðræði og þátttaka barna í mati á leikskólastarfi og samtölum við foreldra	Árbær / Brimver-Æskukot
Nýting matskráninga til snemmtækrar íhlutunar – verkferlar í handbók leikskólans	Brimver-Æskukot
Starfspróun kennara v. matstækja (Heilsubók barnsins, TRAS og AEPS skráningarlista) og snemmtækrar íhlutunar	Brimver-Æskukot
Könnunaraðferðin og námsmat í henni	Hulduheimar
Viðmið um hreyfiproskamat	Hulduheimar
Viðtalsblöð og verkferlar fyrir samtöl við foreldra	Jötunheimar
Skil milli deilda – verkferlar og mat á stöðu barna við flutning milli deilda	Jötunheimar

Mat þróunarstjórna

Mat þróunarstjórna leikskólanna á árangri þróunarstarfsins í heild og á afrakstri einstakra forgangsverkefna er almennt jákvætt. Svo virðist sem skipulag og umgjörð verkefnisins þar sem lögð var áhersla á forustu skólastjóra og annarra í stjórnunarteymi skólanna, ásamt dreifri forystu þróunarstjórna og teyma hafi verið árangursrík. Verkefnið var vissulega umfangsmikið, það þótti sum staðar þungt í vöfum í byrjun og það tók tíma fyrir kennarahópa skólanna að átta sig á umfangi þess og áherslum. Margir fundu einnig fyrir því óöryggi sem iðulega tengist breytingastarfi. Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að lesa annað út úr skýrslum þróunarstjórnanna en að metnaður, áhugi og samstaða hafi einkennt vinnuna í skólunum. Dæmi úr skýrslum þróunarstjórna leikskólanna lýsa þessu:

- „Í leikskólanum ... hefur heilmikið verk unnist í því að ná utan um það námsmat sem fyrir var, kynna það fyrir öllu starfsfólki og gera verkferla skýrari bæði fyrir starfsfólki og foreldrum“ (Þróunarstjórn Álfheima).
- „Þróunarstjórnin ... er sammála því að verkefnið hafi stuðlað að því að efla meðvitund starfsmannahópsins um það fyrir hvað [skólinn] stendur. Starfsfólk er meðvitaðra um þau matstæki sem verið er að nota ... upplýstara um námsmat leikskólans ... [og] finnst það vera hluti af faglegu samfélagi“ (Þróunarstjórn Árbæjar).
- „Þátttaka í verkefninu styrkti lærdómssamfélag skólans; það kallaði á endurtekið ferli sjálfsskoðunar, ígrundunar, mats og áætlana um framkvæmd“ (Þróunarstjórn Brimvers-Æskukots).
- „Starfsfólk hefur eflst faglega og verkefnið hefur haft jákvæð áhrif“ (Þróunarstjórn Hulduheima).
- „Hér ... erum við þess fullviss að þetta þróunarverkefni hafi gagnast okkur vel að mörgu leyti ... samvinna í teyllum gerir það að verkum að það verður meiri samhljómur og samræming sem ætti að skila sér í öruggari og faglegri kennurum“ (Þróunarstjórn Jötunheima).

Nokkrar þróunarstjórnanna lýsa vonbrigðum með að væntingar þeirra um aukið samtal milli skólastiganna hafi ekki verið uppfylltar en geta þess líka að þær líti á verkefnið sem upphafið að langtíma-þróunarstarfi á sviði námsmats og kennslu og allar setja þær fram framtíðarsýn um hvernig þær hyggjast halda áfram því starfi sem þær hófu í verkefninu.

3.2 Grunnskólar

Í þessum kafla er samantekt í tveimur þáttum úr skýrslum þróunarstjórna grunnskólanna í Árborg: Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES), Sunnulækjarskóla og Vallaskóla. Þættirnir eru: 1) Þróunarstjórn og skipulag vinnunnar, 2) Forgangsverkefni, framvinda og mat þróunarstjórna.

Þróunarstjórnir og skipulag vinnunnar

Í öllum grunnskólunum þremur voru skipaðar þróunarstjórnir á haustdögum í samræmi við það sem lýst er í kafla 2.3. Fjórir til sjö fulltrúar voru í þróunarstjórnunum. Þróunarstjórn Sunnulækjarskóla hélt reglulega fundi en ekki er hægt að lesa út úr skýrslum þróunarstjórna hinna skólanna að fundir þeirra hafi verið reglubundnir. Allar þróunarstjórnirnar héldu vinnufundi með kennurum á almennum kennarafundum eða sérstökum fundum þar sem verkefnið var á dagskrá. Í Sunnulækjarskóla var vinnan við forgangsverkefni skólans falin teyllum sem þegar voru stafandi innan skólans. Á áætlunum um forgangsverkefni er talað um fagteymi, árgangateymi og stýrihópa í námsgreinum / greina-sviðum en ekki er skýrt nánar hvernig verkaskipting þessara hópa var. Þróunarstjórnin vann skipulega með teymunum. Í skýrslum hinna skólanna kemur ekki skýrt fram hvort teymi voru mynduð eða hvernig vinnu þeirra var háttað ef svo var. Samkvæmt fylgiskjali 20 héldu skólastjórar Vallaskóla þó fundi með kennurum allra árganga, list- og verkgreinakennurum og sér- og stoðkennurum.

Forgangsverkefni, framvinda og mat þróunarstjórna

Skipulag forgangsverkefna var mismunandi í grunnskólunum þremur. Í skýrslu þróunarstjórnar Sunnulækjarskóla er gerð grein fyrir þremur forgangsverkefnum, sem höfðu ljós tengsl við meginmarkmið verkefnisins og áætlunum um þau. Enn fremur eru gerð grein fyrir framvindu hvers forgangsverkefnis, stöðu þess og næstu skrefum. Mat þróunarstjórnarinnar er að framvinda hafi

orðið í öllum forgangsverkefnum, staða hvers og eins er metin í stuttu máli og bent á næstu skref. Skilja má af mati þróunarstjórnarinnar að haldið verði áfram að vinna að þessum verkefnum.

Í BES virðist megináhersla hafa verið lögð á „samræmingu námsmarkmiða í Mentor“. Að mati þróunarstjórnar BES skilaði vinnan þeim árangri að „allir starfandi kennarar í BES náðu að tileinka sér að gera námsmat í gegnum Mentor og að nýta sér námslotugerð þar“. Þróunarstjórnin telur einnig að „komin sé á samvinna og samtal við Fsu“ og að samstarfið um „skil frá leikskóla upp í grunnskóla ... [sé] á góðu róli“. Ekki kemur þó fram í skýrslu þróunarstjórnarinnar hvernig unnið var að síðastnefndu tveimur viðfangsefunum á skólaárinu.

Í Vallaskóla þróaðist verkefnið þannig að megináherslan var lögð á „vinnu kennara við skólanámskrá og námsmatskvarða“. Þetta viðfangsefni er þó ekki beinlínis nefnt í framkvæmdaráætlun skólans um verkefnið í heild (fylgiskjal 21) en ítarleg lýsing á verklagi við þetta er í fylgiskjali 24. Í skýrslu þróunarstjórnar Vallaskóla kemur ekki fram mat á stöðunni í þessu viðfangsefni eða hvaða næstu skref eru áformuð. Í skýrslu þróunarstjórnarinnar eru nefnd tvö önnur verkefni sem voru sett á dagskrá á kennarafundum: rýnt í skólastarf (fylgiskjal 22) og rannsóknarkennslustund (fylgiskjal 23). Hvort tveggja eru áhugaverð verkefni en hvorki eru áætlanir um framgang þeirra í gögnum þróunarstjórnarinnar né mat á hvernig þau gengu eða hverju þau skiluðu í vinnu skólans að markmiðum þróunarstarfsins.

3.3 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Fjölbrautaskóli á borð við FSu er talsvert flóknari stofnun er grunnskólar og framhaldsskólar og deildir innan slíks skóla innbyrðis ólíkari og væntanlega sjálfstæðari en deildir eða stig leikskóla og grunnskóla. Í FSu var starfandi áhugasöm þróunarstjórn en ekki voru allir kennarar þátttakendur í verkefninu heldur var farin sú leið að hafa þátttöku í því frjálsa og mynda teymi áhugasamra kennara um þróun leiðsagnarmats. Þróunarstjórn skólans var kjarni þessa teymis og sótti þá fræðslufundi sem haldnir voru. Teymið setti ekki niður eiginleg forgangsverkefni en engu að síður virðist töluverð virkni hafa verið í því, bæði við lestur efnis um leiðsagnamat og tilraunir með ýmsar leiðir við það. Verkefnisstjóri átti, auk samskipta við þróunarstjórn skólans, Skype-fund með ca 15 manna hópi kennara um þróun leiðsagnarmats. Að mati þróunarstjórnarinnar skilaði vinnan við verkefnið auknum áhuga hlutaðeigandi kennara, auknu öryggi sem hélst í hendur við aukna þekkingu og reynslu, og síðast en ekki síst í áformum skólans um áframhaldandi vinnu að þróunarstarfi á þessu sviði.

4. Lokaorð verkefnisstjóra

Verkefninu *Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg* er nú lokið í þeim skilningi að tímabil styrksins úr *Sprotasjóði* er á enda og verkefnisstjóri og stýrihópur hafa lokið hlutverki sínu. Í öðrum skilningi er verkefnið rétt að byrja og mikilvægt að líta á þessi skil sem áfanga á þeirri leið sem mörkuð er með markmiðum og áætluðum afrakstri verkefnisins. Verkefninu voru sett metnaðarfull markmið sem miðuðu að árangri á þremur sviðum:

1. Námsmati og tilhögun kennslu.
2. Starfsþróun kennara og þróun skólamenningar í átt til lærdómssamfélaga.
3. Aukinni samfellu á leið nemenda í gegnum skólastigin þrjú, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í öllum skólunum voru settar á laggirnar þróunarstjórnir sem allar unnu gott starf, einkum í anda tveggja fyrstu markmiðanna og víðast hvar var stofnað til teymisvinnu kennara. Í öllum skólunum fór fram umræða um námsmat, meðal annars til að kortleggja stöðu námsmats í skólunum við upphaf verkefnisins, kennarar sóttu sér fræðslu um námsmat með lestri og/eða fræðslufundum og ný vinnubrögð voru reynd. Ætla má að með þessu hafi skilningur kennara á eðli námsmats, ekki síst leiðsagnarmats, dýpkað, hugtök hafi skýrst og öðlast sameiginlega merkingu í hugum kennara. Þetta er mikilvægur grunnur undir áframhaldandi þróun námsmats og árangursríkra starfshátta í skólunum og mikilvægt að þessari umræðu verði haldið áfram. Mikilvægt er einnig að halda því til haga að allir skólar á öllum skólastigum í sveitarfélaginu hafa gengið í gegnum sama verkefnið og eignast við það sameiginlega reynslu. Með því hafa þeir styrkt tengslanet sitt sem er mikilvægur liður í eflingu lærdómssamfélags innan sveitarfélagsins. Áframhaldandi forystuhlutverk fræðsluviðs Árborgar er tvímælalaust mikilvægt.

Í leikskólunum hefur verkefnið haft góðan byr. Í þeim voru mótuð fjölbreytt forgangsverkefni sem skiluðu árangri og í skýrslum þróunarstjórnanna eru áform um áframhaldandi vinnu við þau. Gengi verkefnisins í grunnskólunum og FSu var skrykkjóttara og í tveimur grunnskólanna er óljósara að hvaða leyti markmið náðust sem lutu að samhengi námsmats við aðra þætti náms og kennslu. Engu að síður má ætla að í þeim öllum hafi verið sáð lífvænlegum fræjum og þróunarstarf hafist sem líklegt er að muni ryðja brautina að áframhaldandi þróun leiðsagnarmats.

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir mun meiri breytingum á námsmati og framsetningu þess en aðalnámskrár hinna skólastiganna. Eftir á að hyggja var umfang og flækjustig þessara breytingar líklega vanmetið í verkefninu og staða skólanna við að þróa námsmat og framsetningu í anda nýrra hugtaka að sama skapi ofmetin. Þar að auki þurftu grunnskólarnir að fást við tæknilegar útfærslur á skráningu námsmats í Mentor. Í þetta fór orka sem dró athyglina frá markmiðum verkefnisins um samfléttun námsmats og kennslu og vinnu við mótun námsmats á mörkum skólastiganna. Vafalítið setti það einnig mark sitt á verkefnið að rof varð í því í grunnskólum við kjaraaðgerðir grunnskóla-kennara á síðustu vikum ársins 2016. Engin bein fræðsla fór frá verkefnisstjóra til kennara og þróunarstjórna grunnskóla eftir 13. október. Í einum grunnskólanna virtist þó að mestu leyti takast að halda sjó enda var þar búið að gera framkvæmdaráætlanir um forgangsverkefni og koma föstu skipulagi á vinnu þróunarstjórnarinnar áður en til kjaraaðgerðanna kom. Í hinum tveimur var skipulagið á vinnu þróunarstjórnanna ekki komið í eins fastar skorður og framkvæmdaráætlanir um forgangsverkefnin skemmra á veg komnar. Í þessum skólum var síðan ákveðið að frá áramótum yrði vinnu kennara fyrst og fremst beint að því að skrá matskvarða í Mentor og skólanámskrá. Af skýrslum þróunarstjórna þeirra er ekki ljóst á hvern hátt var unnið skipulega að þróun leiðsagnarmats samhliða

kennslu þótt dæmi væru nefnd um framtak einstakra kennara á þessu sviði í heimsókn verkefnisstjóra í febrúar.

Í öllum skólunum tók töluverðan tíma að koma verkefninu af stað í upphafi skólaársins, skipa þróunarstjórnir, finna út úr hlutverki þeirra og fá botn í það með starfsmannahópnum hvað verkefnið fæli í sér. Í þetta fór tími í öllum skólunum sem hefði sparast á haustdögum ef unnt hefði verið að undirbúa verkefnið og skipa þróunarstjórnir vorið áður. Miðað við þessa stöðu er augljóst að þriggja klukkustunda fræðslufundur í ágúst, þar sem leikskólarnir voru auk þess opnir og gátu ekki sent nema hluti af sínu fólki, var allt of naumur tími til að koma verkefninu af stað með skólunum. Í þessu sambandi er rétt að ítreka almennt mikilvægi þess að verkefni á borð við þetta séu undirbúin vorið á undan verkefnisárinu og/eða fái riflegan tíma í upphafi verkefnisársins, þannig að þau geti hafist af fullum krafti á undirbúningsdögum skólaárs þannig að tími þess nýtist sem best.

Eitt skólaár er skammur tími í þróunarstarfi og flestum fræðimönnum ber saman um að það taki mörg ár að festa raunverulegar breytingar í sessi. Það er því mikilvægt að allir skólarnir undir forystu fræðslusviðs Árborgar hlúi vel að þeim sprotum sem farnir eru að vaxa og haldi áfram að setja markmið þess á oddinn í þróunarstarfi skólanna á sviði námsmats. Slíkt þróunarstarf þarf að skipuleggja á forsendum faglegra námssamfélaga og fyrirbyggjandi þekkingar á því hvað þarf til að byggja slík samfélög upp: Sameiginlega sýn, víðtæka forystu, samábyrgð á námi nemenda, faglega skuldbindingu og starfsþróun kennara, samræður og ígrundaun um nám nemenda, viðvarandi mat og ráðgjöf sem sniðin er að þörfum kennara og skóla (Fullan og Hargreaves, 2016). Síðast en ekki síst verður að telja mikilvægt að halda því til streitu að líta á öll þróunarverkefni á sviði námsmats, náms og kennslu sem eina órjúfanlega heild þar sem hugmyndir og starfshættir verða að fara saman, eitt verkefni styður annað og árangur eins verður árangur annars.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Aðalnámskrá framhaldsskóla 2012. Almennur hluti 2012.

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Sótt af <http://vinnuvefur.namskra.is/wp-content/uploads/2010/10/N%C3%A1msmatshefti-fyrir-leiksk%C3%B3la.pdf>

Black, P. og Wiliam, D. (1998). Assessment and classroom learning. *Assessment in Education*, 5(1), 7–74.).

Clarke, S. (2003). *Enriching feedback in the primary classroom*. Oxon: Hodder Murrey.

Clarke, S. (2005). *Formative assessment in the secondary classroom*. Oxon: Hodder Murrey.

Ferguson, D. L. (1995). The real challenge of inclusion. Confessions of a „rabid inclusionist“. *Phi Delta Kappan*, 77, 43–49.

Fullan, M. og Hargreaves, A. (2016). *Bringing the profession back in: Call to action*. Oxford, OH: Learning Forward. Sótt af <https://learningforward.org/docs/default-source/pdf/BringingProfessionFullanHargreaves2016.pdf>

Fullan, M. og Quinn, J. (2016). *Coherence: The right drivers in action for schools, districts, and systems*. Thousand Oaks, CA: Corwin.

Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Harlen, W. og Deakin Crick, R. (2003). Testing and motivation for learning. *Assessment in Education*, 10(2), 169–207.

Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigbórsson. (2012b). Brotthvarf og námsgengi nemenda í framhaldsskóla: Námsreynsla tveggja hópa nemenda í Verkmenntaskólanum á Akureyri. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 91–111.

Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigbórsson. (2012a). Úr grunnskóla í framhaldsskóla. *Glæður*, 22, 28–38.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2015). Brotthvarf framhaldsskólanemenda séð í alþjóðlegu samhengi. Málstofa 10. nóvember 2015 á vegum rannsóknarstofu um þróun skólustarfs. Sótt af http://menntavisindastofnun.hi.is/brotthvarf_framhaldsskolanemenda_sed_i_althjodlegu_samhengi

McGregor, D. (2007). *Developing thinking; developing learning: A guide to thinking skills in education*. Maidenhead: Open University Press.

Rúnar Sigbórsson. (2012). „en það, náttúrulega, mætti vera meira um rökhugsun og tjáningu. *Glæður*, 22, 88–98.

Shepard, L. (2000). The role of assessment in a learning culture. *Educational Researcher*, 29, 4–14.

Þóra Björk Jónsdóttir og Rúnar Sigbórsson. (2013). Þátttaka og áhrif nemenda í skólustarfi. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa G. Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar). *Fagmennska í skólustarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 257–283). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Háskólinn á Akureyri.

Þuríður Hallgrímsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2012). Reynsla framhaldsskólanema af skilum grunn- og framhaldsskóla. *Glæður*, 22, 49–60.

Wiliam, B. (2011). *Embedded formative assessment*. Bloomington, IN: Solution Tree Press

Wiliam, B. (2016). *Leadership for teacher learning: Creating a culture where all teachers improve so that all students succeed*. West Palm Beach, FL: Learning Sciences International.

Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1. Erindisbréf þróunarstjórna
- Fylgiskjal 2. Form fyrir framkvæmdaráætlun
- Fylgiskjal 3. Greining skóla á stöðu námsmats
- Fylgiskjal 4. Leikskólinn Álfheimar: Yfirlit um forgangsverkefni
- Fylgiskjal 5. Leikskólinn Álfheimar: Framkvæmdaráætlanir
- Fylgiskjal 6a. Leikskólinn Brimver – Æskukot: Framkvæmdaráætlun 1
- Fylgiskjal 6b. Leikskólinn Brimver – Æskukot: Framkvæmdaráætlun 2
- Fylgiskjal 6c. Leikskólinn Brimver – Æskukot: Framkvæmdaráætlun 3
- Fylgiskjal 7. Leikskólinn Hulduheimar: Mat barna á könnunarverkefni
- Fylgiskjal 8. Leikskólinn Hulduheimar: Könnunaraðferðin – foreldramat
- Fylgiskjal 9. Leikskólinn Hulduheimar: Mat á líðan og þátttöku
- Fylgiskjal 10. Leikskólinn Hulduheimar: Hópastarf í könnunaraðferð
- Fylgiskjal 11. Leikskólinn Hulduheimar: Mat á könnunaraðferð
- Fylgiskjal 12. Leikskólinn Hulduheimar: Skipulag náms og námsaðstæður
- Fylgiskjal 13a. Leikskólinn Jötunheimar: Foreldrasamtal
- Fylgiskjal 13b. Leikskólinn Jötunheimar: Foreldrasamtal þegar barn byrjar á deild
- Fylgiskjal 14a. Leikskólinn Jötunheimar: TRAS íhlutun 2–3 ára
- Fylgiskjal 14b. Leikskólinn Jötunheimar: TRAS íhlutun 3–4 ára
- Fylgiskjal 14c. Leikskólinn Jötunheimar: TRAS íhlutun 4–5 ára
- Fylgiskjal 15. Leikskólinn Jötunheimar: Skil/flutningur milli deilda – verklag skóla
- Fylgiskjal 16. Leikskólinn Jötunheimar: Flutningur milli deilda – upplýsingar frá foreldrum
- Fylgiskjal 17. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri: Niðurstöður úr umræðuhópum 2. janúar
- Fylgiskjal 18. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri: Framkvæmdaráætlun
- Fylgiskjal 19. Sunnulækjarskóla: Myndræn skjöl sem þróunarstjórn hannaði og sendi á teymi
- Fylgiskjal 20. Vallaskóli: Fundargerðir fundaviku skólastjórnenda og kennara
- Fylgiskjal 21. Vallaskóli: Fundargerðir fundaviku skólastjórnenda og kennara
- Fylgiskjal 22. Vallaskóli: Framkvæmdaráætlun
- Fylgiskjal 23. Vallaskóli: Rýnt í skólastarf
- Fylgiskjal 24. Vallaskóli: Rannsóknarkennslustund
- Fylgiskjal 25. Vallaskóli: Samræmt verklag við útfærslu hæfniviðmiða aðalnámskrár og endurskoðun skólanámskrár Vallaskóla

Fylgiskjal 1. Erindisbréf þróunarstjórna

Erindisbréf fyrir þróunarstjórnir og umræður um það

Þróunarverkefnið Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg nær til níu skóla: Fimm leikskóla með 530 nemendur, þriggja grunnskóla með um 1240 nemendur og FSu með um 850 nemendur. Samtals eru þetta um 2620 nemendur og í skólunum starfa um 520 starfsmenn. Svo umfangsmikið þróunarverkefni verður ekki unnið nema með góðu utanumhaldi og skipulagi innan skóla.

Fjórir til fimm fræðslufundir verða haldnir með kennurum en að öðru leyti byggist verkefnið á vinnu innan skólanna milli þessara funda. Hugmyndin er að kennarar vinni í teyrum innan hvers skóla við að þróa mismunandi leiðir í leiðsagnarmati og kennsluháttum. Þeir verða beðnir að gera skriflegar áætlanir (til ákveðins tíma, til dæmis milli fræðslufunda) um þessi verkefni og meta þau skriflega, til dæmis með dagbók og skila afritum til þróunarstjórna að loknu því tímabili sem áætlunin tekur til. Gera þarf ráð fyrir þessari vinnu við verkefnið innan vinnuramma kennara í skólunum og teymin þurfa ákveðinn tíma til að hittast og vinna saman. Skil verða úr þessari vinnu á hverjum fræðslufundi.

Ytra skiplag verkefnisins er í höndum verkefnisstjóra og fimm manna stýrihóps. Verkefnisstjóri er Rúnar Sigþórsson prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri en stýrihópin skipa auk hans: Þorsteinn Hjartarson fræðslustjóri, Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari, Birgir Edwald skólastjóri og Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri.

Þróunarstjórnir eru þriggja til fimm manna teymi í hverjum skóla. Lögð er áhersla á að skólastjóri eða staðgengill hans sitji í þróunarstjórn og að þróunarstjórnin endurspegli sem flesta „hópa“ innan skólans (s.s. stig eða deildir).

Í hnotskurn er hlutverk þróunarstjórna forystu-, samhæfingar og stuðningshlutverk. Í því felst að leiða verkefnið innan skólans, samhæfa og styðja þróunarstarf kennarateyma. Þess er einnig vænst að þróunarstjórnirnar vinni saman og myndi tengslanet skólanna sem stuðlar að brú milli skólastiganna. Þróunarstjórn er tengiliður hvers skóla við stýrihópinn og verkefnisstjóra.


Þróunarstjórnir reka verkefnið frá degi til dags og taka nauðsynlega ákvarðanir í tengslum við þá vinnu í samráði við aðra kennara og stjórnendur. Þær þurfa að funda reglulega og sjá um reglubundna fundi með kennurum um verkefnið. Slíkir fundir geta annars vegar verið skipulagsfundir teyma og hins vegar sameiginlegir fundir allra kennara um verkefnið og viðfangsefni þess. Bæði fundi þróunarstjórna og fundi kennara þarf að skrá og halda til haga nauðsynlegum gögnum um verkefnið til að það sem út úr því kemur nýtist skólunum og til að meta árangur.

Þróunarstjórn sér enn fremur um kynningu og samskipti vegna verkefnisins við foreldra eða aðra þá sem málið kann að varða.

Þróunarstjórnirnar eru hvattar til að vinna lýðræðislega og skapa sammæli meðal starfsmanna og stjórnenda um það sem gert er í verkefninu. Valddreifing og dreifð forysta er einn þeirra þátta sem allt þróunarstarf byggist á og því er mikilvægt að þróunarstjórnir feli öðrum starfsmönnum ábyrgð og umsjón. Engu að síður þurfa þær að vera tilbúnar til að taka af skarið ef það á við.

Verkefnisstjóri er ráðgjafi þróunarstjórna og heldur, ásamt stýrihópi, a.m.k. þrjá sameiginlega fundi allra þróunarstjórna. Þar verður fjallað um ýmislegt sem varðar hlutverk og verkefni þróunarstjórna og rætt um skipulag verkefnisins í heild. Á milli þessara funda getur verkefnisstjóri haldið Skype-fundi með þróunarstjórnnum hvers skóla eftir nánara samkomulagi.

Mynd 1.2 Hlutverk þróunarstjórna



Fylgiskjal (úr bókinni Aukin gæði náms: Skólaþróun í þágu nemenda (1. kafli))

Þar sem þróunarstarf verður ævinlega að ná til skólans í heild verður að skipuleggja það þannig að það hafi áhrif á alla þætti starfsins. Í ljósi þessa höfum við lagt höfuðáherslu á þrjú svið

skólastarfsins og innbyrðis tengsl þeirra (sjá mynd 1.2). Í fyrsta lagi er fengist við stjórnun og stefnumörkun skólans í heild, s.s. hvernig nýta má bjargir og gera áætlanir um starfsþróun til að styrkja umbótastarf. Í öðru lagi er unnið að verkefnum í vinnuhópum og lögð áhersla á samvinnu til að styrkja grundvöll umbóta. Í þriðja lagi eiga í hlut einstakir kennarar þar sem lögð er áhersla á að þróa starfið í kennslustofunni.

Við teljum að til þess að skólar nái góðum árangri þurfi þessi þrjú svið starfsins að vera samhæfð og styðja hvert annað. Þess vegna er það sérstakt keppikefli AGN-verkefnisins að skapa jákvæð skilyrði á hverju sviði til að svo megi verða. Þessi samhæfing er einmitt hlutverk þróunarstjórna sem komið er á fót í hverjum skóla. Þær bera hitann og þungann af framkvæmd verkefnisins frá degi til dags og hefur það hlutverk að mynda tengsl á milli hugmyndanna og vinnubragðanna sem liggja að baki AGN-verkefninu, forgangsverkefna og framkvæmda í þróunarstarfinu innan skólans.



Verkefni: Til umræðu um erindisbréf þróunarstjórna

I. Hluti. Þróunarstjórn hvers skóla sér

15 mínútur

Lesið erindisbréfið saman hugið sérstaklega að skáletraða hluta textans. Hafið til hliðsjónar greinina um þróunarstjórnir hér fyrir ofan og kaflann sem vísað er til í dagskránni. Ræðið hvernig þið sjáið fyrir ykkur hlutverk ykkar sem þróunarstjórna. Reynið meðal annars að sjá fyrir ykkur

- hvaða skilyrði þarf að skapa þróunarstjórnnum innan skólans
- hvaða stuðning þið þurfið, hvaðan hann getur komið og samskipti við ráðgjafa
- hvaða fræðslu þið þurfið og hvaðan hún getur komið
- ábyrgð og hlutverk innan þróunarstjórnarinnar
- samskiptin við stjórnendur og kennara
- skráningu og hvernig lagt er mat á árangur
- hindranir og tækifæri
- hvernig hægt er að yfirstíga hindranir og nýta tækifæri
- annað sem þið teljið nauðsynlegt að ræða

Munið að allir þurfa að skrifa hjá sér

II. Hluti. Þróunarstjórnir þvert á skóla

15 mínútur

Skiptið nú hverri þróunarstjórn í þrennt (þurfa ekki að vera jafnmargir í hverjum „hluta“) og gefið bókstafina A, B, og C. Þeir sem hafa sama bókstaf hittast og gera hver öðrum grein fyrir niðurstöðum umræðna úr I hluta. Samræmið eftir því sem þið teljið þörf á skráið niðurstöðu og haldið niðurstöðum til haga. **Munið að skrifa þannig að hver og einn geti farið með niðurstöðurnar inn í sína þróunarstjórn.**

Fylgiskjal 2. Form fyrir framkvæmdaráætlun

Form fyrir framkvæmdaráætlun

Forgangsverkefni :

Markmið	
Áfangar	
Viðmið um árangur	
Verkþættir og verkaskipting	
Tímamörk	
Bjargir	
Mat á fram vindu - hvenær og hvernig	
Mat á lokaárangri	

Fylgiskjal 3. Greining skóla á stöðu námsmats

Staða námsmats í skólum við upphaf verkefnis

Námsmat er meðal flóknustu viðfangsefna skóla og þróun þess margþætt viðfangsefni sem verður að líta á sem langtímaverkefni. Einmitt þess vegna er mikilvægt að átta sig á að árangur næst ekki án skýrrar stefnu skóla, sem starfsfólk er samtaka um að fylgja. Í slíkri áætlun þarf að setja markmið til lengri og skemmri tíma og gera áætlun þar sem skilgreint er hvernig á að nálgast markmiðin og í hvaða skrefum. Stefna um námsmat mun, eðli málsins samkvæmt, snerta starfshætti stjórnenda, kennara og nemenda og samstarf skólans við heimilin. Hlutverk stefnunnar er að móta og samræma hugmyndir starfsmanna og starfshætti í skólanum og uppræta starfshætti sem ekki samrýmast stefnunni.

Tilhögun námsmats verður að taka mið af því að námsmat stendur í beinu og órjúfanlegu samhengi við aðra þætti náms og kennslu og er hluti af því sem kalla má námsmenningu skóla. Margar rannsóknir benda til að námsmat hafi það sem kalla má afturvirkni (e. *wash-back effect*) – hafi bein áhrif á kennslu og nám. Þess vegna má búast við að námsmat sem ekki miðar að lykilhæfni nemenda eða hæfni þeirra í námsgreinum og greinasviðum geti torvelað þróun hæfnimiðaðrar námskrár; og jafnlíklegt er að í kennslu sem ekki einkennist af áherslu á þessa þætti sýnist þýðingarlítið að þróa hæfnimiðað námsmat sem á að vera nemendum til leiðsagnar í námi.

Í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla er mælt fyrir um veigamiklar breytingar á umgjörð námsmats sem meðal annars felur í sér einkunnir í bókstöfum og samræmd hæfni- og matsviðmið um það sem slíkar einkunnir standa fyrir. Enda þótt framangreind fyrirmæli aðalnámskrár eigi við grunnskólann hlýtur samfella í starfi milli skólastiganna að fela það í sér að aðliggjandi skólastig taki mið af þeim einnig. Þrátt fyrir nýtt einkunna kerfi og samræmd hæfni- og matsviðmið mælir aðalnámskráin ekki beinlínis fyrir um aðferðir skóla eða kennara við að komast að matsniðurstöðum sínum að öðru leyti en því að námskráin leggur þunga áherslu á leiðsagnarmat og sjálfsmat nemenda.

Almennt má segja að tilgangur námsmats sé að afla upplýsinga um *námsferlið* og *árangur náms og kennslu* og miðla þeim á merkingarbæran hátt til nemenda, aðstandenda þeirra og samkennara. Námsmat felur þá í sér leiðsögn við nemendur með það að markmiði að auðvelda nám og stuðla að árangri; það ætti einnig að vera hluti af íhugun og sjálfsmati kennara og faglegri ábyrgð þar sem þeir spyrja gagnrýninna spurninga um árangur kennslu og nota niðurstöðurnar til umbóta á skipulagi náms og kennslu.

Aðferðir við námsmat sem tekur til árangurs á öllum sviðum námskrár þurfa að vera bæði formlegar og óformlegar og styðjast við margvísleg gögn. Próf eru vissulega til margra hluta nýt en skrifleg próf geta ekki orðið ríkjandi leið til að meta fjölþætta færni og árangur nemenda. Til þess þarf meðal annars, samræður við nemendur, námsmöppur (e. *portfolios*), vettvangsathuganir, sjálfsmat, jafningjamat og frammistöðumat við raunverulegar aðstæður, svo nokkuð sé nefnt. Námsmat þarf að vera hluti af skráðri áætlun kennara sem tekur mið af lykilhæfni og hæfni í námsgrein/greinasviði og lýsir skipulagi kennslu og náms ásamt því hvaða upplýsingum er safnað og hvaða viðmið eru notuð til að meta árangur nemenda.

Námsmat getur verið bæði lokamat – sem felur í sér dóm að loknu verki/námi – og leiðsagnarmat – sem felur í sér leiðbeinandi endurgjöf meðan á námi stendur. Leiðsagnarhlutverk námsmats er sérstaklega mikilvægt og lögð er sérstök áhersla á það í aðalnámskránni. Í leiðsagnarmati er leitast við að meta forsendur nemenda til náms áður en kennsla fer fram og nota námsmatið til að skipuleggja næstu skref nemandans í náminu. Til þess þarf meðal annars að veita endurgjöf sem leiðbeinir

nemandanum um hvernig hann getur haldið áfram og náð árangri, byggir upp sjálftraust hans og hjálpar honum til að öðlast vitund um eigið nám (e. *metacognition*).

Tilgangur verkefnisins er að skapa þátttakendum vettvang til að leggja mat á stöðu námsmats í skólanum sínum í þeim tilgangi að auðvelda skólanum að skipuleggja þróun þess.

Verkefnið er í þremur þrepum. Í 1. þrepi mynda þátttakendur sex manna hópa (heimahópa) sem skipta með sér verkum samkvæmt fyrirmælum þar. Í 2. þrepi eru myndaðir nýir hópar þar sem koma saman þeir sem fengu sama viðfangsefnið í heimahópunum. Að lokum koma heimahóparnir saman að nýju og hver skilar skýrslu um umræðurnar sem áttu sér stað í þrepi 2. Tímasetningar eru til viðmiðunar um hvert þrep en mikilvægt er að gefa umræðunni þann tíma sem þarf.



Prep 1

5 mínútur

Myndið sex manna hópa. Reynið að hafa þá sem mest þvert á stig eða deildir, bekki og námsgreinar. Skiptið verkum í hverjum hópi þannig að hver um sig fái eitt af eftirtöldum viðfangsefnum:

1. *Umgjörð skólans um námsmat:* Hafið m.a. í huga þætti á borð við skýrleika og sýnileika heildarstefnu skóla og skuldbindingu starfsmanna við hana; hvernig stefnan varð til, hvernig hún er endurskoðuð og haldið lifandi og hversu mikið hún raunverulega mótar og samræmir starfshætti í skólanum; og fleira ...
2. *Námsmat og námsaðlögun/einstaklingsmiðun í skólanum:* Á hvaða stigi er hún? Er sammæli um merkingu hugtaksins og hvaða starfshættir samrýmast þeim skilningi og hvaða starfshættir ekki. Hvernig er námsmat notað til að stuðla að einstaklingsmiðun? Eru tengsl námsmats og einstaklingsmiðunar eins og þau ættu helst að vera eða þyrfti að breyta einhverju?
3. *Samhengi hæfni, kennslu, náms og námsmats:* Hafið í huga það sem sagt var í innganginum (og rætt var á fyrsta fræðslufundi með þátttakendum) um mikilvægi þess að skráðar séu námsáætlanir þar sem lýst er samhengi hæfni, kennslu og náms og námsmats. Að hvaða marki og hvernig er námsmat skólans samofið áherslum hans um tilhögun kennslu og vinnutilhögun nemenda? Eru dæmi um að svo sé ekki?
4. *Leiðsagnarmat og lokamat:* Hversu mikill hluti námsmatsins í skólanum er lokamat og hversu stór hluti leiðsagnarmat? Eru hlutföllin þau sem þau ættu að vera – hverju þyrfti að breyta (ef einhverju)? Að hvaða marki er námsmat og endurgjöf hluti af kennslunni og náminu og fléttað saman við það eða kemur það eftir á (sem nokkurs konar viðhengi við námið)?
5. *Fjölbreytni í viðfangsefnum námsmats í skólanum:* Til hvaða þátta í námi nemenda er *ætlast til* að námsmat skólans taki? Til hvaða þátta tekur það í raun og veru? Vantar einhverja þætti – hvaða? Hafið í huga markmið *aðalnámskrár* um alla þætti skólastarfs, grunnþætti menntunar og lykilhæfni.
6. *Fjölbreytni í aðferðum við námsmat:* Hversu fjölbreyttar eru námsmatsaðferðir skólans? Hvaða aðferðir eru ríkjandi? Hvaða aðferðir eru víkjandi? Eru réttu aðferðirnar ríkjandi og víkjandi? Er áhugi á breytingum – hvaða?

Þrep 2

Ca 30 mínútur

Myndið nú nýja hópa í samræmi við verkaskiptinguna í þrepi 1. Saman í hóp fara allir sem hafa sama viðfangsefnið. Vinnið eftirfarandi og *munið að allir í hópnum verða að skrá, til þess að geta skilað af sér í þrepi 3*. Skipið umræðustjóra til að halda fókus í umræðunni og halda henni gangandi.

Leggið mat á stöðu þessa þátta í skólanum – **leggið áherslu á að greina sterka og veika þætti**. Munið að tilgangur verkefnisins er að þið íhugið sameiginlega og greinið stöðu skólans hvað varðar viðfangsefni hópsins og komist að sameiginlegri niðurstöðu sem þið getið kynnt fyrir þeim sem eru í hinum hópunum.

<i>Sterkir þættir</i>	<i>Þættir sem þarf að breyta/styrkja</i>
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•
•	•

Þrep 3

Ca 30 mínútur

Farið nú aftur í heimahópana sem myndaðir voru í þrepi 1. Gefið hinum í hópnum skýrslu um umræðurnar í ykkar hópi (í þrepi 2). Gefið fjórar mínútur á mann og skipið tímavörð til að framfylgja því.

Skilið að lokum niðurstöðum til þróunarstjórnar

Fylgiskjal 4. Leikskólinn Álfheimar: Yfirlit um forgangsverkefni

Verkefni	Lýsing	Hver sinnir	Tímamörk
Ferilmappa	- Unnið verði að skriflegu formi fyrir ferilmöppu	Álfasteinn	Skólaárið 2016–2017
Orðaskil	- Gerður verði skriflegur vinnuferill í tengslum við orðaskil	Dvergasteinn	Skólaárið 2016–2017
TRAS	- Unninn verði skriflegur vinnuferill fyrir TRAS skráningu og eftirfylgd	Völusteinn	Skólaárið 2016–2017
HLJÓM-2	- unninn verði skriflegur vinnuferill fyrir HLJÓM 2 skráningu og eftirfylgd	Óskasteinn	Skólaárið 2016–2017
Útfæra mat samkvæmt námsþættinum sköpun og menning	- fara yfir hvort verið er að meta alla þætti	Símon Geir, Sjöfn, Vildís, Hanna Rut, Áslaug, Guðný	29. nóv. 2016
	- útfæra viðeigandi mat fyrir alla þætti		
Útfæra mat samkvæmt námsþættinum læsi og samskipti	- fara yfir hvort verið er að meta alla þætti	Harpa, Lísbet, Lovísa, Sólveig, Elísa, Eva Hrönn	29. nóv. 2016
	- útfæra viðeigandi mat fyrir alla þætti		
Útfæra mat samkvæmt námsþættinum heilbrigði og vellíðan	- fara yfir hvort verið er að meta alla þætti	Rós, Bjarkey Líf, Birna, Harpa Hrönn, Jill, Jóhanna	29. nóv. 2016
	- útfæra viðeigandi mat fyrir alla þætti		
Útfæra mat samkvæmt námsþættinum sjálfbærni og vísindi	- fara yfir hvort verið er að meta alla þætti	Póranna, Krystyna, Sævald, Anna Gína, Hilda, Bára Sif	29. nóv. 2016
	- útfæra viðeigandi mat fyrir alla þætti		

Fylgiskjal 5. Leikskólinn Álfheimar: Framkvæmdaráætlanir

Óskasteinn

Forsvarsmenn: Próunarstjórn kemur verkefninu af stað og aðstoðar eftir þörfum. Allt starfsfólk á Óskasteini tekur þátt í verkefninu á einn eða annan hátt en Hanna Rut deildarstjóri hefur umsjón með því.

Markmið verkefnis og stutt lýsing á því: Niðurstöður Hljóm-2 notaðar á markvissan hátt svo það nýtist börnunum sem best.					
Áfangar-/Verkþættir	Verkaskipting	Tímamörk	Viðmið-um-árangur	Bjargir	Mat-/Skil
Hljóm-2 tekið af öllum börnum	Hanna Rut	Ágúst—september-2016	Öll börn með niðurstöður úr Hljóm-2	Hljóm-2 prófið	Foreldraviðtöl
Foreldraviðtöl	Hanna Rut	Október—nóvember-2016	Foreldrar allra barna hafi fengið niðurstöður úr Hljóm-2	Niðurstöðublað vegna Hljóm-2	Tilvísanir sendar þar sem við á
Raðað niður í málörvunarhópa	Allir	Október/nóvember-2016	Þau börn sem koma í slakri og mjög slakri þjálfun-fái auka þjálfun		
Gerð möppu fyrir þjálfunarhópa					

Völusteinn

Forsvarsmenn: Próunarstjórn kemur verkefninu af stað og aðstoðar eftir þörfum. Allt starfsfólk á Völusteini tekur þátt í verkefninu á einn eða annan hátt en Guðný deildarstjóri hefur umsjón með því.

Markmið verkefnis og stutt lýsing á því: Vinna úr niðurstöðum TRAS svo þörfum hvers og eins barns sé sinnt á viðeigandi hátt.					
Áfangar-/Verkþættir	Verkaskipting	Tímamörk	Viðmið-um-árangur	Bjargir	Mat-/Skil
Öll börn fari í gengum TRAS	Guðný	Allt árið í endurskoðun Byrjunarpunktur í ágúst/sept.	Öll börnin eigi útfyllt TRAS	TRAS eyðublað og fylgihlutir sem þarf	Útfyllt TRAS
Unnið úr TRAS í flokka og skipta í hópa	Guðný	September-2016	Að búið sé að skipta öllum niður miðað við niðurstöður úr TRAS	TRAS listinn frá hverju og einu barni	Foreldraviðtöl Hópaskipting Þörf fyrir einstaklingsþjálfun Endurtekið TRAS
Einstaklingsþjálfun	Harpa Hrönn Simon Geir	Desember-2016	Unnið sé samkvæmt skipulagi og skráð Framfarir í næstu TRAS skráningu	Sól-bókin Lærum og leikum með hljóðin o.fl.	Endurtekið TRAS Teymisfundir
Málörvunarhópar	Guðný Simon Geir Elfa Áslaug	Desember-2016	Framför í næstu TRAS skráningu Unnið sé samkvæmt skipulagi og skráð	Sól-bókin Markviss-málörvun	Foreldraaiviðtöl Endurtekið TRAS

Dvergasteinn

Forsvarsmenn: Próunarstjórn kemur verkefninu af stað og aðstoðar eftir þörfum. Allt starfsfólk á Dvergasteini tekur þátt í verkefninu á einn eða annan hátt. Birna deildarstjóri hefur umsjón með verkefninu á deildinni.

Markmið verkefnis og stutt lýsing á því: Að nýta niðurstöður úr Orðaskil svo það gagnist börnunum sem best.					
Áfangar-/Verkþættir	Verkaskipting	Tímamörk	Viðmið-um-árangur	Bjargir	Mat-/Skil
Foreldrar allra barna svarið orðaskilum	Birna sér um að koma blaðinu til foreldra og taka við því aftur	Allt árið, fer eftir fæðingardegi barnsins	Allir foreldrar 3 ára barna hafi skilað Orðaskilum	Orðaskils-eyðublað	Útfyllt orðaskils-eyðublað
Verklag á afhendingu og skilum á listanum	Allir	Nóvember-2016	Skýrt verklag	?	Í lok nóvember sé verklag orðið skýrt og allir á deildinni bæði starfsfólk og foreldrar meðvitaðir um það
Reiknað út úr listanum	Birna eða sá sem er settur í það hverju sinni	Í síðasta lagi 2 vikum eftir að lista er skilað	Útfyllt fyrir barnið í excel-skjalinu	Handbók Excel-skjal	Útfyllt excel-skjal
Meta þörfina hjá hverju og einu barni	Allir	Allt árið, fer eftir fæðingardegi barnsins	Gert áætlun fyrir hvert barn	excelskjalið	Gerð áætlun fyrir hvert barn sem metin er reglulegar

Álfasteinn

Forsvarsmenn: Próunarstjórn kemur verkefninu af stað og aðstoðar eftir þörfum. Allt starfsfólk Álfasteins tekur þátt í verkefninu á einn eða annan hátt en Lísbet deildarstjóri hefur umsjón með því.

Markmið verkefnis og stutt lýsing á því: Vinna að gerð ferilmöppu fyrir hvert barn og móta form á framkvæmdinni					
Áfangar-/Verkþættir	Verkaskipting	Tímamörk	Viðmið-um-árangur	Bjargir	Mat-/Skil
Allir kynni sér hvað ferilmöppur eru	Allir	Október-2016	Allir þekki hvað ferilmöppur eru	Handbók um námsmat í leikskólum Internetið	Allir séu tilbúnir í meirivinnu

Fylgiskjal 6a. Leikskólinn Brimver – Æskukot: Framkvæmdaráætlun 1

Forgangsverkefni 1: Lýðræði – þátttaka nemenda í námsmati

Markmið	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Að börnin verði virkir þátttakendur í námsmati sínu (Heilsubók barnsins) undir kaflanum <i>Lífsleikni</i> (leikur, samskipti og líðan) ➤ Nemendur f. 2011 komi með foreldrum í foreldraviðtöl í mars 2016. ➤ Niðurstöður úr skráningum nýttar við innra mat vorið 2017
Áfangar	<ul style="list-style-type: none"> ➤ 15.10.16 að skráningarblað/umræðupunktur sem nýttir verða með nemendum verði tilbúið. ➤ Október 2016 skráningarbaðið nýtt við skráningar í Heilsubók barnsins með öllum börnum f. 2011. ➤ Nóvember 2016 – Farið yfir skráningar með foreldrum og nemendum f. 2011
Viðmið um árangur	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Nón. 2016 - Þátttaka nemenda f. 2011 í skráningu í heilsubókina ➤ Mars. 2017 - Þátttaka nemenda f. 2011 í skráningu og foreldraviðtölum
Verkþættir og verkaskipting	<ul style="list-style-type: none"> ➤ 11. okt. Móta umræðulista: leikskólastjóri óskar eftir sp. lista frá BES ➤ 10-15 okt. Deildarstjórar klára umræðulista í vikunni (sjá hugmyndir af spurningum á vinnublaði) ➤ 15.-28. okt. Kennarar fara yfir umræðupunkta með nemendum f. 2011 og gera skráningar í Heilsubók barnsins, kaflinn <i>Lífsleikni</i>
Tímamörk	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Október 2016 - Skráningar í Heilsubók barnsins ➤ Nóvember 2016 – Nemendur f. 2011 komi með foreldrum í foreldraviðtal ➤ Mars 2017 – Skráningar í Heilsubók barnsins ➤ Apríl 2017 – Nemendur f. 2011 komi með foreldrum í foreldraviðtal ➤ Júní 2017 – Niðurstöður nýttar í innra mat á skólafarfi
Bjargir	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Heilsubók barnsins – Handbók kennara ➤ TRAS ➤ Umræðulisti frá BES
Mat á fram vindu - hvenær og hvernig	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Okt. 2016 farið yfir stöðu og lagt af stað með verkefnið ➤ Desember 2016 - Deildarstjórar fara yfir verkþætti og árangur Gögnin endurmetin fyrir skráningar í mars 2017
Mat á lokaárangri	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Vor 2017 - Spurningar til kennara, foreldra og nemenda ➤ Hvernig var þátttaka nemenda (lagt mat á þátttöku) ➤ Niðurstöður skráninga teknar saman og nýttar í innra mat á skólafarfi

Fylgiskjal 6b. Leikskólinn Brimver – Æskukot: Framkvæmdaráætlun 2

Forgangsverkefni 2: Starfsþróun kennara v/snemmtækrar íhlutunar

Markmið	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Að auka þekkingu kennara til að nýta matskráningar og vinna í anda snemmtækrar íhlutunar – Hvað gerum við þá? ➤ Að flokka námsgögn eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar
Áfangar	<ul style="list-style-type: none"> ➤ 18. ágúst – Starfsdagur Ásthildur Bj. Snorradóttir fræðsla um snemmtæka íhlutun, allt starfsfólk ➤ 17. nóvember – Búið að flokka námsefni eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar ➤ 17. nóvember – Starfsdagur kl. 9-12, Ásthildur Bj. Snorradóttir, förum yfir hvert við erum komin, flokkun og næstu skref ➤ Skólaárið 2016 – 2017 – Námskeið til að auka þekkingu kennara á matstækjum og til að afla sér réttinda á þau (sjá. Áhersluþátt starfsþróun v/matstækja sem nýtt eru í skólanum) ➤ Vorönn 2017 – AEPS færnimiðað matskerfi, 3 kennarar
Viðmið um árangur	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Að nýta niðurstöður skráninga í einstaklingsvinnu og áætlanir ➤ Námsgögn aðgengileg fyrir kennara, flokkuð eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar allir upplýstir
Verkþættir og verkaskipting	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Leikskólastjóri skipuleggur samstarf við Ásthildi Bj. Í samvinnu með Skólaþjónustu Árborgar ➤ Flokkun námsgagna í Brimveri/Æskukoti ábyrgð: sérkennslustjóri og leikskólastjóri ➤ Deildarstjórar og sérkennslustjóri vinna að áætlunum/íhlutun út frá niðurstöðum matskráninga ➤ Sérkennslustjóri upplýsir um flokkun, aðgengi og nýtingu gagna
Tímamörk	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Skólaárið 2016-2017
Bjargir	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Bókin Snemmtæk íhlutun og samvinna við Ásthildi Bj. ➤ Tími fyrir samvinnu og flokkun námsgagna
Mat á fram vindu - hvenær og hvernig	<ul style="list-style-type: none"> ➤ 7. sept. 2016 – Núverandi staða námsmats í skólanum, unnið með öllum starfsmönnum ➤ 17. nóv. – Aðgengi að námsgögnum, skoðum hvert við erum komin, allir starfsmenn ➤ 21. febrúar – Farið yfir stöðu með öllu starfsfólki ➤ Maí 2017- Núverandi staða námsmats í skólanum.
Mat á lokaárangri	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Maí 2017- Núverandi staða námsmats í skólanum, unnið með öllum starfsmönnum – endurtekið frá 7. sept. og mat lagt á árangur

Fylgiskjal 6c: Leikskólinn Brimver – Æskukot: Framkvæmdaráætlun 3

Forgangsverkefni 3: Starfsþróun kennara v/matstækja sem nýtt eru í leikskólanum

Markmið	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Að auka þekkingu kennara við skráningar í Heilsubók barnsins ➤ Að fjölga kennurum sem hafa TRAS réttindi ➤ Að efla þekkingu kennara á einhverfu og snemmtækri íhlutun ➤ Að efla þekkingu kennara á Skipulagðri kennslu ➤ Að auka þekkingu/réttindi kennara á AEPS skráningarlista ➤ Að safna gögnum/verkferlum í Handbók leikskólans
Áfangar	<ul style="list-style-type: none"> ➤ 7. sept. 2016 – Matstæki, listar og skimanir kynntir á starfsmannafundi ➤ 30. Sept. 2016 - Námskeið v/skráningar í Heilsubók barnsins, 4 kennarar ➤ 9. sept. og 7. okt.- TRAS námskeið, 2 kennarar ➤ 14.-21. sept. Netnámskeið frá Grr. Einhverfa og snemmtæka íhlutun, allt starfsfólk ➤ 21.-23. sept. Námskeið Skipulögð kennsla hjá Grr, sérkennslustjóri ➤ Vorönn 2017 - TRAS námskeið, 2 kennarar ➤ Vorönn 2017 – Skipulögð kennsla, 3 kennarar ➤ Vorönn 2017 – AEPS færnimiðað matskerfi, 3 kennarar
Viðmið um árangur	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Fjöldi þeirra sem fara og ljúka námskeiðum ➤ Að fjöldi kennara sem hafa réttindi á matstæki aukist í leikskólanum
Verkþættir og verkaskipting	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Leikskólastjóri skráir þátttakendur á námskeið ➤ Þátttakendur bera ábyrgð á mætingu og að skila af sér þeirri vinnu sem ætlast er til á námskeiði
Tímamörk	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Skólaárið 2016-2017
Bjargir	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Fjármagn v/námskeiða á fjárhagsáætlun ➤ Starfsfólk til að leysa af á meðan námskeið vara
Mat á fram vindu - hvenær og hvernig	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Des. 2016 farið yfir stöðu, stjórnunarteymi skoðar ➤ Janúar 2017 – Starfsmannaviðtöl farið yfir óskir um starfsþróun ➤ Júní 2017 – Farið yfir stöðu endurmenntunar og námskeiða vegna vinnu við ársskýrslu 2016-2017 og starfsáætlunar 2017-2018
Mat á lokaárangri	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Vor - Mat unnið út frá þátttöku og fjölda þeirra sem ljúka námskeiði og ná sér í réttindi á matstæki

Fylgiskjal 7. Leikskólinn Hulduheimar: Mat barna á könnunarverkefni

Mat barna á könnunarverkefni

Hvernig líður mér:

Í könnun?			
Í vettvangsferðum?			
Í Riddaragarði / Smíðaskemmu?			
Í hópatíma / umræðum?			
Að segja frá könnuninni?			
Er könnunin skemmtileg?			
			

Mér þykir skemmtilegt að: _____

Mér þykir leiðinlegt/erfitt að: _____

Fylgiskjal 8. Leikskólinn Hulduheimar: Könnunaraðferðin – foreldramat

Leikskólinn Hulduheimar

Könnunaraðferðin - foreldramat

Könnun: _____

Deild: _____

Hópur: _____

Nafn barns: _____

Nafn foreldris: _____

Hvernig upplifðir þú sem foreldri könnunarverkefnið?

Hefur barnið talað um verkefnið heima?

Varstu var/vör við verkefnið heima (í leik barnsins, söng, teikningum o.s.frv.)

Var könnunarverkefnið sýnilegt í leikskólanum?

Já	Nei
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Takk fyrir þátttökuna.

Kennarar á: _____

Fylgiskjal 9. Leikskólinn Hulduheimar: Mat á líðan og þátttöku

Leikskólinn Hulduheimar

Mat á líðan og þátttöku

Deild:

Könnun:

Er jákvæð/ur
Er örugg/ur með sig
Tekur virkan þátt í könnun
Er fljót/ur að koma sér að verki
Tekur þátt í sam- eða umræðum
Leggur sig fram við að hlusta
Fer eftir fyrirmælum
Ber sig eftir aðstoð
Virðir störf og skoðanir annarra
Sýnir verkefnum áhuga

Nafn barns:

Dags:

Mg	G	Sæ	Þ

Dags:

Mg	G	Sæ	Þ

Hópur:

Dags:

Mg	G	Sæ	Þ

Dags:

Mg	G	S	Þ

Könnun:

Er jákvæður
Er örugg/ur með sig
Tekur virkan þátt í könnun
Er fljót/ur að koma sér að verki
Tekur þátt í sam- eða umræðum
Leggur sig fram við að hlusta
Fer eftir fyrirmælum
Ber sig eftir aðstoð
Virðir störf og skoðanir annarra
Sýnir verkefnum áhuga

Dags:

Mg	G	Sæ	Þ

Dags:

Mg	G	Sæ	Þ

Dags:

Mg	G	Sæ	Þ

Dags:

Mg	G	Sæ	Þ

Mg = mjög gott, G = gott, Sæ = sæmilegt, Þ = þarf að bæta

Fylgiskjal 10. Leikskólinn Hulduheimar: Hópastarf í könnunaraðferð

Leikskólinn Hulduheimar

Könnunaraðferðin

Hópastarf

Könnun: _____ Dagsetning: _____

Deild: _____ Kennari: _____

Hópur: _____

Markmið stundar: _____

Aðalæfing-verkefni, þ.e. hvað var gert? _____

Hvernig gekk hópastarfið? _____

Hvað gekk vel og af hverju? _____

Hvað hefði verið hægt að gera betur? _____

Tillögur fyrir næsta hópastarfstíma: _____

Fylgiskjal 11. Leikskólinn Hulduheimar: Mat á könnunaraðferð

Leikskólinn Hulduheimar Könnunaraðferðin - mat

Þetta mat er fyllt út í lok hverrar könnunar. Ef sama könnunin helst út allt skólaárið er þetta blað fyllt út tvisvar sinnum.

Bls 1 af 3

Deild:
Hópur:

Könnun:

Dags:

Haust

Vor

Kennari:

1. Báru börnin ábyrgð á vinnu sinni eða athafnasemi?

Höfðu þau eitthvað um nám sitt að segja?

Deildu þau námsreynslu sinni og útskýrðu eða sýndu kennaranum hvað þau eru/voru að gera?

Já	Nei

Já	Nei

2. Voru börnin niðursokkin og áhugasöm í vinnu sinni?

Nutu þau þess sem þau voru að fást við?

Þróðu þau með sér færni til að leysa úr vandamálum og skilja hugmyndir og hugtök?

3. Voru börnin úrræðagóð í vinnu sinni?

Þróðu þau með sér hæfni og færni til að leysa úr vandamálum?

Beittu þau þeirri reynslu sem þau öðluðust í námi sínu í áframhaldandi námi?

Bls 2 af 3

4. Hefur samvinna barnanna aukist?

Unnu þau með hinum börnunum?

Ræddu þau hugmyndir sínar við aðra?

Voru þau sanngjörn í að komast að samkomulagi þegar þau lentu í ágreiningi?

Buðu þau fram stuðning sinn, hugmyndir og hvatningu til annarra barna?

Voru þau meðvituð um sinn eigin styrk og styrk annarra?

Já	Nei

Já	Nei

5. Voru verkefnið samþætt og krefjandi

Voru verkefnið nægilega krefjandi og áhugaverð, þurftu góðan tíma yfir daginn og jafnvel yfir nokkrar vikur?

Bauð efniviðurinn upp á að börnin notuðu styrk sinn og félagslega færni til að ná árangri?

Lærðu börnin hvernig læsi, stærðfræði, vísindi og samskiptahæfni geti nýst þeim?

Voru börnin hvött til að spyrja erfiðra spurninga til að skilgreina vandamál og taka þátt í samtölum?

Bls 3 af 3

6. Var vinna barnanna í könnunarferlinu notuð til að meta nám þeirra?

Voru skráningar gerðar á því hvernig börnin byggðu upp eigin þekkingu og unnu skapandi verkefni til að tjá/sýna kunnáttu sína?

Voru skráningar gerðar á framkvæmdum verkefnis og tengingu þess við markmið námskrár?

Inniheldur skráningin bæði vinnu hópa og einstaklinga?

Sýnir skráningin hvernig börnin tileinkuðu sér færni í gegnum könnunina t.d. við að leysa úr vandamálum, spyrja spurninga o.s.frv.?

Inniheldur skráningin bæði áætlun sem og lokaafkrastur könnunarinnar

Tóku börnin þátt í skráningu gagna og voru þau hvött til að íhuga skráninguna?

Voru börnin hvött til að útfæra viðmið sín t.d um hvað einkennir góða teikningu eftir skoðun á viðfangsefni og hvað einkennir góðar spurningar?

Já	Nei

Já	Nei

--	--

--	--

7. Leiðbeindir, þú sem kennari, og greiddir leið barnanna í vinnu þeirra?

Bauðst þú upp á örvandi umhverfi, örvandi upplifun og virkni?

Varst þú hvetjandi í að deila þekkingu og ábyrgð?

Aðlagaðir þú upplýsingar og stuðning við þarfir barnanna?

Hjálpaðir þú börnunum að tengja nýjar upplýsingar við fyrri þekkingu þeirra?

Hjálpaðir þú börnunum við að þróa aðferðir til að finna út það sem þau vildu að vita? (opnar spurningar)

Varst þú góð fyrirmynd og leiðbeinandi?

Leið þér eins og þú værir að læra og rannsaka með börnunum?

Náðir þú markmiðunum sem þú settir í upphafi? (markmið kennara, tenging þema við námssvið aðalnámskrár)

Fylgiskjal 12. Leikskólinn Hulduheimar: Skipulag náms og námsaðstæður

Nafn deildar: _____

Dags.: _____

Gefið einkunn fyrir hverja spurningu á skalanum 1-5 þar sem 1 er mjög lítið og á ekki við, 3 er sæmilegt en 5 er mjög mikið og á vel við. Ræðið og ígrundið spurningarnar, gefið greinargóð en hnitmiðuð svör, útskýrið. Eftir að deildin hefur farið yfir spurningarnar, takið saman nokkur atriði sem koma vel út í hverjum þætti og einnig nokkur atriði sem mætti betur fara. Þessum atriðum deilið þið með samstarfsfólki ykkar í sal.

Námsumhverfi

Gerir skipulag leikskólahúsnæðis og útileiksvæðis ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum og þörfum barna? Einkunn:

Eru möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis nýttir til náms í gegnum leik? Einkunn:

Gefur skipulag húsnæðis kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum? Einkunn:

Ber skipulag húsnæðis merki um að unnið sé að góðri hljóðvist? Einkunn:

Er leikumhverfið fjölbreytilegt og hvetur það börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa? Einkunn:

Er námsumhverfið og efniviðurinn í samræmi við markmið og áherslur leikskólans (sbr. Námskrá, stefnu og markmið)? Einkunn:

Er umhverfi leikskólans nýtt til þekkingarleitar (útinám, gönguferðir o.s.frv.)? Einkunn:

Efniviður

Er fjölbreytt úrval af leik- og námsefni til staðar? Einkunn:

Er leik- og námsefnið í senn hvetjandi og krefjandi og höfðar til mismunandi skynjunar? Einkunn:

Vekur leik- og námsefni forvitni barna, ýtir það undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu? Einkunn:

Er leik- og námsefni aðgengilegt og í góðu ástandi? Einkunn:

Hentar leik- og námsefni mismunandi þörfum og áhugasviðum barna? Einkunn:

Endurspeglar efniviður (s.s. myndir á veggjum, bókakostur og leikefni) margbreytileika mannlífsins (útlit, færni, aldur, fjölbreytt tungumál, fjölbreyttar fjölskyldugerðir)? Einkunn:

Aðstaða

Er vinnuaðstaða starfsfólks góð t.d. til undirbúnings, samráðs, funda og sérstuðnings? Einkunn:

Er efniviður, náms og kennslugögn aðgengileg fyrir starfsfólk? Einkunn:

Skipulag innra starfs

Er stuðlað að alhliða þroska og menntun barna í dagskipulagi og viðfangsefnum skólstarfsins? Einkunn:

Er dagskipulag endurmetið reglulega til að mæta þörfum barnanna? Einkunn:

Er jafnvægi í dagskipulagi milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna? Einkunn:

Er jafnvægi í dagskipulagi milli rólegra og fjörugra athafna? Einkunn:

Veitir dagskipulag svigrúm til að mæta þörfum allra barna (s.s. með stuðningi og sérfræðipjónustu)? Einkunn:

Samantekt

Styrkleikar	Veikleikar

Markmið um að laga:

Hvað er hægt að laga strax?	Hvað þarf að laga á næsta skólaári?

Fylgiskjal 13a. Leikskólinn Jötunheimar: Foreldrasamtal

Starfsfólk og foreldrar gæta trúnaðar gagnvart upplýsingum sem eru veittar í samtalinu.

Dagssetning:

Nafn barns og aldur:

Almenn líðan barnsins í leikskólanum?

Líðan heima?

Leikurinn

Inni

Úti

Leikfélagar

Í hvernig leik er barnið- hvar er það stadd

Hvernig upplifið þið leikinn heima?

Samskipti

Við önnur börn

Við kennara

Hvernig ganga samskipti heima?

Einbeiting og úthald

Í leik og frjálsum leik

Í skipulögðu starfi

Listastofu, sal, samverustund, sögustund, í Lubbastund, gönguferð o.fl.

Þáttaka/áhugi

Hlustun

Hvöld

Samkvæmt landlækni er svefnþörf	1-3 ára börn: 10-14 klst. á sólarhring
	3-6 ára börn: 10-12 klst. á sólarhring

Hvernig er úthald og einbeiting heima?

Fer barnið eftir fyrirmælum

Í stórum hópi

Í litlum hópi

Hvernig gengur að fara eftir fyrirmælum heima?

Hreyfjþroski

Fínhreyfingar

Grófhreyfingar

Hvernig er virknin heima?

Málþroski

Málskilningur

Máltjáning

Framburður

Hlustun

Lausleg viðmið fengin úr framburðarprófi Þóru Másdóttur, talmeinafræðings

Málhljóð sem börn læra frá 2-3 ára: /m/, /n/, /b/, /d/, /g/, /j/, /v/, /f/, /l/

Hljóð sem börn læra frá 3-4 ára: /g/, /p/, /t/, /k/, /f/, /kj/

Hljóð sem börn læra frá 4-5 ára: /s/, /ð/, /hj/, /hl/

Hljóð sem börn læra frá 5-6 ára: /þ/, mjúka /g/, /r/, /hr/, hn/

Það getur líka verið gagnlegt að vita að fram hafa komið vísbendingar um að íslensk börn læri fyrst sérhljóðin, /a/, /i/, /e/, /u/, /i/, /o/, /ö/ og síðan tvíhljóðin; /á/, /æ/, /ei/, /ó/, /au/

Hvernig er ykkar upplifun á málþroska barnsins?

Sjálfs hjálp.

Mikilvægt að ýta undir sjálfs hjálp barna

Börnin séu í fötum sem þau geta klætt sig sjálf í og úr.

Hvernig gengur að:

Klæða sig í

Klæða sig úr

Salernisferðir- handþvottur

Hvernig gengur það heima?

Matartímar

Morgunmatur, hádegismatur og síðdegishressing

Matarlyst - matarvenjur

Borðsiðir

Hvernig ganga þeir heima og hvernig eru matarvenjur barnsins?

Umræða

- ✓ Innivera eftir veikindi
- ✓ Skjátími
- ✓ Sumarfrí
- ✓ Uppsögn og hvenær 6 ára börnin hætta

Eitthvað annað sem þarf að koma fram

Foreldri/forráðamaður

Foreldri/forráðamaður

Kennari

Kennari

Fylgiskjal 13b. Leikskólinn Jötunheimar: Foreldrasamtal þegar barn byrjar á deild

Dagsetning: _____

Nafn barns: _____

Fæðingardagur: _____

Vistunartími: _____

Netföng: _____

Upplýsingar um barnið:

- Hvernig er málþroski barnsins ? _____
- Hefur barnið verið með þrálátar eyrnabólgur ? _____
- Hefur barnið farið í heyrnarmælingu ? _____
- Elst barnið upp við tví-/fjöltyngi ? _____
- Á barnið auðvelt með augnsamband ? _____
- Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dóti ? _____
- Sýnir barnið áhuga á öðrum börnum ? _____
- Hefur barnið áhuga á bókum ? _____
- Hafa greinst málþroskafrávik eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni ? _____
- Hvar var barnið áður en leikskóladvöl hófst ? _____
- Hvernig gekk aðlögun ? _____
- Hvernig bregst barnið við að vera skilið eftir ? _____
- Matarvenjur/sjálfs hjálpi? _____

- Ofnæmi / óþol – tengt mataræði – þörf á vottorði _____
- Salernisvenjur/vandamál _____
- Fjölskylduhagir / forræði ? _____
- Hver sér um aðlögun? _____

Hvernig lýsið þið barninu ?

Fylgiskjal 14a. Leikskólinn Jötunheimar: TRAS íhlutun 2–3 ára

Markviss íhlutun 2-3 ára í kjölfar TRAS skráningar skráningarblað – langtímaáætlun á milli skráninga

Nafn barns:	Aldur barns við útfyllingu í TRAS:	Kennitala:
Deild: Fossmúli	Deildarstjóri:	
Þjálfunartímabil:	Útfyllt af:	Ábyrgð með þjálfun og endurmati hefur:

Dáttur og aldur	Merkið við hvaða þætti úr TRAS skráningu þarf að vinna með	Hvernig á að þjálf? Kennslugögn, leikir, spil o.fl.	Fyllist út að loknu þjálfunartímabili Getur / byrjunarfærni /getur ekki
Samleikur/félagsfærni 2-3 ára	Nr. 1 Hefur barnið áhuga á að leika sér við aðra?		
Samleikur/félagsfærni 2-3 ára	Nr. 2 Sækist barnið eftir því að hjálpa til við ýmis störf?		
Samleikur/félagsfærni 2-3 ára	Nr.3 Á barnið frumkvæði að jákvæðum samskiptum?		
Tjáskipti/samskipti 2-3 ára	Nr. 1 Lætur barnið að fyrra bragði í ljós þörf fyrir að tjá sig? (dæmi: með svipbrigðum, látbragði, orðum)		
Tjáskipti/samskipti 2-3 ára	Nr. 2 Tjáir barnið sig með orðum við aðra að eigin frumkvæði?		

Tjáskipti/samskipti 2-3 ára	Nr. 3 Getur barnið haldið uppi samræðum, stutta stund í einu?		
Athygli/einbeiting 2-3 ára	Nr. 1 Getur barnið beint athygli að ákveðnu verkefni? (Dæmi: púsla, mála, kubba.)		
Athygli/einbeiting 2-3 ára	Nr. 2 Getur barnið haldið athygli við verkefni í dálitla stund? (í umk 3 mín?)		
Athygli/einbeiting 2-3 ára	Nr. 3 Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?		
Málskilningur 2-3 ára	Nr. 1 Getur barnið bent á <u>alenga</u> hluti?		
Málskilningur 2-3 ára	Nr. 2 Fylgir barnið einföldum fyrirællum: Dæmi: settu kubbin í kassann. Láttu bollann á borðið.		
Málskilningur 2-3 ára	Nr.3 Getur barnið fundið réttan hlut þegar sagnorð eru notuð í fyrirællum? Dæmi: sýndu mér það sem við litum með.		

Málvitund 2-3 ára	Nr. 1 Sýnir barnið áhuga þegar þið skoðið saman myndabækur?		
Málvitund 2-3 ára	Nr. 2 Tekur barnið þátt í leikjum með rím og stuttar þulur?		
Málvitund 2-3 ára	Nr. 3 Tekur barnið þátt í söngstundum?		
Framburður 2-3 ára	Nr. 1 Er tiltölulega auðvelt að skilja barnið?		
Framburður 2-3 ára	Nr. 2 Getur barnið borið fram orð með /m/n/b/d/l/?		
Framburður 2-3 ára	Nr. 3 Ber barnið orð yfirleitt skýrt fram?		
Orðaforði 2-3 ára	Nr. 1 Notar barnið algeng orð yfir hluti? Dæmi: bolti, skór, húfa.		
Orðaforði 2-3 ára	Nr. 2 Notar barnið algeng sagnorð? Dæmi: moka, detta, sofa, taka.		

Orðaforði 2-3 ára	Nr.3 Notar barnið fornafn þegar það talar um sjálft sig? Dæmi: ég, mig, mitt, mín.		
Setningamyndun 2-3 ára	Nr. 1 Notar barnið tveggja til þriggja orða setningar (yrðingar)? Dæmi: mamma koma, illt í maga.		
Setningamyndun 2-3 ára	Nr. 2 Er barnið farið að spyrja spurninga (með hjómfalli eða orðum)? Dæmi: Hvað þetta (ka etta)? Maggi koma.		
Setningamyndun 2-3 ára	Nr. 3 Notar barnið yrðingar með nei eða ekki? Dæmi: ekki fara út. Má ekki taka bílinn.		

Fylgiskjal 14b. Leikskólinn Jötunheimar: TRAS íhlutun 3–4 ára

Markviss íhlutun 3-4 ára í kjölfar TRAS skráningar: skráningarblað – langtímaáætlun á milli skráninga

Nafn barns:	Aldur barns við útfyllingu í TRAS:	Kennitala:
Deild: Fossmúli	Deildarstjóri:	
Þjálfunartímabil:	Útfyllt af:	Ábyrgð með þjálfun og endurmati hefur:

+

Þáttur og aldur	Merkið við hvaða þætti úr TRAS skráningu þarf að vinna með	Hvernig á að þjálfra? Kennslugögn, leikir, spil o.fl.	Fyllist út að loknu þjálfunartímabili Getur / byrjunarfærni /getur ekki
Samleikur/félagsfærni 3-4 ára	Nr. 1 Getur barnið fylgt reglum í leik sem fullorðinn stýrir?		
Samleikur/félagsfærni 3-4 ára	Nr. 2 Tekur barnið því að önnur börn sýni því áhuga sem það sjálft er upptekið af?		
Samleikur/félagsfærni 3-4 ára	Nr.3 Getur barnið tekið leiðbeiningum með því að herma eftir öðrum?		
Tjáskipti/samskipti 3-4 ára	Nr. 1 Notar barnið málið í eðlilegu samhengi við það sem er að gerast?		

Tjáskipti/samskipti 3-4 ára	Nr. 2 Getur barnið haldið uppi samræðum í dálitla stund?		
Tjáskipti/samskipti 3-4 ára	Nr. 3 Getur barnið tjáð óskir sínar, tilfinningar og þarfir með orðum?		
Athygli/einbeiting 3-4 ára	Nr. 1 Getur barnið haldið sig við sjálfvalið verkefni?		
Athygli/einbeiting 3-4 ára	Nr. 2 Getur barnið setið kyrrt á sínum stað ef til þess er ætlast?		
Athygli/einbeiting 3-4 ára	Nr. 3 Getur barnið beðið eftir að röðin komi að því án þess að missa athyglina?		
Málskilningur 3-4 ára	Nr. 1 Getur barnið flokkað hluti eftir yfirhugtökum? Dæmi: fót, leikföng, dýr, matur.		
Málskilningur 3-4 ára	Nr. 2 Skilur barnið setningar sem innihalda forsetningar? Dæmi: settu bílinn undir stólinn. Settu kubbinn upp á borð.		

Málkilningur 3-4 ára	Nr.3 Þekkir barnið minnst þrjú til fjögur litahætti?		
Málvitund 3-4 ára	Nr. 1 Man barnið rímlæki og söngva sem oft er farið í?		
Málvitund 3-4 ára	Nr. 2 Tekur barnið þátt í að ríma?		
Málvitund 3-4 ára	Nr. 3 Getur barnið með hjálp mynda greint mun á líkum orðum?		
Framburður 3-4 ára	Nr. 1 Getur barnið borið fram /k/g/ rétt í orðum?		
Framburður 3-4 ára	Nr. 2 Notar barnið /s/f/ og /v/ rétt fremst í orðum?		
Framburður 3-4 ára	Nr. 3 Getur barnið borið fram öll atkvæði í þriggja atkvæða orðum? Dæmi: löggubill, litabók, afmæli.		
Orðaforði 3-4 ára	Nr. 1 Notar barnið nafnorð í fleirtölu? Dæmi: bílar, stelpur.		

Orðaforði 3-4 ára	Nr. 2 Notar barnið spurnarorð? Dæmi: hvar, hver, hvað?		
Orðaforði 3-4 ára	Nr.3 Notar barnið þátíð sagna? Dæmi: borða-borðaði, keyra- keyraði .		
Setningamyndun 3-4 ára	Nr. 1 Getur barnið myndað allt að fjögurra orða setningu með rétttri orðaröð?		
Setningamyndun 3-4 ára	Nr. 2 Notar barnið forsetningar í setningum? Dæmi: á, í, undir, uppi, fyrir aftan.		
Setningamyndun 3-4 ára	Nr. 3 Er barnið farið að tengja saman setningar með og/en? Dæmi: ég hafa bláu kubbana en þú rauðu.		

Fylgiskjal 14c. Leikskólinn Jötunheimar: TRAS íhlutun 4–5 ára

Markviss íhlutun 4-5 ára í kjölfar TRAS skráningar: Skráningarblað – langtímaáætlun á milli skráninga

Nafn barns:	Aldur barns við útfyllingu í TRAS:	Kennitala:
Deild: Fossmúli	Deildarstjóri:	
Þjálfunartímabil:	Útfyllt af:	Ábyrgð með þjálfun og endurmati hefur:

Páttur og aldur	Merkið við hvaða þætti úr TRAS skráningu þarf að vinna með	Hvernig á að þjálfna? Kennslugögn, leikir, spil o.fl.	Fyllist út að loknu þjálfunartímabili Getur / byrjunarfærni /getur ekki
Samleikur/félagsfærni 4-5 ára	Nr. 1 Getur barnið tekið þátt í samleik í jafn langan tíma og jafnaldrar? (20-30 mín)		
Samleikur/félagsfærni 4-5 ára	Nr. 2 Tekur barnið þátt í hlutverkaleik?		
Samleikur/félagsfærni 4-5 ára	Nr.3 Fylgir barnið félagslegum leikreglum?		
Tjáskipti/samskipti 4-5 ára	Nr. 1 Er ákveðið samhengi í frásögnum barnsins?		

Tjáskipti/samskipti 4-5 ára	Nr. 2 Getur barnið tjáð sig skiljanlega og tekið svörum viðmælanda?		
Tjáskipti/samskipti 4-5 ára	Nr. 3 Getur barnið farið með stuttar vísur/gátur?		
Athygli/einbeiting 4-5 ára	Nr. 1 Getur barnið haldið athygli við verkefni í lengri tíma (amk 20-30 mín)?		
Athygli/einbeiting 4-5 ára	Nr. 2 Getur barnið leikið sér án þess að trufla aðra?		
Athygli/einbeiting 4-5 ára	Nr. 3 Tekur barnið þátt í frjálsum leik líkt og jafnaldrar?		
Málskilningur 4-5 ára	Nr. 1 Skilur barnið stigbreytingu lýsingarorða? Dæmi:Stór-minni-stærstur		
Málskilningur 4-5 ára	Nr. 2 Skilur barnið málsgreinar með neitun í aukasetningu? (sjá handbók)		

Málskilningur 4-5 ára	Nr.3 Getur barnið útskýrt orð yfir algenga hluti? Hvað er bók? Hvað er litur?		
Málvitund 4-5 ára	Nr. 1 Kann barnið að ríma?		
Málvitund 4-5 ára	Nr. 2 Getur barnið aðgreint fyrsta hljóð í orðum?		
Málvitund 4-5 ára	Nr. 3 Getur barnið skrifað nafnið/gælunafnið sitt?		
Framburður 4-5 ára	Nr. 1 Getur barnið borið rétt fram samhljóðaklasa í orðum? Dæmi: ljón, klukka, veski, blóm, hlaupa.		
Framburður 4-5 ára	Nr. 2 Ber barnið /s/ hljóðið rétt fram?		
Framburður 4-5 ára	Nr. 3 Ber barnið /r/ hljóðið rétt fram?		

Orðaforði 4-5 ára	Nr. 1 notar barnið litaheiti með nafnorðum? Dæmi: rauður bill, gult hús.		
Orðaforði 4-5 ára	Nr. 2 Er barnið farið að nota yfirhugtök í töluðu máli? Dæmi: (húsdýr, útiföt, matur.		
Orðaforði 4-5 ára	Nr.3 Notar barnið orð yfir form, stærð og fjölda? Dæmi: hringur, stórt, lítið, tveir, margir.		
Setningamyndun 4-5 ára	Nr. 1 Er barnið farið að nota hvernig og af hverju/hvers vegna spurningar?		
Setningamyndun 4-5 ára	Nr. 2 Getur barnið myndað setningar um það sem hefur gerst eða getur gerst?		
Setningamyndun 4-5 ára	Nr. 3 Notar barnið af því að setningar?		

Fylgiskjal 15. Leikskólinn Jötunheimar: Skil/flutningur milli deilda – verklag skóla

Flutningur nemenda milli deilda

Deildarstjórar yngri deilda útbúa myndir með nafni og afmælisdegi þeirra nemenda sem að flytjast yfir á eldri deild. Myndirnar verða settar upp 2 vikum áður en aðlögun hefst.

Deildarstjórar yngri deilda útbúa myndir af kennurum eldri deildar sem hafðar eru á yngri deildum til að nemendur sjái þá kennara sem að taka á móti þeim og þekki andlitin.

Deildarstjórar yngri deilda tilkynna foreldrum á hvaða deild barnið þeirra mun flytjast á.

Deildarstjórar yngri deilda skila nemendum til deildarstjóra eldri deilda á fundi að vori og notast þá við upplýsingablað um nemanda. Sérkennslustjóri situr fundi ef við á.

Deildarstjórar eldri deilda taka foreldra í viðtal að vori áður en nemandi flytur

- Farið yfir fyrirkomulag aðlögunar
- Notast við samtalsblað/punkta í samtalinu

Þegar nemandi flytur á milli deilda þá fylgja eftirfarandi gögn með

- Upplýsingablað úr samtali deildarstjóra
- TRAS
- Ferilmappa
- Dvalarsamningur og öryggiseyðublað
- Myndir úr fatahólfi
- Myndahús
- Merkingar fyrir listasýningu

Aðlögun fer fram síðustu dagana fyrir sumarfrí.

Aðlögun milli deilda eru 3 dagar og þriðja daginn mæta nemendur inn á eldri deild að morgni.

Kennarar yngri deilda fylgja nemendum á milli deilda og stoppa í um 10 mín fyrsta daginn.

Á meðan aðlögun stendur fara næst elstu nemendur í heimsókn á yngri deildir. Elstu nemendurnir eru á sinni deild ef að hægt er.

Á eldri deildum er útbúin miði/merki t.d. Aðalból og og þar eru myndir af þeim nemendum sem þar eru í heimsókn.

Síðasti dagur leikskólans fyrir sumarfrí er kveðjudagur og þá eru allir nemendur á sinni gömlu deild. Undantekning er þó ef að nemendur eru byrjaðir í vistun á eldri deild t.d. í byrjun júní þá fara þeir ekki yfir á yngri deild þennan síðasta dag.

Ef að flutningur er mánaðarmótin maí/júní þá er miðað við að þau börn sem eru að hætta séu búin að kveðja og hætt þegar aðlögun hefst. Aðlögunin á eldri deildir getur þá haldist í hendur við aðlögun nýrra barna á yngri deild.

Flutningur á milli deilda – upplýsingar um nemanda frá deildarstjóra

Dagsetning: _____ Nafn nemanda: _____

Flytur frá: _____ Flytur til: _____

Líðan

Félagsfærni

Þátttaka í hóp

Sjálfs hjálp

Heilsufar

Frá heilsugæslu

Ofnæmi/Óþol

Annað

Fylgiskjal 16. Leikskólinn Jötunheimar: Flutningur milli deilda – upplýsingar frá foreldrum

Flutningur á milli deilda – upplýsingar frá foreldrum

Dagsetning: _____

Nafn nemanda: _____

Flytur frá: _____

- Fyrirkomulag aðlögunar
- Hvernig lýsið þið barninu
- Líðan
- Félagfærni
- Þátttaka í hóp
- Sjálfshjálp
- Heilsufar
- Frá heilsugæslu
- Óþol/ofnæmi/vottorð
- Matarvenjur
- Annað

Foreldri/forráðamaður

Foreldri/forráðamaður

Deildarstjóri

Fylgiskjal 17. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri: Niðurstöður úr umræðuhópum 2. janúar

Niðurstöður úr umræðuhópum 2. janúar

A. LEIÐSAGNARMAT, HVERNIG SJÁIÐ ÞIÐ FYRIR YKKUR LEIÐSAGNARMAT Í YKKAR HÓPI?

Nemendur skila inn verkefnum til kennara til yfirfærslu fá svo kost að leiðrétta og skila aftur til að hækka einkunn. Hægt að fylgjast með nemanda inn á Mentor. Nemandinn getur líka fylgst með námsframvindu sinni. Markmið að fá nemendur til að hugsa hvernig sé hægt að hækka einkunnina.

Nota mismunandi aðferðir við námsmat.

Á að vera sýnilegt fyrir bæði kennarann, nemanda og foreldra. Þetta skapar umræðugrundvöll um viðfangsefnin í náminu. Við álitum að það skapi jafna afstöðu fyrir börnin að vera meðvituð um framvindu sína.

þarf að vera hægt að prenta markmið/leiðsagnarmat út úr Mentor.

Við erum að iðka leiðsagnarmatið jafnt og þétt. Þegar nemendur eru svona ungir þarf að þjálf þá til að meta sjálfa sig. Nemendur og kennari þurfa að vinna saman. Matið þarf að vera sýnilegt og skiljanlegt svo allir sem að því vinna viti hvert þeir stefni.

B. SJÁLFSMAT NEMENDA, Á ÞAÐ AÐ VERA EINGÖNGU Í HÖNDUM UMSJÓNARKENNARA EÐA EIGA FLEIRI AÐ KOMA AÐ ÞVÍ?

Nemendur hafa gott af því að meta sig rétt. Þurfa að gera það í mismunandi greinum. Sé til staðar í flestum greinum. Umsjónarkennari taki nemendaviðtöl 2 x á vetri/önn. Styrkir tengingu nemenda og kennara. Staðlaðar spurningar til að fá betri niðurstöðu. Nemendur rökstyðji svör sín.

Ekki endilega undir umsjónarkennara komið.

Verkgreinakennarar myndu vilja hafa tök á að láta nemendur merkja við hvernig þeir meta þátttöku sína, virkni og hegðun, frágang, vandvirkni og síðast en ekki síst frumkvæði og góða samvinnu.

Umsjónarkennarar myndu vilja prenta út markmið fyrir sína nemendur.

Nei nemendur eiga að fá tækifæri til að meta sig sjálf. Hægt er að treysta öðrum kennurum til að meta nemendur á jákvæðum þætti. Kannski umsjónarkennari haldi utan um matið.

C. MAT BYGGT Á VIÐMIÐUM Í SKÓLANÁMSKRÁ, ER HÆGT AÐ NOTA LEIÐSAGNARMAT OG SJÁLFSMAT EINGÖNGU EÐA ÞURFUM VIÐ AÐ BÆTA EINHVERJU VIÐ?

Ekki þörf á viðbót. Einfalt er gott.

Við viljum halda metanlegum hæfniviðmiðum skólanámskráin(hæfniviðmið) eru tormælanleg og erfitt að meta, því viljum við halda texta sem útskýrir það sem til er ætlast.

Viljum halda umsagnarmöguleikanum.

Vantar betra eða öllu heldur einfaldara vinnuferli fyrir verkgreinakennara til að hafa námsmatið sýnilegra í gegnum önnina.

D. NÁMSVIÐMIÐ NEMENDA, ÞARNA ERUM VIÐ FYRST OG FREMST AÐ HORFA Á EINSTAKLINGS-NÁMSKRÁR OG BEKKJARNÁMSKRÁR. HVER EIGA VIÐMIÐIN AÐ VERA OG HVER ER ÁBYRGUR FYRIR ÞEIM?

Viðmiðin einstaklingsbundin og eftir getu og greind hvers og eins. Opin viðmið of mörg þurfa að vera þrengri til að nemendur viti hvert þeir eru að stefna. Markmiðapottur inn á Mentor sem hægt er að leita í til að sinna þörfum hvers og eins. Hver og einn kennari geti hakað við fyrir hvern og einn. Skólinn búi til sín markmið. Aðlaga þarf þrepamarkmið að hverri námsgrein.

Þekkingarmarkmið inn á Mentor þyrftu að vera í formi þar sem hægt er að haka við nemendur. Jafnframt þrengri og skýrari.

Einstaklingsnámskrá: Ábyrgð í höndum umsjónarkennara með aðkomu stoðþjónustu. Einnig mikilvægt að tengja verkgreinakennarana við nemendur með einstaklingsnámskrá.

Bekkjarnámskrá: Virkar sem tímarammi fyrir kennara, þarf þó oftast að aðlaga í margbreytilegum nemendahópi.

Mikilvægt er að hafa raunhæf markmið, einstaklingsnámskrá þarf að vera í samstarfi við stoðþjónustu í skólanum. Umsjónarkennarinn ber ábyrgð á bekkjarnámskrá og að ganga frá á Mentor. Það er nauðsynlegt að hafa gott samstarf umsjónarkennara og stoðþjónustu. (Ráðuneytið ber ábyrgð á hæfniviðmiðum á Mentor)

E. NÁMSVIÐMIÐ Í MENTOR- ERUM VIÐ Á RÉTTRI LEIÐ ÞAR, ER EITTHVAÐ SEM VIÐ ÞURFUM AÐ BREYTA Í ÞVÍ FERLI?

Erum á réttri og góðri leið. Nýtum okkur það sem búið er að vinna. BES nýtir Mentor vel og leggur til að einstaklingsnámskrár séu settar þar inn. Nemendur fá einstaklingsverkefni en ekki námskrár, gætum bætt okkur þar.

Of mikið af námsviðmiðum sem eiga ekki alltaf við. Verkgreinakennarar vilja meira samstarf til að samræma námsviðmið. Umsjónarkennarar geta líka grætt á þessu, þarfnast umræðu við fleiri skóla.

Sérhæfðari markmið stoðþjónustu mættu koma fram en að öðru leyti erum við ánægðar með K4

F. ERU EINHVERJAR FLEIRI ÞÆLINGAR Í TENGLUM VIÐ NÁMSMAT SEM KENNARAR VILJA BÆTA VIÐ ÞAÐ SEM FRAM HEFUR KOMIÐ?

Fá aðila frá Mentor til að halda námskeið fyrir kennara. Gott að fá utanaðkomandi aðila og myndi flýta fyrir vinnu kennara.

*munnleg skil fyrir einstaka nemendur. Oft erfið í framkvæmd.

*hafa námsmat fjölbreytt og gefa nemendum kost á að taka mismunandi próf.

Þæling að virkja sjálfsmat! Afhenda vitnisburð að vori með umsögn um framvindu í hverju fagi.

Nám þarf að henta hverjum og einum. Nemendur þurfa að upplifa sjálfstraust og vera sáttir við sjálfa sig. Hægt er að nota námsmat til að byggja upp nemendur.

Fylgiskjal 18. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri: Framkvæmdaráætlun

Framkvæmdaáætlun fyrir - Námsmat á mörkum skólastiga

Framkvæmdaáætlun fyrir námsmat á mörkum skólastiga í Árborg

Verkþættir	Verkaskipting	Tímamörk	Verkstjórn	Leiðir	Markmið
Leiðsagnarmat	Kennarar	apríl 2017	Þróunarstjórn BES	aðalnámskrá og einstaklingsnámskrár	Vera með grunn að leiðsagnarmati, sem hver og einn ætti að geta þróað og nýtt sér.
Sjálfsmat nemenda	Kennarar	apríl 2017	Þróunarstjórn BES	aðalnámskrá og matsblöð sem þarf að þróa	Gera sjálfsmatsblöð sem hægt verður að aðlaga að hverjum og einum.
Mat byggt á viðmiðum í skólanámskrá	Kennarar og stjórnendur	mars 2017	Þróunarstjórn BES	Skólanámskrá	Hafa viðmið í skólanámskrá markviss og ljós
Námsviðmið nemenda	Kennarar	mars 2017	Þróunarstjórn BES	Einstaklingsnámskrár Aðalnámskrá og skólanámskrá.	Eiga grunn að einstaklingsnámskrá fyrir alla nemendur í BES.
Námsviðmið í Mentor	Mentorteymi og kennarar	mars 2017	Þróunarstjórn BES	Mentor og aðalnámskrá	Skrá inn öll námsviðmið í Mentor þannig að þau nýtist kennurum í námsmati

Fylgiskjal 19. Sunnulækjarskóla: Myndræn skjöl sem þróunarstjórn hannaði og sendi á teymi



Mynd 1. Námsmat á mörkum skólastiga

Leiðsagnarmat: Lykilþættir

- Skýr markmið og viðfangsefni sem nemendur skilja og sjá tilgang í.
- Nota samræður og spurningar sem námsleið til að tengja við fyrri þekkingu og að fá heildarsýn á viðfangsefni.
- Uppbyggileg endurgjöf sem felur í sér hvetjandi leiðsögn til að takast á við næstu skref í námi.
- Þátttaka nemenda í ákvörðunum um eigið nám með sjálfs- og jafningjamati og iggrundun til að efla námsvitund.
- Nám er félagsleg athöfn sem fer fram í gegnum samvinnunám þar sem nemendur eru samverkamenn.

Mynd 2. Veggspjald um lykilþætti leiðsagnarmats


Matsaðferðir og verkfæri

Umræður og spurningar

Endurgjöf

Sjálfsmat

Jafningjamat



Mynd 3. Ferðataskan, minnispointar um leiðsagnar



Mynd 4. Hugarfar grósku og festu



Mynd 6. Verkfæri til að kortleggja stöðu leiðsagnarmats í teymi

Fylgiskjal 20. Vallaskóli: Glærur með kynningu á verkefninu *Námsmat á mörkum skólastiga*

NÁMSMAT Á MÖRKUM SKÓLASTIGA

PRÓUNARVERKEFNIÐ
PRÓUNARVERKEFNIÐ – NÁMSMAT Á MÖRKUM SKÓLASTIGA

- PRÓUNARVERKEFNIÐ – NÆR TIL NIÚ LEIK- GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLA Í ÁRBORG.
- FJÓRIR TIL FIMM FRÆDSLUFUNDIR VERÐA HALDNIR MEÐ KENNURUM EN AD ÖÐRU LEYTI **BYGGIST VERKEFNIÐ Á VINNU INNAN SKÓLANNNA** MILLI PESSARA FUNDA.
- HUGMYNDIN ER AD **KENNNARAR VINNI Í TEYMUM** INNAN HVERS SKÓLA VIÐ AD **PRÓA** MISMUNANDI **LEIÐIR Í LEIÐSAGNARMATI OG KENNSLUHÁTTUM.**

PRÓUNARSTJÓRNIR

- PEIR VERÐA BÉDNIR AD GERA **SKRIFLEGAR ÁÆTLANIR** (TIL ÁKVEDINS TÍMA T.D. MILLI FRÆDSLUFUNDA) UM PESSI VERKEFNI OG META ÞAU SKRIFLEGA, TIL DÆMIS MEÐ DAGBÓK OG **SKILA** ÞEIM TIL **PRÓUNARSTJÓRNA** AD LOKNU ÞVÍ TÍMABILI, SEM ÁÆTLUNIN TEKUR TIL.
- YTRA SKIPULAG VERKEFNISINS ER Í HÖNDUM VERKEFNISSTJÓRA OG FIMM MANNA STÝRIHÓPS.

PRÓUNARSTJÓRNIR

- PRÓUNARSTJÓRNINA Í VALLASKÓLA SKIPA AUK SKÓLASTJÓRA:
- HILDIGUNNUR KRISTINSDÓTTIR AF LISTA- OG VERKNÁMSSTIGI, HEIDDÍS ÞORSTEINSDÓTTIR AF YNGSTA STIGI, HILDUR BJARGMUNDSDÓTTIR AF MIÐSTIGI OG SIGRÍÐUR ANNA GUÐJÓNSDÓTTIR AF UNGLINGASTIGI.

BACKWARD DESIGN” – FRÁ FRAMTÍÐ TIL NÚTÍÐAR

- Í **KENNSLU: HÆFNIVÍÐMIÐ** SEM NEMENDUR NÆÐU AD LOKINNI TILTEKINNI NÁMSEININGU.
- Í **PRÓUNARSTARFI: BREYTING Í STARFSHÁTTUM**, SEM STEFNT ER AD INNAN TILTEKINS TÍMA.
- **MAT Á ÞVÍ HVORT HÆFNIVÍÐMIÐIN** HAFI NÁÐST EDA HVORT **BREYTING Í STARFSHÁTTUM** HAFI ORÐID EINS OG AD VAR STEFNT.

BACKWARD DESIGN” – FRÁ FRAMTÍÐ TIL NÚTÍÐAR

- Í **KENNSLU: HÆFNIVÍÐMIÐ** SEM NEMENDUR NÆÐU AD LOKINNI TILTEKINNI NÁMSEININGU.
- Í **PRÓUNARSTARFI: BREYTING Í STARFSHÁTTUM**, SEM STEFNT ER AD INNAN TILTEKINS TÍMA.
- **MAT Á ÞVÍ HVORT HÆFNIVÍÐMIÐIN** HAFI NÁÐST EDA HVORT **BREYTING Í STARFSHÁTTUM** HAFI ORÐID EINS OG AD VAR STEFNT.

BACKWARD DESIGN” – FRÁ FRAMTÍÐ TIL NÚTÍÐAR

- Í **KENNSLU: SVARAR GAGNABUNDIÐ NÁMSMAT** PEIRRI SPURNINGU.
- Í **PRÓUNARSTARFI: ER ÞAD SJÁLFSMAT** MÁLSADILA EDA **YTRA MAT** ANNARRA. ÞÁ VERÐA MENN AD VITA FYRIRFRAM **HVAÐ FULLNÆGJANDI ÁRANGUR ER OG Á HVADA GÖGNUM BYGGÐUR.**
- **AD SJÁ FERLINN FYRIR SÉR** - FRÁ UPPHAFI TIL ÁFANGASTADARINS – HVAD VARÐ AD LIDI OG HVAD HINDRAÐI.
- **NÁKVÆM FRAMVÆMDAÁÆTLUN.** HVER **STJÓRNAR?** HVERNIG ER **VERKUM SKIPT?** HVER BER **ÁBYRÐ** Á HVERJU? HVERNIG **SKAL ÁFANGASTADURIN VERÐA HVÆRFRAMVÆMDUR?**

STADA NÁMSMATS VIÐ UPPHAF VERKEFNIS

- NÁMSMAT ER MEÐAL **FLÓKNUSTU** VERKEFNA SKÓLANS.
- **SKÝR STEFNA** UM NÁMSMAT ER NAUÐSYN, SEM STARFSFÓLK ER **SAMTAKA** UM AD FYLGJA.
- NÁMSMAT STENDUR Í BEINU OG **ÓRJÚFANLEGU SAMHENGI** VIÐ **ADRA ÞÆTTI NÁMS OG KENNSLU.**
- Í ADALNÁMSKRÁ ER MÆLT FYRIR UM NÁMSMAT SEM M.A. FELUR Í SÉR **EINKUNNIR Í BÓKSTÖFUM** OG **SAMRÆMD HÆFNI- OG MATSVIÐMIÐ** UM ÞAD SEM SLÍKAR EINKUNNIR STANDA FYRIR.

STADA NÁMSMATS VIÐ UPPHAF VERKEFNIS

- NÁMSKRÁIN LEGGUR EINNIG PUNGA ÁHERSLU Á **LEIÐSAGNARMAT** OG **SJÁLFSMAT** NEMENDA.
- ALMENNT ER TILGANGUR NÁMSMATS **AD AFLA UPPLÝSINGA** UM NÁMSFERLIÐ OG ÁRANGUR NÁMS OG KENNSLU OG MIÐLA ÞEIM TIL NEMENDA, ADSTANDENDA OG ANNARRA SEM HLUT EIGA AD MÁLI.

STADA NÁMSMATS VIÐ UPPHAF VERKEFNIS

- AD FERÐIR VIÐ NÁMSMAT **TAKA TIL ÁRANGURS Á ÖLLUM SVIÐUM** NÁMSKRÁR OG PURFA AD VERA BÆÐI FORMLEGAR OG OFORMLEGAR.
- PRÓF ERU VISSULEGA NYTSAMLEG EN **SKRIFLEG PRÓF GETA EKKI ORÐID RÍKJANDI** TIL AD META FJÖLDÞETTA FÆRNI OG ÁRANGUR NEMENDA.
- TIL PESS ÞARF M.A. A) **SAMRÆÐUR VIÐ NEMENDUR** B) **NÁMSMÖPPUR** C) **VETTIVANGSATHUGANIR** D) **SJÁLFSMAT** E) **JAFNINGAMAT** F) **FRAMMISTÖÐUMAT** OG G) **MAT Á UNNUM VERKLEGUM VERKEFNUM.**

STADA NÁMSMATS VIÐ UPPHAF VERKEFNIS

- NÁMSMAT GETUR YMIST VERID – **LOKAMAT** – EDA **LEIÐSAGNARMAT** OG ÞÁ GJARNAN MEÐ ENDURGJÓF.
- TILGANGUR VERKEFNISINS ER AD SKAPA ÞÁTTTAKENDUM VETTIVANG TIL AD LEGGJA MAT Á STÖÐU NÁMSMATS Í SKÓLANUM SÍNUM Í ÞEIM TILGANGI AD AUÐVELDA SKÓLANUM AD SKIPULEGGJA PRÓUN PESS.

Fylgiskjal 21. Vallaskóli: Fundargerðir fundaviku skólastjórnenda og kennara.

Fundavika skólastjórnenda og kennara í október 2016-2017. Tvö þemu til umræðu:
Annaskilin í nóvember 2016 og nýir námsmatskvarðar.

25.10 2016 5. bekkur, mættir Margrét Kristjáns., Sírý og Hilmar.

8:15

Annaskil rædd en nú verður öðruvísi framkvæmd á þeim þar sem fyrsta viðtal byggir á liðan nemenda og framvindu í námi, skólafærni. Almenn ánægja með svona annaskil.

Sjálfsmatskvarðar, skjöl frá kennurum kynnt. Metnaðarfullt. Áhersla á lykilhæfni. Kennarar sömdu skjalið sjálfir og studdust við reynslubankann sinn ásamt því sem þeir hafa séð í öðrum skólum.

Verkefnabækur eru auðvitað opnar áfram á Mentor en vitnisburðarblað verður ekki afhent, sem er auðvitað kannski stóra breytingin. Ýmis gögn liggja þó til grundvallar, t.d. PALS. Umsagnir frá öðrum kennurum þurfa þó að koma fyrir til umsjónarkennara. GÓ lagði áherslu á að beina foreldrum til t.d. list- og verkgreinakennara í viðtöl. Allir kennarar eru svo auðvitað með sína viðtalstíma sem hægt er að nýta.

Vantar niðurstöður lestrarprófana + viðmiðunartölu.

Námsmatskvarðar. GÓ leiddi umræðuna. Kennarar sammála um að erfitt sé að koma sér úr orðræðuhefðinni, þ.e. úr tölfræðihugsun. Rætt um lokamat í vor. Kennarar vilja ekki kasta lokaprófum því það er líka spurning um að efla skólafærni. Að hafa lokapróf er líka rök fyrir því að halda úti fjölbreyttu námsmati, eins og það að styðjast við sjálfsmat, jafningjamat eða símat.

Vangaveltur um fjölda anna. Ættum við að fara yfir í tveggja anna kerfi? Eftir umræður um þetta þá virðast flestir á því að málið snýst kannski ekki um fjölda anna heldur hvar við setjum niður foreldraviðtöl - stöðumatsviðtöl. Einnig er sjálfsagt skynsamlegt að hafa foreldradaga sem mest samræmda á milli skóla (en er það endilega nauðsynlegt, sbr. móttökuáætlun í 8. bekk?).

8:50

25.10 2016 6. bekkur, mættir Hjaltey, Svanfríður og Guðrún Eylín.

8:55

Sjálfsmatsblöð kynnt og rætt um annaskil. Töluvert hægt að ræða út frá fjölbreyttum gögnum sem liggja nú þegar fyrir án þess að hafa vitnisburðaspjöld. Vitnisburðurinn tekur yfir foreldraviðtalið, reynsla flesta. Gott að vera með svona annaskil, þ.e. laus við „prófaeinkunnir“. Auðvitað eru verkefnabækur opnar í Mentor. En vantar viðmiðunarkvarða varðandi lesprófin frá mms. Miðað við Dalvíkurkvarða þá stöndum við höllum fæti. Höfum við verið að senda röng skilaboð með okkar mati?

Fjöldi anna? Miðönnin er oft ódrjúg. En snýst þetta ekki þá aðallega um fjölda foreldraviðtala? GÓ segir auðvitað best að hafa foreldradaga svipaða á milli skóla án tillits til fjölda anna. Hjaltey talar um hið huglæga mat í þessu annakerfisprógrammi.

Lokamat. Allir inni á því að það þurfi að vera lokamat, vorpróf en kannski bara í kjarnagreininum þremur, stærðfræði, íslensku og ensku.

Námsmatskvarðarnir nýju: GÓ segir að sínu mati sé þetta ekki kúvending í kerfinu en telur bókstafakerfið líklegra til að koma nemendum á „réttan“ stað námsmatslega. Það verður alltaf huglægur þáttur að baki. Hjaltey telur þetta þræflókið, þrátt fyrir töluverðar umræður. GEM segir erfitt að rökstyðja fyrir foreldra ef engin gögn liggja til grundvallar. En öll vinnan í útfærslu millimarkmiða út frá hæfniviðmiðum er eftir.

Dalvíkurskóli: Heimanámsstefna, læsisstefna. Rætt um Finnland í þessu samhengi. Ekki taka út heimavinnu.

9:34

25. október 2016 3. bekkur, mættir Margrét Sverris, Ingólfur og Hanna.

9:55

Annaskilin næstu: GÓ leiddi inn umræðuna varðandi áherslubreytingar, sbr. hér að ofan. Áhersla á líðan nemenda og minni áhersla á tölfraeðileg gögn. Nóg til af öðrum gögnum auðvitað. Annaskilspappírar miðstigs kynntir. Kennurum líst vel á.

Fjöldi anna. Enginn áhugi á einhverri jólayfirferð á prófum. En hvað skiptir máli varðandi annaskil? Er efnið frá námsmatsstofnun að stýra? Sammála miðstigi að hitta foreldra jafnvel fyrr. Annaskil marka aðhald. GÓ, formgervingin skiptir kannski mestu varðandi skipulagningu foreldradaga í sveitarfélaginu. Októbermánuður er líklega mjög góður hittingarmánuður eða fyrir fyrsta foreldraviðtal.

Lestrarprófin nýju. Niðurstöður væntanlegar í nóvember. Heimanám.

Námsmatskvarðarnir: GÓ innleiðir. Er fólk jákvætt gagnvart þessu, þ.e. breytingin? Ingólfur segir nýja kerfið eðlilegra. GÓ veltir fyrir sér hvernig foreldrar muni skilja breytinguna. Margrét vísar í góða reynslu í þróunarvinnu á efsta stigi.

Vangaveltur um útfærslu hæfniviðmiða inni á stigum. Það er auðvitað hægt að ofgera sér hér, Hanna nefndi dæmi um mjög grúndigt mat sem hún framkvæmdi einhverju sinni.

Lokapróf að vori, já - í sjálfu sér allt í lagi en það má ekki vera 100% mat. Ekki að einblína á þekkingaratriði, sveinsprófahugmynd. Þ.e. að lokapróf þurfa ekki endilega að vera bara skrifleg. Geta krakkarnir bjargað sér?

10:33

25. október 2016 sér- og stoðkennarar, mættir PÖA, TS, MA, JMÁ, Sp, ALS (HLG á öðrum fundi)

13:43

Annaskilin næstu: GÓ leiðir okkur inn í áherslubreytingar með næstu annaskil, sbr. hér að ofan. Rætt um að skila athugasemdum með góðum fyrirvara til umsjónarkennara. Annaskilspappírar frá miðstigi kynntir. Ágætis sátt með þetta, mætti senda þetta á alla. GÓ segir þessa nálgun á námsmatið sé að mörgu leyti eðlileg. TS tekur undir þetta, að nemendur verði mjög raunsærir í sjálfsmati.

Hvað með niðurröðun foreldradaga og fjölda anna? Aðeins rætt.

Námsmatskvarðar, innleiðing: GÓ leiðir okkur inn í umræðuna, hvort fólk sjái almennt hindranir í nýja námsmatskerfinu. GÓ telur nýja kvarðann raunsannari. SH talar um að einstaklingsnámskráin sé mikið í gangi hjá sér- og stoðkennurum og gengur ágætlega inn í nýtt kerfi. JMÁ tekur undir þetta. En það er töluverð vinna eftir í útfærslu og JMÁ leggur til að sér- og stoðkennarar vinni saman í útfærslu hæfniviðmiðum. ALS telur sig að vera á öðrum stað í nýbúakennslunni, er meira sem stuðningskennari og er stundum í vandræðum að staðsetja nemendur námsmatslega. TS segir ekki að mikið sé við þetta að bæta, þarf framhaldsskólinn að sjá einstaklingsnámskrár stjórnmerktra nemenda? Í takti við lögin. PÖA þrjónar við umræðu TS, spurt um hvernig framhaldsskólar vinna áfram með okkar vinnu eftir að við útskrifum nemendur. MA tekur undir allt sem fram hefur komið, telur nýja kvarða einmitt vera eðlilegri í vinnu með námsmat. PÖA segist þó hafa smá áhyggjur af þessu.

2:17

25. október 2016 7. bekkur, mættir HB, Helena, KHM og SSK

14:20

Næstu annaskil: Áherslubreytingar í sbr. hér að ofan. Öllum líst mjög vel á þessar breytingar. Rætt um fjölda anna. Í samræmi við ofangreint.

Námsmatskvarðarnir: GÓ leiðir okkur hér inn eins og venjulega, eins og hér að ofan. HB talar um að við eigum að kyla á breytinguna. Helena sammála, er almennt að vinna mikið í markmiðum. KHM sýnir gögn frá Auði Páls, mjög frambærilegt. Sigga segir nýja kvarða henta mjög vel sinni kennslu (leikræn tjáning) og nefnir dæmi því til stuðnings.

Lokapróf já eða nei. Meira nei hér. Það þarf ekki sér prófadaga fyrir lokamat.

Rætt um hvort nemandi eigi að halda áfram með markmið eða viðmið þar sem því sleppur þó hann hafi ekki náð því?

14:50

25. október 2016 9. bekkur, mættir KH og SAG

14:55

Annaskil: GÓ leiðir inn umræðuna í samræmi við allt ofangreint. Miðstigsþingir kynntir, lítur vel út, þyrfti kannski að vera öðruvísi form á efsta stigi. Vitnisburður verður ekki afhentur. Kennurum líst ágætlega á. En hvað með fjölda annaskila og foreldradag? Sammála um að aðrir kennarar skili inn athugasemdum til umsjónarkennara í tíma.

Nýir námsmatskvarðar: Svipuð umræða og hér að ofan. Hvað er aðalnámskrá að leggja áherslu á? Hæfniviðmið sem leiðarljós og faglegt frelsi í að ákveða leiðir í að fara ferðalagið, eins sérstöðu.

Báðum líst vel á að taka upp bókstafskvarða almennt. Fá ekki sjokk ef það yrði tilkynnt á morgun.

Lokapróf - spurning um útfærslur. Allskonar rök með og á móti. KH og SAG segjast erfitt að komast að ákveðinni niðurstöðu. SAG segist t.d. vera með munnlegt lokapróf úr ákv. kennslubókum í janúar á skólatíma.

Rætt um annafjölda. Ja, það fer kannski að skipta minna máli þegar námsmatið fer að breytast.

Foreldradagarnir eru meginþema og að þau séu samræmd á milli skóla.

15:40

26. október 2016 4. bekkur, mættir ÓGB, LDS, HÞ, KV og ÁRS.

10:38

Annaskilin næstu: GÓ leiðir okkur inn í umræðuna, sama og hér að ofan. Hugmynd miðstigs um áherslubreytingar rædd. Skjöl miðstigs kynnt og fólki líst vel á. Það er sniðugt að hafa þetta mjög samræmt ef hægt er. Almenn ánægja með áherslubreytingar.

Skil á gögnum á annaskilum kemur síðan inn á umræðu um fjölda anna og setningu foreldradaga. Aðeins farið inn á þennan punkt. HÞ telur ekki sniðugt að flýta foreldraviðtölum en ekki allir einhuga. Ekki bein niðurstaða hér. En hvenær á að afhenda lokamat? Febrúar eða í vorlok? LDS bendir á að það er líka gott að fá eitthvað afhent í foreldraviðtalinu, t.d. til að sýna ömmu og afa osfrv. Væri það hægt í seinna viðtalinu, t.d. að afhenda vitnisburð um hæfni sem er náð?

Námsmatskvarðar, innleiðing: Guðbjartur leiðir inn umræðuna hér. HÞ vill helst halda tölukvörðum í lestri en með nýjum lestrarprófum mun það væntanlega breytast. En þurfum við ekki að taka upp bókstafina? Það þarf að koma hugmyndafræðinni um bókstafina vel til skila til foreldra. Það verður ekkert panik hjá kennurum þó bókstafskvarðarnir verða teknir upp á morgun ef til kæmi.

Dregið saman: Sammála um að annaskilin verði með ofangreindum hætti og að við höldum áfram með innleiðingu nýrra námsmatskvarða.

11:10

26. október 2016 1. bekkur, mættir GMS, HIJ, GT og ÁRS.

12:05

Annaskilin næstu: GÓ leiðir umræðuna að venju sbr. ofangreint. Rætt um fjölda anna en það hentar ekki sérstaklega að hitta foreldra yngstu barnanna fyrr að hausti. Spurning um að hreyfa til foreldradaga eftir stigum? Að öðru leyti er áherslubreytingin núna nánast eins og það sem unnið er með í 1. bekk nú þegar.

Innleiðing nýrra námsmatskvarða: GÓ leiðir inn umræðuna. Enginn fer að fríka út þó bókstafakerfið yrði tekið upp á morgun. En auðvitað tekur það tíma að breyta.

Tungumálið í námsmatsverkefninu í Árborg er mjög þungt, nánast óskiljanlegt. Bent á Sunnulækjarvinnu þar sem hlutirnir voru soðnir eitthvað niður til einföldunar.

GÓ fer betur yfir kvarðana. Bent á að nemendur viti fyrirfram af markmiðum vetrarins þannig að vitað sé t.d. hvað til þurfi til að fá B og að ef nemandi fer fram úr því viðmiði þá fái hann B+ eða A. Rætt aðeins um lestrarviðmiðin.

Dregið saman: Allir sáttir.

12:40

28. október 2016 8. bekkur, mættir RS og GFB (Leifur á öðrum fundi).

8:55

Annaskilin: Áherslubreytingar kynntar og ræddar. 8. bekkurinn er jú búinn að fara í eitt viðtal í haustbyrjun sbr. móttökuáætlun. RS hefur áhyggjur af að foreldraviðtalið verði lengra en venjulega vegna áherslubreytingarinnar. En þetta verður ekkert mál í sjálfu sér. í raun góð breyting.

Námsmatskvarðar: B er hið heilaga grál. RS bendir á að það er allt önnur vinna í náttúrufræði vs. stærðfræði. Rætt um þekkingarfræðileg viðmið og utanbókarlærdóm vs. útfærslu hæfni í náminu. Náttúrufræðin er með mjög mörg pensúm á löngu tímabili og kennslustundir fáar. Menn eru sammála um að nýir námsmatskvarðar sé heilbrigðara kerfi.

Rætt um vorpróf. Skilningur á ólíkum sjónarmiðum hvort sem vorpróf eru til staðar eða ekki.

9:30

28. október 2016 list- og verkgreinakennarar, mættir ÁOG, GBS, GGS, EOA, Oddný, BKB, Halla R. GJS, ÞI.

13:46

Annaskilin næstu: GÓ leiðir inn umræðu um áherslubreytingar. Pappírar frá miðstigi kynntir. GÓ lagði áherslu á að umsagnir um nemenda berist til umsjónarkennara í tíma. Kennarar hvattir til að kalla til sín foreldra. Rætt um ýmis praktísk atriði. Fjöldi anna ræddur. GJS telur tveggja anna kerfi hentugara. ÞI telur rökin fyrir þriggja anna kerfið halda. En svo er auðvitað ljóst að fjöldi anna skiptir ekki höfuðmáli heldur tímasetning foreldraviðtala. Það eru flestir sammála því.

Námsmatskvarðar: GÓ leiðir inn umræðuna. Hugnast kennurum að hafa marga kvarða í gangi? Nei, það eru flestir inn á því að einn kvarði, bókstafskvarðinn, sé notaður. Rætt um hæfnimarkmið og atferlismarkmið. En það eru allskonar veikleikar, t.d. eru hæfniviðmið í textílmennit mjög fá.

14:28

2. nóvember 2016 2. bekkur, mættir IG, HR og KG.

13:23

Annaskilin næstu: GÓ leiðir inn umræðuna. Áherslubreytingar ræddar sbr. hér að ofan. Kennurum líst vel á þetta og eru með sitt eigið sjálfsmatsskjal. List vel á að í fyrsta viðtali sé þetta sjálfsmat í gangi, leiðsagnarmat á næstu önn (bókstafir á þá hæfni sem lokið er) og lokamat að vori.

Námsmatskvarðar: Áhyggjur af mikilli undirbúningsvinnu. GÓ svarar því - reynslan af þessu er sú að við séum að staðsetja nemendur betur við útskrift í 10. bekk. IG segir að það sé erfitt að venja sig við að B þýði að hæfni sé náð. Voru búin að skoða drög á heimasíðu Vallaskóla. Fara ekki á hliðina þó bókstafskvarðar yrðu settir á á morgun.

GÓ leggur áherslu á að skýra þetta út fyrir foreldrum smám saman.

Fjöldi anna, skiptir hann máli? Gott að hitta foreldra en á yngsta stigi er nóvember kannski of snemmt! Eru í miklu sambandi við heimilin fyrir. Kannski býður maður of lengi með að taka upp símann af því að það er stutt í annaskil. GÓ segir að annafjöldi skipti í raun ekki máli því það skiptir mestu máli að staðsetja tímasetningu á foreldradag. Og þarf að stefna öllum í foreldraviðtöl á sama dag.

Hugmynd list- og verkgreinakennara um að færa starfsdag t.d. um viku á undan foreldradegi, flestum finnst það hljóma vel.

GÓ segir næsta foreldradag fara soldið í það að leiða foreldra inn í breytingar á námsmati.

13:58

Þorvaldur H. Gunnarsson aðstoðarskólalastjóri ritaði fundargerð

Fylgiskjal 22. Vallaskóli: Framkvæmdaáætlun

Framkvæmdaáætlun fyrir - Námsmat á mörkum skólastiga

Forsvarsmenn Próunarstjórn og kennarar

Markmið verkefnis og stutt lýsing á því: Samræmd hugsun um námsmat á öllum skólastigum í Árborg					
Afangar / Verkpættir	Verkaskipting	Tímamörk	Viðmið um árangur	Bjargir	Mat / Skil
Nemendavæn markmið	Kennarar	Skólaárið 2016-2017	Nemendur séu betur meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim	Skólanámskrá	Sjálfsmat kennara, gátlisti
Leiðsagnarnám sem byggir á hæfni og þekkingu	Kennarar	Skólaárið 2016-2017	Að nemandinn bætir við sig hæfni og þekkingu og sé tilbúinn að fara á næsta stig.	Leiðseggjandi samtal	Sjálfsmat kennara gátlisti
Fjölbreytt námsmat	Kennarar	Skólaárið 2016-2017	<u>Breyttir</u> starfshættir kennara með fjölbreyttara mati	Bækur, fræðirit og þekking <u>skólasamfélagsins</u>	Sjálfsmat kennara, gátlisti

Fylgiskjal 23. Vallaskóli: Rýnt í skólastarf

Rýnt í skólastarf (Teacher Innovation Exploration Plan)

Hindrun í starfi (problem of practice) - (lýstu eins nákvæmlega og hægt er)



Gamlar lausnir (past solutions)

Hvað hefur verið gert til þessa?	Það sem reyndist vel var?	Það sem reyndist illa var?

Ný lausn (new solution)

Hvað þarf að gera?	Stuðningur sem þú þarft (og frá hverjum?)

Aðgerðaráætlun (e. actionplan)

Verkefni	Röð aðgerða	Lok dags:	Ígrundun

Endurlit (final reflection)

Hvað gekk eftir?	Hvað gekk ekki?
Hvað ætlar þú gera öðruvísi næst?	

Fylgiskjal 24. Vallaskóli: Rannsóknarkennslustund

Rannsóknarkennslustund

Nafn kennara:	
Nafn samstarfsfélaga (gagnrýninn vinur):	
Kennslugrein:	
Dags/vikudagur:	
Kl. upphaf og lok kennslustundar:	Fjöldi nemenda:
Nám nemenda byggir á: Samvinnu? Einstaklingsvinnu? Blöndu af bæði?	
Nafn stuðningsfulltrúi/aðstoðarkennari (ef við á):	

Fyrir kennslustund

Kennarinn útskýrir markmiðið með kennslustundinni og það sem nemendur eiga að tileinka sér (helstu punktar úr samtali á milli samstarfsfélaga). Samstarfsfélagi skráir. Taka skal fram hvernig það tengist kennsluáætlun og markmiðum skólanámskrár?

--

Stofuskipan (teikning - ljósmyndir)

Samstarfsfélagi teiknar eða tekur myndir - hvernig er skipulagið og aðstæður?

--

Í kennslustund

Samstarfsfélagi skráir.

Markmið/það sem fylgjast á með?	Hvað gerir kennarinn? Hvað gera nemendur? Skrá nákvæmlega
1.	
2.	
3.	
4.	
5.	
6.	
7.	

Eigin hugleiðingar samstarfsfélaga:

Samstarfsfélagi skráir á meðan kennslustund stendur.

Atriði til að hafa til hliðsjónar: Námsgögn, framvinda kennslustundar, skipulag kennslustundar, er tíminn vel nýttur, markmið kennslustundar eru skýr, endurgjöf kennara er regluleg og markviss, borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, samkipti/samvinna kennara og nemenda, kennsluaðferðir miðað við námsefni og markmið, notkun upplýsingatækni, kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda, verkefni eru krefjandi, námstíll nemenda, grunnþættir menntunar í kennslustundinni ofl.

--

Eftir kennslustund

Samtal kennara. Samstarfsfélagi skráir.

Að hvaða marki náðust markmiðin?	Hvernig vitum við það?	Hvernig brugðust nemendur við? Virkni osfrv.
1		
2.		
3.		
4.		
5.		
6.		
7.		

Tillögur að úrbótum - úrbótaáætlun

Samtal kennara. Samstarfsfélagi skráir.

Hverju þarf að breyta?	Hvernig?	Hvenær?	Ávinningur fyrir nemendur?

Fylgiskjal 25. Vallaskóli: Samræmt verklag við útfærslu hæfniviðmiða aðalnámskrár og endurskoðun skólanámskár Vallaskóla

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu. (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 65) Verklagið einkennist af opnum huga gagnvart:

- skólanámskrá er lifandi skjal
- skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðuðu námi
- ferilhugsun til langs tíma
- afstæði þekkingar og aðferða
- lausnamiðuðum hugsunarhætti
- nýsköpun
- stöðugri endurskoðun og endurhönnun

Skref 1 af 6

Hvað er hæfniviðmið?

„Á grundvelli hæfniviðmiða velja kennarar og nemendur kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 86)

„Sérhver nemandi þarf strax á unga aldri að búa sig undir að menntun er æviverk. Með því að skilgreina þá hæfni, sem að er stefnt frá upphafi skólagöngu, er lagður grunnur að heildstæðri almennri menntun. **Hæfni** snýr því að nemandanum sjálfum og er **nemendamiðuð útfærsla** á grunnþáttum og áhersluþáttum. Í grunnskóla er hæfni nemenda útfærð innan hvers námssviðs og námsgreinar og sem **hæfniviðmið** í mati við lok grunnskóla. **Grunnskólar útfæra sjálfir hvernig hæfniþáttum eru gerð skil í skólasterfi en vinnulag þarf að skýra í skólanámskrá.** Þekking, leikni og hæfni eru lykilhugtök í aðalnámskrá grunnskóla.

Hugtakið hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Nám í grunnskóla þarf að taka til allra þessara þátta þar sem tekið er mið af aldri og þroska nemenda.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 39)

Hvað á að gera í skrefi 1

- Kennarar (innan stigs eða þvert á stig) koma sér saman um faggrein/ar til að vinna með á einu stigi. Best er að vinna í 2-5 manna teyllum. Markmiðið er vinnulag hugmyndafræði lærdómssamfélagsins, s.s. samvinna, samnýting þekkingar og hugmynda, ásamt því að dreifa álagi.
- Teymið/kennari opnar „google-sheet“ skjal merkt viðkomandi faggrein og aldurstigi í möppunni „Skólanámskrá Vallaskóla“. Þessari möppu er nú þegar deilt með öllum uppeldismenntuðum starfsmönnum skólans í Google Drive.
- Opnið [Aðalnámskrá grunnskóla](#). Skoðið hæfniviðmið, ásamt færniþáttum, verklagi, völdum viðfangsefnum, flokkum eða stigum, viðkomandi námsgreinar við lok hvers aldurstigs. Komið ykkur saman um hvaða hæfniviðmið verði lögð til grundvallar kennslu í hverjum árgangi (sveigjanleiki ríkir innan ramma stigsins).
- Flokkið hæfniviðmiðin (sameinið jafnvel eftir atvikum) og skrifið í skjalið („Skref 1“) eða afritið beint úr aðalnámsskrá. Hér gæti verið gott að vinna að ofan og niður, þ.e. frá 4., 7. eða 10. bekk og niður viðkomandi stig að 1., 5. eða 8. bekk þannig að úr verði einskona hæfnisstigveldi. Það má auðvitað fara hina leiðina ef það hentar betur.
- Berið saman við núverandi útgáfu [Skólanámskrá Vallaskóla](#) og sameinið það sem er nýtilegt þaðan.

Skref 2

Hvað er hæfniprep?

Hæfniviðmið verða nú brotin niður í *hæfniprep*. Hæfniprep er orðfæri Vallaskóla, samnefni fyrir það sem einhverjir myndu kalla atferlismarkmið, undirmarkmið eða þrepamarkmið. Umfram allt er mikilvægt að hæfniprepið sé öllum *skýrt*.

Eins og orðið gefur til kynna þá er hæfniprep ákveðið stig sem nemandinn þarf að ná á leið sinni að hæfniviðmiði eða viðmiðum. Við erum að tala um það sem **nemandinn á að kunna eða geta** eftir að kennarinn hefur kennt honum í ákveðinn tíma/lotu. Hæfniprep eiga þess vegna ekki að lýsa því sem kennarinn gerir heldur því sem nemandinn gerir.

Flokkunarkerfi Blooms um mannlega námshæfileika liggur hér til grundvallar (cognitive/thinking domain, affective/valuing domain, psychomotor/doing or skills domain), eins R. M. Gagné. **Sagnorðin skipta hér öllu við útfærslu hæfniprepanna.** Sjá

nánar [lesefni](#).

Stuðst verður við módel [Robert. F. Magers](#) um gerð atfelismarkmiða.

Hvert hæfniprep skal því vera nemendamiðað og innihalda lýsingu á eftirfarandi (helst í einni setningu): **1. Sýnilega athöfn** (les, syndir, setur saman, hleypur, telur upp, útskýrir, merkir, velur, skrifar, teiknar, mótar, eldar osfrv.), **2. skilyrði eða gögn/stuðningur sem nemandi fær eða ekki** (án hjálpargagna, með skrifjárnri og skrúfu, hamri og sigð, í vinnubókina sína, með hjálp stuðningsfulltrúa, fær til þess vaxliti, fyrir framan bekkjarfélagi, með þráð og tvinna, án þess að nota vasareikni, úr leir og leirofn, samkvæmt leiðbeiningum, osfrv.) og **3. mælikvarða, þ.e. hvort nemandinn hafi náð hæfniprepinu með fullnægjandi hætti eða ekki** (þannig að hluturinn haldist saman, án þess að fara út fyrir línu, 6 atriði af 10 eru rétt, hámark 5 stafsetningarvillur, getur nefnt tvö atriði af fimm utanbókar, osfrv.).

Sjá einnig ágætan [fyrirlestur](#) Hróbjartar Árnasonar lektors á youtube um ofangreint efni (20 mínútur).

Nemandi fær B hafi hann náð viðkomandi hæfniprepi. Árangurinn telst fullnægjandi. Nemandi lýkur hæfniviðmiði þegar öllum hæfniprepum er lokið með viðunandi einkunn, B, B+ eða A. A fær nemandi sem fer fram úr væntingum eða því sem ætlast er til. C eða C+ fá þeir sem hafa náð hæfniviðmiði að hluta. D fá þeir sem ekki hafa náð hæfniviðmiði nema þá að mjög litlu leyti. **Stjörnumerkir nemendur eru metnir út frá sömu kvörðum.**

Hvað á að gera í skrefi 2?

- Teymi/kennari opnar síðuna „Skref 2“ í vinnuskjalinu. Hæfniviðmið skulu nú útfærð nánar sem **hæfniprep**.
- Hæfniprep eru búin til sbr. módelið atferli, aðstæður og mælikvarði.
- Þegar hæfniprepi eða hæfniviðmiði hefur verið náð þá telst því lokið.

Námsgögn

„Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af **skilgreindum hæfniviðmiðum** og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Til námsgagna telst allt það efni sem notað er til að ná markmiðum náms og kennslu. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Sem dæmi um námsgögn má nefna prentað efni, s.s. námsbækur, þemahefti, handbækur og leiðbeiningar af ýmsu tagi, myndefni ýmiss konar, s.s. ljósmyndir, kvikmyndir, fræðslu- og heimildarmyndir, veggspjöld, hljóðefni eins og hljómdiska og stafrænar hljóðskrár, tölvuforrit, efni á Netinu, margmiðlunarefni, efni til verklegar kennslu, útikennslu o.fl. Náttúran og menningarumhverfi skólans er einnig mikilvæg uppspretta náms og þroska.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 49)

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

„Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við **hæfniviðmið** sem stefnt er að hverju sinni. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum ber að taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 48)

Skref 3

Hvað á að gera í skrefi 3?

Rökrétt er að gera grein fyrir vinnu með hæfniprepum í langtímakennsluáætlunum. Hér þarf að gera áætlun til a.m.k. hálfsskólaárs

Skref 4

Hvað á að gera í skrefi 4?

Langtímakennsluáætlun er að öllu jöfnu nánar útfærð í skammtímakennsluáætlun (kennslustund eða kennsluvika). Skammtímaáætlun myndar grunn til að vinna nánar með hugmyndafræðði Lesson Study

Skref 5

Hvað á að gera í skrefi 5?

Samkvæmt rannsóknum (m.a. TALIS 2008 og 2013) vilja kennarar fá endurgjöf á kennslu sína, með markvissum og reglubundnum hætti. Lesson Study er kerfi sem kemur til móts við þessar óskir. Lesson Study er til þess fallin að auka fagmennsku kennara, kerfið bætir flæði þekkingar og hugmynda, bætir kennsluhætti og að lokum eykur kerfið ánægju í starfi.

Skref 6

Hvað á að gera í skrefi 6?

Skólanámskrá Vallaskóla er lifandi skjal og hana þarf að endurskoða á hverju ári.

Þegar skrefavinnu er lokið

- Skólastjórnendur setja upp Skólanámskrá Vallaskóla á heimasíðu skólans sem byggir á skrefavinnu kennara.
- Vinna við skólanámskrá og uppsetning hennar tekur mið af því sem kennarar hafa lokið hverju sinni. Ekki verður beðið eftir að öll fög eða greinar séu tilbúnar.
- Augljóslega mun námsmatsstefna breytast.
- K3

Í skólanámskrá skal m.a. birta upplýsingar um:

- starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi,
- stefnu skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti,
- útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga,
- markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár,
- námsmat skólans og vitnisburðarkerfi,
- innra mat á árangri og gæðum,
- áætlanir um umbætur og þróunarstarf,
- samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun,
- samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun,
- tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska,
- áætlanir um: móttöku nýrra nemenda, áfengis- og fíknivarnir, aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi, öryggis- og slysavarnir, jafnrétti og mannréttindi, viðbrögð við áföllum, agamál.

Mikilvægi upplýsingagjafar/endurgjafar

„Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar þeim að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem lúta að velferð nemenda. Með auknum kynnum foreldra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið aukast líkur á virkri þátttöku foreldra í tengslum við ákvarðanir og ábyrgð. Aukin hlutdeild foreldra stuðlar að bættum námsárangri barna og bættri líðan þeirra. **Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans.** Þetta má gera með ýmsum hætti, t.d. í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningarfundum með foreldrahópum, í skólanámskrá, gegnum rafræn samskiptaforrit og á vefsíðu skólans. Foreldrar skulu upplýsa skólann sem best um hagi barnsins og almennan þroska og greina frá þeim þáttum sem geta haft áhrif á líðan þess og frammistöðu í skólanum.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 72)

Afritið hæfniprepin og límið inn í Mentor-K3 sem námsmarkmið. Þannig geta foreldrar og nemendur fylgst með framvindu námsins og einkunnagjöf. Umsagnir eru gefnar að hausti. Að vetri eru gefnar einkunnir fyrir hæfniprep sem er lokið. Að vori er lokamat skráð.